Sandra Jóhannsdóttir

Sýnir Áströlum hvað einangrun er með ljósmyndum frá Íslandi. Myndirnar sýna samband fólks og náttúru og dramatískt landslag.

34

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. ágúst 2008 — 229. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

NÚNA ER ALLT Í LAGI

Emilíana Torrini um lífið og ástina, óbeit á álverum og lamandi tíu rétta ítölsk matarboð.

HELGIN 12

FYLGIR Í DAG

Samgöngumiðstöðin frestast um sex ár

Skipulagsvinnu vegna samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri er ekki lokið. Gert var ráð fyrir að miðstöðin yrði fullbyggð 2010. Nú er ráðgert að það verði 2016.

SAMGÖNGUR Fyrsti áfangi samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri verður ekki tekinn í gagnið á næsta ári, eins og samgönguráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík ráðgerðu í vor.

Í samkomulagi sem Kristján L. Möller og Ólafur F. Magnússon innsigluðu í lok mars var stefnt að því að taka miðstöðina í notkun fyrir árslok 2009 og að hún yrði fullbyggð 2010. Í sama samkomulagi kom fram að Reykjavíkurborg gerði ráð fyrir að ljúka skipulagsvinnu vegna byggingar miðstöðvarinnar „á næstu 100 dögum“. Þeir hundrað dagar eru liðnir og gott betur.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur hafa flutningar sviðsins og sumarhlé á störfum ráða borgarinnar orsakað tafir verksins. Það mun enn á borðum arkitekta sviðsins .

Eftir því sem næst verður komist er nú stefnt að því að taka fyrsta áfanga samgöngumiðstöðvarinnar í gagnið árið 2010 og að hún verði fullbúin sex árum síðar.

Kristján L. Möller samgönguráðherra upplýsti í síðustu viku að vinna við nýja og stærri flugstöð við Akureyrarflugvöll væri hafin. Þær framkvæmdir eiga að hefjast að ári og vera lokið haustið 2010.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir stækkun flugstöðvarinnar á Akureyri eðlilegt framhald lengingar flugbrautarinnar en furðar sig á að ekki hafi áður tekist að koma flugstöðvarmálum í Reykjavík í viðunandi horf. Hús Flugfélagsins var reist á stríðsárunum og er löngu úr sér gengið. Reykjavíkurborg hefur hafnað óskum félagsins um að fá að byggja á lóð sinni og vísað til þess að flugsækin starfsemi við Reykjavíkurflugvöll eigi að vera í og við samgöngumiðstöðina. Þar til hún er risin geti Flugfélagið ekki boðið farþegum betri aðstöðu en nú er.

- bþs

SKOKKA SÉR TIL SKEMMTUNAR Fjöldi fólks tók þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis í gær, en alls hlupu 10.722 manns í mismunandi vegalengdum. Hinn breski David Kirkland bar sigur úr býtum í maraþonhlaupi karla en samlandi hans, Rozalyn Alexander, kom fyrst í mark í kvennaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LANDSLIÐIÐ STUTT Stuðningsmenn landsliðs Íslands í handknattleik láta ekki sitt eftir liggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrslitaleikurinn við Frakka:

Strákarnir hvattir áfram við risaskjái

ÍÞRÓTTIR Úrslitaleikur Íslendinga og Frakka um Ólympíugullið í handknattleik karla verður víða sýndur í dag. Útsending sjónvarpsins hefst klukkan 7.15 með upphitun fyrir leikinn en leikurinn hefst svo klukkan 7.45.

Leikurinn verður sýndur beint í Vetrargarðinum í Smáralind. Einnig verður hann sýndur á risaskjá í Vodafone-höllinni, að Ásvöllum í Hafnarfirði, í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi og í félagsheimili Þórs á Akureyri. Þá munu Sambíóin sýna leikinn í bíóhúsum sínum í Álfabakka í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi.

Fyrri hugmyndir um að sýna leikinn á risaskjáum á Klambratúni voru slegnar út af borðinu í gær. Að auki verður leikurinn sýndur á fjölmörgum veitinga- og skemmtistöðum um land allt. - ovd

Aldraðir útsöluóðir í Peking:

Tólf slösuðust í innkaupaæði

PEKING Að minnsta kosti tólf slösuðust í innkaupaæði í Peking þegar sérlega lágt verð var boðið á matarolíu og eggjum í verslun einni á fimmtudag. Fjórir voru fluttir á sjúkrahús.

Þeir sem æðið rann á voru flestir ellilífeyrisþegar. Sú elsta sem slasaðist var 81 árs.

Þrír létust í svipuðu útsöluæði í borginni Chongqing í Kína í fyrra. Ríkisstjórn landsins fyrirskipaði þá stórmörkuðum að hafa stjórn á slíkum ofurútsölum. - vsp

VEÐRIÐ Í DAG



FER AÐ RIGNA Í dag verða suðaustan 5-13 m/s hvassast suðvestan til. Úrkomulítið í fyrstu en fer að rigna sunnan og suðvestan til síðar í dag. Hiti 8-15 stig, hlýjast eystra.

VEÐUR 4

Brotist var inn í fjallaskála ferðaklúbbsins 4x4 og allt brotið og bramlað:

Grillað á gólfi fjallaskálans

AFBROT „Vinnuferðin okkar hefur farið í að þrífa og ganga frá eftir einhverja drullusokka,“ segir Magnús Tómasson, gjaldkeri skálanefndar ferðaklúbbs 4x4.

Magnús fór um helgina í vinnuferð í fjallaskála ferðaklúbbsins, sunnan við Hofsjökul ásamt öðrum úr klúbbnum. Þegar komið var að skálanum var búið að brjóta allt og bramla. Bjórflöskur og matarleifar voru á gólfinu og síminn slitinn úr sambandi.

„Engu var stolið en það var búið að skemma margt. Búið var að brjóta rúðu og sparka upp klósetthurðinni. Síðan grilluðu þeir greinilega innandyra á gólfinu. Það má þakka fyrir að þeir kveiktu ekki í húsinu því það var stór brunablettur á gólfinu,“ segir Magnús.

Hann segir líklegast að sníkjudýrin hafi brotist inn á fimmtudagskvöldið þegar mikil rigning var á svæðinu. „Síðan hafa þeir leitað skjóls hjá okkur því þessir leppalúðar þoldu ekki rigninguna eins og sannir Íslendingar.“

Búið er að kæra málið til lögreglu - vsp

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Patrekur, er þetta stórasta stund íslenskrar íþróttasögu?

„Stórara gerist það ekki.“

Íslenska landsliðið í handbolta leikur við Frakka um Ólympíugullið klukkan 7.45 fyrir hádegi í Peking í dag. Patrekur Jóhannesson er fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta.

Nýr stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur segist hafa næga þekkingu í starfið:

Tjáir sig ekki strax um stefnu sína

REYKJAVÍK Guðlaugur G. Sverrisson, nýkjörinn stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segist ekki vilja tjá sig efnislega um stefnu fyrirtækisins að svo stöddu. Hann biður um stundarfrið til að setja sig almennilega inn í málin.

„Ég var auðvitað kallaður til með skömmum fyrirvara og ég vil heyra í borgarstjóra, formanni borgarráðs, forstjóra Orkuveitunnar og stjórninni áður en ég vil fara að tjá mig nokkuð um hvaða stefnu og strauma ég vil hafa í þessu,“ segir hann.

Skipan Guðlaugs í starfið hefur sætt gagnrýni frá fulltrúum minnihlutans í borgarstjórn, meðal annars vegna þess að Guðlaugur hafi enga sérstaka þekkingu á orkumálum. Guðlaugur bendir hins vegar á að hann sé menntaður fjórða stigs vélfræðingur, og hafi þannig þekkingu á öllum tækjabúnaði og hugtökum sem tengjast raforkuvirkjun.

„En lykilatriðið er það sem ég bætti við mig í rekstrar- og viðskiptanámi,“ segir hann. „Þannig að ég er með þá þekkingu líka. Svo kemur bara í ljós hvernig hún nýtist, eins og í lífinu. Aðrir sem hafa tekið við stjórnarformennsku hafa nú ekki þurft að búa við þessa gagnrýni, þannig að ég tek henni létt.“ - sh

NÝR Í BRÚNNI Guðlaugur biður um stundarfrið til að ræða við sína samherja í meirihlutanum. FRÉTTALBAÐIÐ / ARNÞÓR

Leikritið Fló á skinni vinsælt:

Sex þúsund miðar á fyrsta degi

LEIKHÚS Sex þúsund miðar seldust á leikritið Fló á skinni á fyrsta miðasöludegi Borgarleikhússins fyrir komandi leikár á föstudaginn.

„Þetta var besti miðasöludagur í sögu leikhússins,“ segir Sváfnir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Borgarleikhússins. „Aldrei hafa fleiri miðar selst á staka sýningu á einum degi.“

Hann segir miðasöluna í anddyrinu hafa fyllst strax klukkan tíu um morguninn og biðröð hafi verið út á götu allan daginn.

„Viðtökurnar voru það góðar að símkerfið hrundi og það þurfti að endurræsa það til að það kæmist aftur af stað.“ - vsp

Handboltafár í Færeyjum:

Hlé gert á ríkisstjórnarfundi

FÆREYJAR Sannkallað handboltafár er í Færeyjum vegna góðs gengis íslenska karlalandsliðsins í handknattleik á Ólympíuleikunum í Peking. Slíkur er áhuginn að ríkisstjórn Færeyja „Landsstýrið“ gerði hlé á fundi sínum til að fylgjast með leik Íslendinga gegn Spánverjum á föstudaginn.

EIÐUR GUÐNASON

„Fólk í Færeyjum er mjög spennt og vonar að Íslendingum gangi vel,“ segir Helena Dam á Neystabø, dómsmálaráðherra Færeyja. Hún ætlar sjálf að fylgjast með úrslitaleik Íslendinga og Frakka í dag.

„Ég verð greinilega var við mikinn áhuga á þessum leik hérna,“ segir Eiður Guðnason, sendiherra og aðalræðismaður í Færeyjum. Hann ætlar að vera með opið hús í Fútastovu, aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn í Færeyjum. „Ég er búinn að fá stóran sjónvarpsskjá lánaðan og ætla að vera með opið hús frá klukkan hálfníu að færeyskum tíma og sýna leikinn.“ - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Villtir ferðamenn

Tveir erlendir ferðamenn villtust á Fimmvörðuhálsi í gær. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli komust mennirnir í nærliggjandi skála og eru báðir ómeiddir.

Færra á menningarnótt

Nokkru minna var af fólki í miðbænum á menningarnótt í ár en fyrri ár. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur votviðri um að kenna. Mikill fjöldi var þó í bænum og fjölgaði fólki eftir því sem leið á daginn. Að sögn lögreglunnar gekk dagurinn áfallalaust fyrir sig.

Átta látnir við gerð tveggja virkjana

Átta hafa látist við gerð Kárahnjúka- og Hellisheiðarvirkjunar. Á tveimur og hálfu ári hafa sjö erlendir verkamenn látist í vinnuslysum hér á landi. Vinnueftirlitið vill skerpa lög um ábyrgð verkkaupa á öryggi á vinnustað.

SLYS Átta verkamenn hafa látist við gerð tveggja virkjana hér á landi; fimm við Kárahnjúkavirkjun, og framkvæmdir henni tengdar, og þrír við Hellisheiðarvirkjun.

Á tveimur og hálfu ári, frá því um áramótin 2006, hafa 12 menn látist við vinnu sína hér á landi. Þetta er mikil aukning frá því árin þar á undan. Sjö þeirra sem létust voru erlendir verkamenn.

EYJÓLFUR SÆMUNDSSON

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, segir mikið áhyggjuefni að banaslysum útlendinga hafi fjölgað mikið hér á landi. Til fjölmargra aðgerða sé hægt að grípa; Vinnueftirlitið undirbúi herferð til að taka á þessu. Þá megi breyta lögum.

„Við teljum að við stærri framkvæmdir eigi að skerpa á ábyrgð verkkaupa og skyldum til að tryggja samræmingu á öryggismálum þeirra verktaka sem eru að vinna fyrir þá.“

Eyjólfur segir að svo virðist sem eitthvað vanti upp á í samskiptum hjá fyrirtækjum í stórum verkefnum. „Þeir sem hingað koma aðlagast ekki nógu vel þeim öryggiskúltúr sem hér er við lýði. Öryggisreglur þurfa að vera skýrar og það þarf að eyða tíma, fé og fyrirhöfn til að gera útlendingana þátttakendur í þeim.“

Eyjólfur telur að ekki sé lögð nóg áhersla á þetta. „Án þess að bera sakir á einn eða neinn teljum við vanta upp á þennan þátt. Þegar mannskapur er valinn verður að tryggja að samskipti geti átt sér stað á vinnustaðnum,“ segir Eyjólfur.

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Fimm létust við gerð Kárahnjúkavirkjunar. Þrír hafa látist við gerð Hellisheiðarvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir fjölgun erlendra verkamanna á íslenskum vinnumarkaði, sem sprenging hafi orðið á árið 2006, og tungumálaerfiðleika því tengdu rót vandans.

Hann tekur undir að gera þurfi ábyrgðina á öryggisþáttum skýrari. „Það þarf að vera að hluta til í ábyrgð þess sem tekur verkið að sér og fjalla þarf sérstaklega um öryggisþætti í verksamningum. Þetta þarf hins vegar að vinna á breiðum grundvelli og það er ákveðin hætta fólgin í því að setja ábyrgðina á einn aðila,“ segir Sigurður.

Bæði Sigurður og Eyjólfur taka það fram, vegna slyssins við Hellisheiðarvirkjun, að verkkaupinn þar, Orkuveita Reykjavíkur, sé þekktur að því að standa vel að öryggismálum. kolbeinn@frettabladid.is

BANASLYS VIÐ VINNU

2006

Feb.	Íslendingur lést í Reykjavík
Mars	Íslendingur lést við Kárahnjúka
Apríl	Íslendingur lést við Kárahnjúka
Júlí	Frakki lést við Hellisheiðavirkjun
Ágúst	Íslendingur lést í Reykjavík
Nóv.	Króati lést á Fljótsdalsheiði - framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar.

2007

Júní	Portúgali lést við Kárahnjúka
Okt.	Íslendingur lést í Hafnarfirði
Nóv.	Pólverji lést í Hafnarfirði

2008

Júní	Pólverji lést í Hafnarfirði
Ágúst	Tveir Rúmenar látast við Hellisheiðarvirkjun

VIÐ LÖNGUHLÍÐ Sá stutti slapp betur en á horfðist í fyrstu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Keyrt á fimm ára dreng:

Fótbrotnaði en slapp annars vel

SLYS Keyrt var á fimm ára gamlan dreng við Löngulíð á tíunda tímanum í gærkvöldi. Vakthafandi læknir á slysadeild Landspítalans sagði líðan hans eftir atvikum góða og taldi að hann hefði brotnað á hægri fótlegg. Drengurinn var í rannsókn þegar blaðið fór í prentun en talið var að ekkert amaði frekar að drengnum.

Drengurinn var á ferð með móður sinni og voru þau mæðgin að koma af tónleikum á Miklatúni að talið er. Mikið fjölmenni var í nágrenninu og bar fjölda fólks að slysstaðnum. - shá

Þjóðin safnar fyrir HSÍ:

Þrjár safnanir ganga ágætlega

HANDBOLTI Þrjár safnanir standa nú yfir til styrktar Handknattleikssambandi Íslands og ganga allar vel.

Sigurjón Pétursson, varaformaður HSÍ, segir að fyrirtækjasöfnunin hafi skilað tólf milljónum á tveimur síðustu dögum en tölur úr innhringisöfnuninni og það sem lagt hefur verið beint inn á bankareikning sambandsins liggur ekki fyrir.

„Ég er nokkuð viss um að allt í allt sé þetta farið að nálgast á annan tug milljóna,“ segir Sigurjón sem er vongóður um að ríkið og stóru sveitarfélögin komi til móts við sambandið. - shá

Fíklar brjótast inn í hús og hægja sér í görðum, segir íbúi í Grjótaþorpi:

Grjótaþorpið eins og fríríki

LÖGREGLUMÁL „Ég verð bara að bíða fyrir utan alla nóttina með haglabyssu eða einhverja kylfu,“ segir Örn Ægisson, íbúi að Mjóstræti í Grjótaþorpinu. Örn segir fíkniefnaneytendur líta á Grjótaþorpið sem fríríki og ógna öllum frið í hverfinu.

Örn segir að tvisvar sinnum hafi verið brotist inn til sín síðasta hálfan annan mánuðinn og einu sinni brotist inn í bílinn hans. „Það var farið inn hjá mér klukkan þrjú að degi til. Þeir bara rifu upp gluggann,“ segir Örn. „Svo fóru þeir einu sinni inn þegar ég var heima. Ég var bara uppi á lofti að skúra og dyrnar voru opnar.“ Þjófarnir tóku sjónvarp, stafræna myndavél, fartölvu, kíki og nokkuð af peningum.

„Þeir koma drukknir á bílunum sínum og leggja hérna fyrir utan og halda að enginn sjái þá reykja hass og dópa sig inni í bílunum. Þeir halda að þetta sé einhvers konar fríríki,“ segir Örn. „Svo er ég búinn að vera að tína upp nálar og sprautur fyrir utan hjá mér og mannaskít. Þetta er algjör viðbjóður.“

Örn segir lögregluna lítið geta aðhafst, þar sem mennirnir séu fljótir burt. „Lögreglan mætti keyra hérna um oftar,“ segir Örn. „Eða miðborgarverðirnir.“ - sgj

ÖRN ÆGISSON Íbúar í Grjótaþorpi eru orðnir langþreyttir á subbuskap og smáglæpum sem fylgja fíkniefnaneyslu í hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

14. - 31. ágúst

SKÓLADAGAR

Í SMÁRALIND

Smáralind er troðfull af nýjum vörum sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar.

Í Smáralind færðu fatnað, skó, tölvur, skólatöskur, pennaveski, ritföng, bækur og allt annað sem þig vantar til að ganga menntaveginn.

Njóttu Skóladaganna í Smáralind!

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM34982

GENGIÐ 22.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	81,34	81,72
Sterlingspund	151,17	151,91
Evra	120,57	121,25
Dönsk króna	16,160	16,254
Norsk króna	15,189	15,279
Sænsk króna	12,872	12,948
Japanskt jen	0,7437	0,7481
SDR	128,13	128,89

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 157,2593

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fólk streymdi til heimila sinna í Georgíu í gær eftir að hafa flúið þau:

Ósprungnar sprengjur skapa hættu

GEORGÍA, AP Fólk streymdi til heimila sinna í Georgíu í gær eftir að Rússar hófu að draga herlið sitt til baka á föstudaginn. Hjálparsamtök á staðnum segja að tugir þúsunda muni enn þurfa aðstoð við að fá fæðu og skjól, en talið er að um 160 þúsund manns hafi flúið heimili sín eftir að átökin brutust út.

Hundruð bíla komu til borgarinnar Gorí í gær þar sem mestu átökin fóru fram. „Flestir frá Gorí munu geta snúið til heimila sinna. Töluverðar skemmdir hafa orðið í borginni og einhverjir hafa misst heimili sín og eigur, en það eru fáir," segir Ashley Clements hjá hjálparsamtökunum World Vision.

GORÍ Kona liggur lemstruð eftir loftárás á borgina Gorí. Hún getur þó líklega snúið aftur til heimilis síns núna eftir að Rússar hafa hafið að draga herlið sitt til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þeir sem snúa til baka þurfa þó enn að horfast í augu við þá hættu sem stafar af ósprungnum sprengjum og jarðsprengjum," sagði Clements.

World Vision eru ein af fáum pólitískt sjálfstæðum hjálparsamtökum sem starfa í Georgíu, og eru samtökin nú að setja upp svæði fyrir börn sem hafa misst heimili sín. Á þeim svæðum geta börnin lært og leikið sér ásamt því að þeim er hjálpað að takast á við þá reynslu sem þau hafa upplifað.

Átökin í Georgíu hafa staðið yfir í rúmar tvær vikur og nú hafa Rússar tilkynnt að þeir ætli að draga herlið sitt til baka eftir mikinn þrýsting frá Bandaríkjunum og Evrópusambandinu. - vsp

Samfylkingin ályktar:

Ekki verði kvikað frá göngum

SAMGÖNGUMÁL Samfylkingin í Ísafjarðarbæ hefur sent frá sér ályktun um Dýrafjarðargöng í kjölfar umfjöllunar um að Kristján L. Möller samgönguráðherra hafi verið beittur þrýstingi til að fresta framkvæmdum við Dýrafjarðargöng og fara í stað þess í jarðgangagerð milli Ísafjarðar og Súðavíkur.

Í ályktuninni er mikilvægi Dýrafjarðarganga áréttað og er ráðherra hvattur til að láta „úrtöluraddir örfárra aðila ekki hafa áhrif á framkvæmdaröð jarðganga á svæðinu sem þegar hefur verið samþykkt í vegaáætlun". - shá

ÓLYMPÍUSAGA HELDUR ÁFRAM New York Times er eitt virtasta dagblað heims.

Hróður landsliðsins berst víða:

Strákarnir prýða forsíðu NY Times

ÍÞRÓTTIR Íslenska landsliðið í handbolta rataði í New York Times, eitt virtasta dagblað heims, í kjölfar glæsilegs sigurs á Spánverjum í fyrradag. Á forsíðu laugardagsblaðsins er mynd af strákunum að fagna eftir að hafa tryggt sér sæti í úrslitaleik á Ólympíuleikunum í Peking.

„Ísland hefur aldrei unnið gull í ólympíuíþrótt. Ekki einu sinni á vetrarleikunum, þrátt fyrir að heitið á yfirborðinu sem leikið er á sé í nafni landsins," skrifar blaðamaður New York Times. „Handbolti er eins og lacrosse án kylfu eða körfubolti með mörkum í staðinn fyrir körfur," bætir hann við til útskýringar. - sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í sumarbústað

Eldur kviknaði í sumarbústað í Ásgarðslandi aðfaranótt laugardags. Að sögn lögreglunnar á Selfossi gekk greiðlega að slökkva eldinn en miklar skemmdir urðu á bústaðnum.

Farþegi slasast í bílveltu

Farþegi í bíl sem ekið var út af Laugarvatnsvegi í gærmorgun var fluttur með þyrlu til Reykjavíkur eftir að í ljós kom að áverkar hans voru alvarlegir.

Ólæti í Reykjavík

Sex gistu fangageymslur í Reykjavík vegna ölvunar og óláta aðfaranótt laugardags. Að sögn lögreglu var erilsamt á höfuðborgarsvæðinu og nokkuð um ölvun.

Reyndur þingmaður til liðs við Obama

Barack Obama hefur valið 65 ára öldungadeildarþingmanninn Joe Biden sem varaforsetaefni sitt. Biden hefur verið þingmaður í 35 ár og hefur mikla reynslu af utanríkismálum. „Washington hefur ekki breytt honum," segir Obama.

BANDARÍKIN, AP „Joe Biden er sérstök blanda. Í áratugi hefur hann boðað breytingar í Washington, en Washington hefur ekki breytt honum," sagði Barack Obama, forsetaframbjóðandi demókrata í Bandaríkjunum, þegar hann kynnti varaforsetaefni sitt, öldungadeildarþingmanninn Joe Biden í gær.

Hinn 65 ára gamli Biden hefur verið öldungadeildarþingmaður fyrir Delaware-ríki í 35 ár og hefur tvisvar sóst eftir embætti forseta Bandaríkjanna, nú síðast fyrir þessar kosningar. Barack Obama hlaut hins vegar útnefninguna og hefur Biden ákveðið að þiggja boð hans um að ganga til liðs við sig.

Biden er kaþólskur, löglærður og tvígiftur, en fyrri kona hans og nýfædd dóttir létust í bílslysi árið 1972. Hann hefur mikla reynslu af utanríkismálum, en Obama hefur skort traust meðal kjósenda í þeim málaflokki. Biden studdi Íraksstríðið upphaflega, en segir nú að það hafi verið mistök og hefur gagnrýnt George Bush Bandaríkjaforseta harðlega. Biden er einnig mikill baráttumaður gegn kynbundnum launamun og heimilisofbeldi.

Stuðningsmenn Obamas fengu í gærmorgun send smáskilaboð og tölvupóst þar sem tilkynnt var um valið á Joe Biden. Félagarnir komu svo opinberlega fram saman á fundi í bænum Springfield í heimaríki Obamas, Illinois, í gær.

„Joe verður ekki aðeins góður varaforseti, hann verður frábær. Eftir áratuga starf veit ég að hann getur hjálpað mér við að losa okkur við sundrung í Washington, svo að demókratar og repúblikanar geti saman lagt fram stefnu sem virkar fyrir bandarískan almenning," sagði Obama.

Með valinu á Biden lauk tveggja mánaða vangaveltum um hver yrði varaforsetaefni Obamas. Þingmaðurinn Evan Bayh, ríkisstjórarnir Tim Kaine og Kathleen Sebelius og sjálf Hillary Clinton höfðu öll komið til greina.

steindor@frettabladid.is

FÉLAGAR Í BARÁTTUNNI Barack Obama hefur valið Joe Biden sem varaforsetaefni sitt, en þeir börðust áður sín á milli um að verða forsetaframbjóðandi demókrata. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MISJAFN BIDEN

Joe Biden hefur oft komist í hann krappan fyrir óvarleg ummæli. Þegar hann bauð sig fram gegn Barack Obama í forvali demókrata fyrir forsetakosningarnar lýsti hann því yfir að hann teldi Obama „ekki tilbúinn" til að verða forseti. Hann lýsti einnig Obama sem „fyrsta almenna afríkameríska frambjóðandanum sem er vel máli farinn, klár og hreinn og lítur vel út".

Biden kom einnig til greina sem varaforsetaefni fyrir John Kerry þegar hann bauð sig fram gegn George W. Bush fyrir fjórum árum. Biden hafnaði því að verða varaforsetaefni Kerrys og mælti með John McCain, sem býður sig nú fram til forseta fyrir hönd repúblikana. „Ég stend með McCain," sagði Biden í maí 2004. „Ég tel að McCain yrði frábær frambjóðandi til embættis varaforseta."

Sonur Gaddafís:

Hættur afskiptum af pólitík

LÍBÍA, AP Seif al-Islam Gaddafí, sonur Moammars Gaddafís Líbíuleiðtoga, segist hættur afskiptum af stjórnmálum. Margir höfðu talið hann sjálfkrafa verða arftaka föður síns.

Sonurinn vill hraða lýðræðisumbótum í landinu, en gaf engar ástæður fyrir ákvörðun sinni. Á fjölmennum fundi með ungu fólki sagði hann lýðræði ábótavant í arabaríkjum og mannréttindabrot væru algeng.

Moammar Gaddafí segist ekkert ósáttur við þessa ákvörðun sonar síns, sem undanfarin ár hefur haft töluverð afskipti af stjórnmálum í Líbíu. - gb

LILJAN AFHENT Herra Karl Sigurbjörnsson veitti Liljuna í fyrsta sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ /DANÍEL

Kirkjutónlistarfólk verðlaunað:

Liljan veitt í fyrsta sinn

MENNING Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, veitti Liljuna í fyrsta sinn í gær. Liljan er viðurkenning til kirkjutónlistarfólks og er veitt þeim sem þykir hafa skarað fram úr á sínu sviði.

Það voru Haukur Guðlaugsson, Jón Stefánsson og Marteinn Hunger Friðriksson sem hlutu Liljuna í ár fyrir störf sín í þágu kirkjutónlistar.

LEIÐRÉTTING

Ingunn Snædal var rangnefnd í ritdómi Sigurðar Hróarssonar um nýja ljóðabók hennar sem birtist í blaðinu á föstudag.

Innri friður – Innri styrkur

Sjálfsefling – lífstíll til framtíðar
Fyrir nútímakonur á öllum aldri
Þann 16. september hefst
10 vikna námskeiði í Reykjavík
Leiðbeinandi er Bergþóra Reynisdóttir
geðhjúkrunarfræðingur MSc

Nánari upplýsingar á
www.liljan.is og í síma 8636669

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

ÁFRAM VÍÐA VÆTUSAMT

Sú vinnuvika sem framundan er verður almennt vætusöm með auðvitað uppstyttum á milli. Áfram verður þó yfirleitt þurrt norðaustan og austan til. Á miðvikudag verður yfirleitt úrkomulítið á landinu lengst af en síðdegis þann dag fer að rigna sunnan og vestan til.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	19°
Ósló	21°
Stokkhólmur	18°
Gautaborg	18°
London	20°
París	19°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Berlín	16°
Alicante	30°
Mallorca	31°
Basel	23°
Eindhoven	19°
Las Palmas	28°
New York	29°
Orlando	31°
San Francisco	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fljúgðu í gegnum námið með ThinkPad

ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Hún er nett, létt og ótrúlega öflug. Allt að 9 stunda rafhlöðuending, skarpur skjár og vefmyndavél. Góð afköst á frábærum kjörum.

- **Yfirburðatækni**
- **Frábærlega endingargóð**
- **Lág bilanatíðni**
- **Vegur aðeins 2,5-2,9 kg**
- **Innbyggð vefmyndavél**
- **Allt að 9 stunda rafhlöðuending**

Verð frá 109.900 kr.

Mest verðlaunaða fartölva sögunnar!*

Sölustaðir ThinkPad eru: Verslanir Nýherja í Reykjavík og á Akureyri, verslanir Símans, Elko, TRS, Tölvun, Omnis, Tengill, Netheimar, Martölvan, Ráðbarður og Hrannarbúðin.

FALLVÖRN

GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA

LENGRI RAFHLÖÐUENDING

VÖKVAÞOLIÐ OG UPPLÝST LYKLABORÐ

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

NÝHERJI hf. **sími 569 7700** **www.nyherji.is**

Kíktu á ThinkPad.is og skoðaðu úrvalið!

NÝHERJI

*http://news.lenovo.co.uk/news.nsf

ENNEMM / SIA / NM35017

KJÖRKASSINN

Telur þú að Íslendingar verði Ólympíumeistarar í handknattleik karla?

Já	78,4%
Nei	21,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sóttir þú einhvern viðburða menningarnætur?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Talsmaður Heilsuverndarstöðvar ehf. kveðst bíða eftir Reykjavíkurborg:

Segist engan hafa blekkt

REYKJAVÍK Stjórnarformaður Heilsuverndarstöðvarinnar ehf. segir það „algjörlega ósatt og ómaklegt“ að fyrirtækið hafi blekkt borgarráð í viðræðum um húsnæði fyrir vímuefnasjúklinga að Hólavaði.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, harmaði í útvarpsfréttum að fyrirtækið hefði ekki staðið við samkomulag um húsnæðið og útilokaði ekki að gengið yrði til samninga við SÁÁ í staðinn. Það er og vilji Þorleifs Gunnlaugssonar, fulltrúa VG, sem heldur því fram að stöðin hafi blekkt borgarráð.

„Mín yfirlýsing [25. júní] byggðist á yfirlýsingu þáverandi húseigenda [Hagur ehf.]. Ég trúði henni,“ segir stjórnarformaðurinn, Gestur Pétursson. „Og við vorum tilbúnir með þetta áður en húseigandinn fór í þrot, en biðum staðfestingar frá borginni. Þetta hefur því ekki verið neinn blekkingaleikur,“ segir Gestur.

Framtíð samstarfsins sé nú háð borginni. „Við höfum verið að ræða við Byr-sparisjóð um fjármögnun, en það fæst engin niðurstaða í slíkar viðræður um fjárskuldbindingar, nema afstaða borgarinnar sé skýr,“ segir hann.

Því sé beðið ákvörðunar nýs meirihluta. Heilsuverndarstöðin sé tilbúin til samstarfs. **- kóþ**

HEILSUVERNDARSTÖÐIN Stjórnarformaður fyrirtækisins segist hafa trúað því að húsnæðið að Hólavaði yrði til reiðu. Hann bíði nú ákvörðunar borgaryfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Náttúruverndarsamtökin:

Hanna Birna talar háskalega

UMHVERFISMÁL Náttúruverndarsamtök Íslands telja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra tala með „háskalegum skammtímasjónarmiðum“ þegar hún fullyrðir að Bitruvirkjun „renni styrkari stoðum undir samfélagið“.

Þetta gangi þvert gegn niðurstöðum Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif virkjunarinnar. Stofnunin sagði að óvíst væri um áhrif virkjunar á jarðhitaauðlindina.

„Og svo er engan veginn víst að orkan sé þarna,“ segir Árni Finnsson. Verði hafist handa við Bitruvirkjun í ár, gæti hún verið tilbúin árið 2012. **- kóþ**

Þróa svefngreiningarbúnað fyrir börn

Fyrirtækið Nox Medical hefur undanfarin tvö ár þróað búnað til greiningar á svefnvandamálum barna. Um ellefu prósent barna þjást af svefntruflunum sem geta haft slæmar afleiðingar. Framleiðsla á búnaðinum er að hefjast í Kína.

TÆKNI „Varan er á lokastigi þróunar. Framleiðslan er í gangsetningu sem stendur. Við reiknum með að sala á búnaðinum hefjist síðar á þessu ári,“ segir Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri heilbrigðistæknifyrirtækisins Nox Medical.

Sjö starfsmenn fyrirtækisins hafa á síðustu tveimur árum, í samstarfi við sérfræðinga á sviði barnasvefngreininga, þróað tæki og hugbúnað til greiningar á svefnvandamálum meðal barna.

„Svefngreiningar í dag snúast of mikið um fullorðna. Það sem hefðbundin svefngreining gengur út á er að finna kæfisvefn í fólki. Þá eru mældar öndunartruflanir í svefni ásamt fleiru. Það sem við sáum var að svefnvandamál hjá börnum eru mjög algeng líka og afleiðingarnar síst skárri en hjá fullorðnum. Þau geta leitt til hegðunar- og vaxtarvandamála, skertrar námsgetu og einkenna athyglisbrests og ofvirkni,“ segir Sveinbjörn.

Rannsóknir benda til þess að allt að ellefu prósent barna þjáist af svefntruflunum, en kæfisvefn hjá börnum er í flestum tilfellum hægt að meðhöndla á einfaldan hátt, til dæmis með hálskirtlatöku. Þrátt fyrir þetta er eingöngu um eitt prósent svefngreininga í Evrópu framkvæmt á börnum.

„Búnaðurinn sem til var til greiningar hentaði ekki fyrir börn. Hann var fullur af vírum og stór, svo krakkarnir voru útbíaðir í vírum og skynjurum þegar búið var að setja búnaðinn á þau,“ segir Sveinbjörn. Starfsmenn Nox Medical hafa nýtt tækninýjungar síðustu ára, meðal annars á sviði fjarskiptatækni, til að þróa næstu kynslóð svefngreiningarbúnaðar sem er fyrirferðaminni, þráðlaus og sjálfvirkari en sá búnaður sem fyrir er. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 og hefur starfað innan veggja frumkvöðlaseturs Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Framleiðsla á búnaðinum er að hefjast í Kína. Sveinbjörn segir að alls um fjórtán mannár hafi farið í hönnun hans. Vinnan hefur verið fjármögnuð með útgáfu hlutafjár og með styrk frá Tækniþróunarsjóði.

Sveinbjörn segir heimsmarkað fyrir svefngreiningartæki velta um tvö hundruð milljónum dollara á ári, jafnvirði um sextán milljarða króna, og vaxa um fimmtán prósent á ári. Helstu markaðir eru í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

gunnlaugurh@frettabladid.is

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON, SVEINBJÖRN HÖSKULDSSON, HJÖRTUR ARNARSON OG KORMÁKUR HERMANNSSON Allir starfa þeir hjá Nox Medical við að þróa svefngreiningarbúnað fyrir börn. Framleiðsla er að hefjast í Kína og gert er ráð fyrir að hvert tæki muni kosta um sex hundruð þúsund krónur FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SVEFNGREININGARBÚNAÐURINN

Togarinn Gullver frá Seyðisfirði kallaði á Landhelgisgæsluna vegna sprengihættu:

Fengu tundurdufl í trollið

LANDHELGISGÆSLAN Togarinn Gullver NS-12 frá Seyðisfirði fékk gamalt breskt tundurdufl í trollið þegar skipið var við veiðar á Austfjarðamiðum. Duflið hafði ekki látið mikið á sjá eftir rúm 60 ár í sjónum og skipstjórinn hafði því samband við Landhelgisgæsluna, eins og venja stendur til.

Varðskipið Týr kom að skipinu um klukkan sjö í fyrrakvöld með sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar sem var flogið austur. Þeir færðu duflið frá Gullver og yfir í varðskipið.

Varðskipið sigldi með duflið á grunnsævi út af Vöðlavík í Reyðarfirði þar sem því var sökkt. Sprengjusérfræðingarnir köfuðu því næst niður að duflinu og festu við það sprengihleðslu. Var duflið síðan sprengt um klukkan hálftíu. Ekki er vitað hvort duflið var virkt en grunur lék á því. Höfðu skipverjar séð í sprengjuhleðsluna og hvellhettuna þegar duflið var komið upp á dekk.

Þær upplýsingar fengust hjá Gæslunni að þessi aðferð væri ekki algeng en afar örugg. Íslensk skip fá reglulega tundurdufl í veiðarfærin enda var þeim sökkt í sjóinn í seinni heimsstyrjöldinni í þúsunda tali. Duflið sem hér um ræðir var breskt og var því ætlað að granda kafbátum Þjóðverja sem biðu þess að ráðast á skipalestir bandamanna.

- shá

DUFLIÐ Breskt dufl sem ætlað var að granda kafbátum Þjóðverja. MYND/LHG

SÖKKT Duflið var sprengt á um 20 metra dýpi. MYND/LHG

Byrjunarlið Íslands í handbolta kæmist fyrir inni í þessum bíl

Captiva er sérstaklega vel útbúinn **7 manna** sjálfskiptur sportjeppi á frábæru verði

KR. 4.582.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ

Áfram Ísland!

Bílabúð Benna
590 2000 • www.benni.is

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

CAPTIVA Chevrolet Captiva er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél og 5 þrepa sjálfskipting, og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl.
Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

CHEVROLET

GÆÐI OG FRÁBÆRT VERÐ

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða lið unnu Íslendingar í undanúrslitum ÓL í handbolta?*

2 *Hversu margir Íslendingar hafa unnið til verðlauna á ÓL fyrir utan handboltalandsliðið?*

3 *Hvað hét færeyska söngkonan sem söng á menningarnótt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Landsmenn hvattir til að týna birkifræ fyrir Hekluskóga:

Óvenjumikið af birkifræi í ár

SKÓGRÆKT Landsmenn eru hvattir til þess að safna birkifræi og koma því til Hekluskóga.

„Nú eru tilbúin landssvæði sem má sá í beint sem er mun ódýrara en að planta hrískum," segir Hreinn Óskarsson, verkefnisstjóri Hekluskóga og bætir við að óvenju mikið sé af fræi á birkitrjám í ár.

„Sumarið í fyrra var mjög þurrt sem þýðir að birkið myndar mikið af fræjum," segir Hreinn. „Þetta er eitt mesta fræár sem menn muna eftir." Hreinn vill því nota tækifærið í ár og fá almenning til að styðja við verkefnið.

BIRKIFRÆIN MÁ FINNA VÍÐA Það er ódýrara að sá fræjunum en að gróðursetja eitt tré í einu. Birkitrén koma í veg fyrir sandfok.

„Það er hægt að týna fræin og senda þau beint til Hekluskóga en við verðum líka með móttöku við gömlu rafstöð Orkuveitunnar í Elliðaárdal."

Í Reykjavík má víða finna birki og því ekki nauðsynlegt að fara lengra en út í garð.

„Við mælumst til þess að fólk þurrki fræin, hafi þau blotnað, til þess að tryggja að þau komist heil til okkar," segir Hreinn.

„Þótt pokinn sé lítill þá getur hann skipt heilmiklu því að í einu grammi af birkifræjum geta verið allt að þúsund spírandi fræ." Sáð verður frá Hrauneyjum að Gunnarsholti á Rangárvöllum.

- hþj

Ákærður fyrir líkamsárás:

Lét flöskuhögg dynja á manni

DÓMSMÁL Tuttugu og þriggja ára karlmanni hefur verið birt ákæra fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás sem hann framdi á Hverfisgötu í júlí fyrir rúmu ári.

Árásin átti sér stað á horninu við Klapparstíg. Þar sló maðurinn jafnaldra sinn krepptum hnefa í andlitið. Þá sló hann manninn einnig tvisvar sinnum í höfuðið með glerflösku þannig að flaskan brotnaði.

Við aðfarirnar hlaut þolandinn glóðarauga vinstra megin, eymsli yfir kinnbeini og sár aftarlega á höfði vinstra megin. Hann krefst ríflega hálfrar milljónar í skaðabætur.

- sh

VG og Sjálfstæðisflokkur:

Leggja skuli nýja línu í jörð

SKAGAFJÖRÐUR Sveitarstjórnarfulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins í Skagafirði telja ekki annað koma til greina en að leggja nýja háspennulínu yfir héraðið í jörð. Þeir setja einnig spurningarmerki við umfang framkvæmdanna. Samkvæmt tilkynningu telja fulltrúar flokkanna að það að leggja slíkar línur í gegnum blómleg byggðarlög sé tákn um úrelt viðhorf. Eina ásættanlega leiðin sé að leggja línuna í jörðu. Hægt sé að ná tilsettum markmiðum um orkuflutninga og kostnað, ásamt því að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og samfélag, með því að miða við lægri spennu og leggja nýja byggðalínu í jörð.

- kg

Siglingastofnun tekur þátt í framkvæmd að virði rúmlega 120 milljarða króna:

Hanna risahöfn í Ástralíu

SIGLINGAR Siglingastofnun hefur verið falið að vinna að hönnun og uppbyggingu stórskipahafnar á vesturströnd Ástralíu. Í ráðgjafateyminu verða auk íslensku sérfræðinganna ráðgjafar frá JFA Consultants í Ástralíu og HR Wallingford í Bretlandi, en framkvæmdaraðilinn er fyrirtækið Oakajee Port and Rail sem er í eigu japanska fyrirtækisins Mitsubishi og hins ástralska Murchison Metals. Áætlað heildarverðmæti framkvæmdarinnar er um 120 milljarðar íslenskra króna.

Undanfarin ár hefur hönnun íslenskra brimvarnargarða vakið athygli erlendis vegna hagkvæmni og nothæfni við óblíðar aðstæður. Sérfræðingar Siglingastofnunar á hafnasviði hafa áratuga reynslu og hafa verið eftirsóttir til fyrirlestra og samstarfs um hafnargerð í öðrum löndum.

Fullbúnir verða kantar í nýju höfninni fyrir þrjú svokölluð „cape"-skip sem eru um 300 metra löng og þurfa 20 metra dýpi við kant og sex „panamax"-skip sem sem eru um 225 metra löng og þurfa 14,5 metra dýpi við kant. Gert er ráð fyrir að höfnin verði tekin í notkun árið 2012.

- shá

RISAOLÍUSKIP Þetta skip gefur hugmynd um stærð þeirra skipa sem nýja höfnin á að taka á móti. MYND/LHG

Bylgjan næst víðar:

Nýr sendir við Námafjall

FJÖLMIÐLAR Ný sendir Bylgjunnar var nýlega settur upp á Námafjalli við Mývatn. Á sendirinn að gera hlustendum kleift að hlusta á svæðinu í kringum Mývatn og á þjóðvegi eitt til austurs yfir Mývatnsöræfin. Nýi sendirinn hefur tíðnina 97,9 Mhz.

Ætlunin er að setja upp fleiri senda til að tryggja hlustendum góð skilyrði hringinn í kringum landið.

- kg

BANDARÍKIN

Skóladráp í Tennessee

Nemandi við gagnfræðaskóla í Knoxville í Tennessee skaut á fimmtudag 16 ára gamlan skólabróður sinn til bana í mötuneyti skólans. Sá sem skaut var handtekinn skömmu síðar. Engan annan sakaði.

N1 er samstarfsaðili HSÍ um N1 deildina í handbolta.
Deildin hefst í haust og þá heldur gleðin áfram!

WWW.N1.IS

Afsláttur er af dæluverði, alls staðar á landinu, á öllum þjónustustöðvum, N1 laugardag og sunnudag. Önnur tilboð og afslættir gilda ekki á þessum tíma.

N1 - Meira í leiðinni

skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðræður Íslands og Kína um fríverzlun:

Pólitískar hliðarverkanir

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Hu Jintao Kínaforseti „hittust á hliðarlínunni“ á Ólympíuleikunum í Peking á föstudagsmorgun, eins og kínverska ríkisfréttastofan Xinhua orðar það í frétt af fundi þeirra. Haft var eftir Hu að viðræður landanna um tvíhliða fríverzlunarsamning gangi vel. Vonir standi til að hægt verði að leiða þær til lykta fyrr en áætlað hafði verið. Ólafur Ragnar tekur undir þetta í frétt Xinhua og segir Ísland vilja hraða gerð fríverzlunarsamningsins.

Í tilkynningu um fund forsetanna frá skrifstofu forseta Íslands segir, að Ólafur Ragnar hafi sagt samskipti Íslands og Kína vera „sýnidæmi um samskipti smáríkis og stórþjóðar“.

Leiðtogar fjölmennasta ríkis heims hafa á liðnum árum sýnt óvenjulegan áhuga á samskiptum við eitt af fámennustu ríkjum heims hér á þessu eylandi norður við heimskautsbaug. Ein kenningin sem sett hefur verið fram til skýringar á þessum áhuga er að kínversku kommúnistaleiðtogarnir sjái í „norræna módelinu“ nokkurs konar fyrirmynd að því sem þeir hafi metnað til að innleiða í Kína; leið til að samræma „sósíalisma“ og „kapítalisma“. Það snerti líka stolt þeirra minna að reyna að læra af Norðurlöndunum en af hinum stærri fyrrverandi nýlenduherraþjóðum Evrópu, hvað þá Bandaríkjunum.

Það hefur einnig orðið tilefni ýmissa vangaveltna að kínverska kommúnistastjórnin skyldi hafa ákveðið að semja um fríverzlun við Íslendinga, fyrsta vestrænna þjóða. Hafa ber þó í huga að slíkur fríverzlunarsamningur nær aðeins til hluta þeirra mörgu þátta sem varða viðskipti landa í millum á dögum hnattvæðingar. Slíkur hefðbundinn fríverzlunarsamningur nær fyrst og fremst til niðurfellingar tolla af vöruviðskiptum. Það er gott og blessað. Það eru hins vegar aðrir og flóknari þættir sem til lengri tíma litið kunna að skipta meira máli, þættir á borð við vernd hugverkaréttar og fleiri slík lögfræðileg atriði sem er mjög snúið að semja um við ríki þar sem löggjöf á þessum sviðum er enn vanþróuð.

Hinn væntanlegi fríverzlunarsamningur mun ekki ná til slíkra þátta. Fyrirsjáanlegt er að um þá verður ekki samið fyrr en eftir að Evrópusambandið hefur haft forgöngu um slíka samninga. Reyndar hefur það verið reglan hjá EFTA, Fríverzlunarsamtökum Evrópu, að „elta“ fríverzlunarsamninga ESB við þriðju ríki. Samningar Íslands við Kína eru athyglisverð undantekning frá þessu.

Heyrzt hefur að raunveruleg ástæða þess að Kínverjar hafi viljað fara út í að gera slíka samninga við Íslendinga sé sú að þeir álíti í samningunum felast viðurkenningu vestræns lýðræðis- og markaðsbúskaparríkis á því að Kína sé orðið markaðsbúskaparríki. Þar kemur að pólitískt viðkvæmri hlið þessara samninga: Kæra Íslendingar sig um að vera sú þjóð sem hefur forgöngu um það á alþjóðavettvangi að viðurkenna kínverska alþýðulýðveldið sem fullmótað markaðsbúskaparríki? Gerði ríkisstjórn Íslands sér grein fyrir þessari „hliðarverkun“ fríverzlunarsamninganna við Kína þegar ákveðið var að fara út í þá? Er það þetta sem forseti Íslands telur vera „sýnidæmi um samskipti smáríkis og stórþjóðar“?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lokalausn Björns

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur fengið nokkurt lof fyrir að breyta ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun Pauls Ramses. Á bloggi sínu tekur Björn saman skrif Jónasar Kristjánssonar ritstjóra eftir að Ramses var vísað úr landi. Jónas kallaði Hauk Guðmundsson, forstjóra Útlendingastofnunar, „settan fangabúðastjóra“, sem eigi „að leika hlutverk Adolfs Eichmann“. Björn hafi „vafalaust skipað Hauki að ganga fram af mannvonzku í þessu máli sem öðrum“. Björn átelur Jónas fyrir að vísa til nasista í skrifum sínum. „Grípi menn til vopna úr búri nasista verða þeir marklausir í siðlegum, opinberum umræðum,“ skrifar Björn. Jónas hlýtur þó að vera sáttur við lokalausn ráðherrans í máli Ramses.

Heimssýn bossadólgsins

Jónas hefur fyrir löngu skapað sér orðspor sem einn beittasti penni landsins. Á vefsíðu sinni, jonas.is, beinir hann spjótum sínum að félaginu Heimssýn, sem berst gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Heimssýn bauð á dögunum breska Evrópuþingmanninum Nigel Farage til landsins til að ræða um galla Evrópusambandsins.

Jónas skrifar um málið undir fyrirsögninni „Svipuórar bossadólgsins“. Hann segir að Farage sé „bara frægur fyrir að láta hórur lemja sig með svipu“. Hann fái þær til að „taka sig á hné sér og lemja sig á bossann“. Loks híar Jónas á Heimssýnarmenn fyrir að bera virðingu fyrir bossadólginum.

Hvaða lausn?

Enn er deilt um eftirlaunalögin og virðast forystumenn stjórnmálaflokkanna ómögulega geta komið sér saman um niðurstöðu í málinu. „Ég held að allir hafi áhuga á að finna lausn,“ segir Geir Haarde forsætisráðherra. En væri ekki réttast að flokksformennirnir upplýstu þjóðina um stefnu hvers og eins þeirra í málinu? Hver þeirra tefur að eftirlaun ráðamanna verði lækkuð?

steindor@frettabla-

Hvað erum við tilbúin til að láta af hendi?

Eftir Sigrúnu Björk Jakobsdóttur

Ég efast stórlega um að hagsmunum okkar Íslendinga verði best borgið með inngöngu í Evrópusambandið og verð að viðurkenna að ég hef takmarkaðan áhuga á að ganga inní sambandsríkið Evrópu því mér hugnast ekki sú miðstýring og valdaafsal sem aðild felur í sér.

Landhelgi og auðæfi

Málflutningur þeirra sem fylgjandi eru inngöngu og veru Íslands í Evrópusambandinu (ESB) gengur út á það að öll vandamál þjóðarinnar muni leysast við þá ákvörðun og að okkur muni verða borgið til allrar framtíðar. En umræðan er lituð af efnahagsástandi dagsins um þessar mundir. Þegar þessi mál eru skoðuð ofan í kjölinn þá eru það fjölmörg önnur atriði sem þarf að taka tillit til og grundvallarspurningar sem þarf að svara aðrar en þær sem snúa að peningamálastefnu þjóðarinnar.

Það er ljóst að við inngöngu í ESB myndum við ekki halda yfirráðum okkar yfir 200 mílna landhelginni. Erfitt gæti orðið að halda í okkar fríverslunarsamninga við önnur ríki nema undir hatti ESB. Og ennfremur er ljóst að áhrif Íslands með fimm þingmenn yrðu harla lítil með þeim 785 fulltrúum sem sitja á Evrópuþinginu og fer með löggjafar- og framkvæmdavald í öllum ríkjum. Við Íslendingar búum yfir miklum náttúruauðæfum í formi orku, vatns, fiskjar og landbúnaðarafurða sem brýnt er að við stöndum saman um og ráðum yfir sjálf.

Noregur og Sviss

Ég tel mjög mikilvægt að fylgjast með þróun mála í þeim löndum sem hafa kosið að standa utan við sambandið – þá sérstaklega Noregi en þar er núverandi ríkisstjórn ekki með þetta á stefnuskrá sinni og þar skiptist þjóðin í tvennt í afstöðu sinni til ESB – rétt eins og hér á landi. Menn greinir á um hvort við þurfum að hafa áhyggjur af stefnu Norðmanna í þessum málum, hvort það hafi áhrif á Ísland og EES-samninginn og líftíma hans. Ég held að við eigum að fylgjast vel með hvað Norðmenn ætlast fyrir en ég tel að það þurfi ekki að hafa raunveruleg áhrif hér á landi og á gott samstarf okkar við ESB hingað til. Svisslendingar hafa náð tvíhliða samningum við ESB að undangengu miklu og löngu samningaferli, þar hafa þeir kosið að halda sérstöðu sinni þrátt fyrir að vera umluktir ESB og talið hagsmunum sínum betur borgið utan sambandsins en innan. Það er athyglisvert að mínu mati.

Þriggja fasa samband?

Hins vegar er dýrt að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli og við sjáum að þessi gamla og góða króna er langt í frá bundin við íslenskan markað eingöngu. Við höfum ekki vald yfir henni lengur og erum illa varin gangvart ásókn erlendra fjárfesta í hátt vaxtastig. En upptaka evru er ekki e-ð sem gerist á morgun. Ég er hinsvegar nokkuð spennt fyrir hugmynd Björns Bjarnasonar um upptöku evrunnar og ég tel að það ætti að meta kosti og galla þeirrar hugmyndar. Við það myndi peningamálastefnan verða endurskoðuð og við myndum þá tengjast ESB á þrennan hátt í gegnum Schengen, EES-samninginn og með evrusamstarfi. Helstu gallar á upptöku evrunnar eru að ekki verður þá lengur hægt að beita peningamálastjórntækjum í hagstjórninni – ekki væri hægt að bregðast við þenslu með því að hækka vexti. Hagstjórnarvandinn hefur verið annar hér heldur en í Evrópu undanfarin ár, hér höfum við búið við stöðugan uppgang og þenslu meðan í Evrópu hefur vandinn verið aukið atvinnuleysi og lítill hagvöxtur. Í þeim þrengingum sem nú steðja að á Vesturlöndum sjáum við að Seðlabanki Evrópu mun ekki bregðast við svæðisbundnum erfiðleikum þannig að það verður enn erfiðara fyrir einstaka lönd að bregðast við heima fyrir.

Umræðan hefur að undanförnu snúist um allt það sem muni breytast við aðild Íslands að ESB en höfum við velt því nægilega fyrir okkur – þeirri grundvallarspurningu – um hvað ESB vill fá fyrir aðild okkar að sambandinu? Ég tel víst að Ísland muni ekki njóta einhverrar sérmeðferðar líkt og önnur eylönd sem liggja fjærst meginlandinu eins og t.d. Azoreyjar, Kanaríeyjar og fleiri. Landið er eitt af þeim ríkustu í heimi og vel í stakk búið til að leggja sitt af mörkum í erlendri samvinnu. Hvað kostar aðildin? Hvað leggjum við fram og hvað fáum við í staðinn og erum við, þegar öllu er á botninn hvolft, tilbúin til þess að láta það sem krafist er af hendi?

Höfundur er bæjarstjóri á Akureyri.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Blessun bandarísku bílanna

Á umliðnum árum hafa margir bölvað hinum stóru bandarísku pallbílum á landinu, þó eru enn fleiri sem hafa keypt sér slíka bíla. Þessi hluti bílaflotans er ekki eins slæmur og margir halda, í raun felst hér stórkostlegt tækifæri.

Við Íslendingar höfum, frá fyrstu hendi, reynslu af vetnisknúnum almenningsvögnum. Það sem sumum þótti mæla á móti þeim farartækjum var umfang vetnistanksins í vagninum. Hins vegar var því haldið fram að lítið mál væri að breyta dísel eða bensínmótor í vetnismótor.

Hér er tækifærið. Nýlegir bandarískir pallbílar eru oftar en ekki mikil burðardýr, og eins og nafnið gefur til kynna, bjóða upp á prýðilegan pall til að flytja hvað sem er.

Þegar fjölskyldubíll er með eitt til tvö þúsund kílóa burðargetu mætti ætla að engum yrði meint af því að nota stóran hluta pallsins undir eldsneyti bílsins.

Hver og einn bíll sem notar vetni á Íslandi dregur úr viðskiptahalla þjóðarbúsins. Vetnið yrði jú framleitt á Íslandi. Útblástur gróðurhúsalofttegunda myndi einnig dragast saman og ef uppátækið myndi fréttast út fyrir landsteinana fengi það eflaust jákvæða umfjöllun.

Ef til vill á einhver erfitt með að hugsa sér gljábónaðan bílinn sinn sem vetnisbíl, með gráa gufu út úr púströri-nu. Það mætti eflaust leysa með því að setja ljósdíóðu við opið og gera þannig gufuna bláa, græna, rauða eða samlita bílnum.

Þormóður G. Símonarson.

Áhugamaður um umhverfismál.

Óperuhús á Kársnesi?

Nei, það gengur aldrei, sagði bæjarstjóri Kópavogs á aukabæjarstjórnarfundi í júlí. Á fundinum var meirihlutinn að liðka sig í valdníðslunni sem hann stundar gegn íbúum vesturbæjar Kópavogs. Þar var enn einu sinni keyrt í gegn skipulag í andstöðu við íbúana. Hugmyndir íbúa um skipulag svæðisins hafa m.a. verið þær að frekar vildu þeir sjá óperuhús á svæðinu en frekari þéttingu byggðar með blokkum og tilheyrandi aukinni umferð. Og hver skyldu nú rök bæjarstjórans hafa verið fyrir því að ekki væri hægt að staðsetja óperuhús á Kársnesinu? Jú, það var vegna þess að umferðarþunginn yrði svo mikill. Bæjarstjórinn spurði hvort fólk gerði sér ekki grein fyrir hversu mikil umferð fylgdi svoleiðis húsi? Þetta var ákaflega merkileg yfirlýsing. Fylgir því eitthvað minni umferð að reisa húsið þar sem áætlað er, í Hamraborginni? Auðvitað ekki! Hvers eiga íbúarnir þar að gjalda? Umferðin um Hamraborgina er þegar töluverð. Ekki verður séð að neitt svigrúm sé til þess að breikka götur í kring. Hvað er þá til ráða? Jú, lausnin hjá Sjálfstæðisflokknum er að byggja bílastæðahús, eins og það minnki umferð. Ég læðist ekkert meðfram veggjum með þá skoðun mína að ég er andvígur hugmyndum um óperuhús á græna svæðinu milli Salarins og Gerðasafns. Ég hef líka þá skoðun að nóg sé komið af þéttingu gamalgróinna svæða í Kópavogi, s.s. á Kársnesinu.

Helgi Helgason.

Formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi.

Erum að flytja hjólin og allt sem þeim fylgir í Skeifuna 17.

SUZUKI Way of Life!

Rýmingarsala á fatnaði, hjálmum, skóm og fylgihlutum fyrir hjólafólk:

25-29. Ágúst
30-70% afsláttur af þessum vörum.

SUZUKI, Kaplahrauni 1 í Hafnarfirði

Auk þess eru nokkur hjól á frábæru tilboðsverði!
Til dæmis: RMZ 450, kr 690 þús.
(sjá nánar á heimasíðunni okkar, undir mótorhjól).

SUZUKI

SUZUKI UMBOÐIÐ HF • KAPLAHRAUNI 1 • SÍMI 565 1725 • WWW.SUZUKI.IS

Hengillinn
Ævintýri á gönguför

Boðskort

Sunnudaginn 24. ágúst kl. 14:00 opnar Orkuveita Reykjavíkur ljósmyndasýningu Önnu S. Sigurðardóttur og Tryggva Þormóðssonar í Hellisheiðarvirkjun.

Anna og Tryggvi hafa um árabil gengið á Hengilssvæðinu og safnað fjölda mynda úr ferðum sínum. Af því tilefni er þér boðið að vera við opnunina og þiggja kaffi og meðlæti.

Þér er velkomið að mæta á gönguskónum, en ásamt fjölskrúðugum myndum eru lýsingar á helstu gönguleiðum svæðisins.

Núna er allt í lagi

Nýjasta plata söngkonunnar **Emilíönu Torrini,** Me and Armini, er komin út. Af því tilefni ræddi *Anna Margrét Björnsson* við hana á regnvotum haustdegi um lífið í Brighton, óbeit á álverum og lamandi tíu rétta ítölsk matarboð.

Emilíana Torrini er eitt sólskinsbros og færir mér rifsber úr garðinum sínum þegar hún mætir í viðtal. Hún er hrifin af Norðurmýrinni og segist heillast af þessum fallega skemmtigarði sem eitt sinn var kallaður Klambratún sem er nánast tómur allt árið um kring. „Ég er samt orðin algjör Brightonbúi núna," útskýrir hún en undanfarin fimm ár hefur hún átt heimili í þessum líflega breska strandbæ sunnan Lundúna. „Þetta snýst allt um þennan radíus sem maður þarf að skapa í kringum sig. Í Brighton er stærri radíus heldur en í Reykjavík en minni heldur en í London. Þar er allt svo risastórt og svakalega dreift. Ég nennti bara ekki að eyða þremur klukkustundum í lest til að fara á milli staða þegar ég gat setið á kaffihúsi og borðað góða köku í staðinn."

Emilíana segir Brighton hafa upp á heilmikið listalíf að bjóða. „Þar er allt að gerast. Allar hljómsveitir stoppa þar til að spila, og alls kyns hátíðir í gangi allt árið um kring. Brighton er dálítill djammbær, en samt ekki meira en Ísland. Borgin skiptist svona í tvennt hvað djammið varðar, annars vegar er það kjötmarkaðurinn þar sem fólk er að pikka hvort annað upp klukkan þrjú, og hins vegar er það listaliðið. Svona alvöru liðið," segir hún og hlær. Aðspurð hvort það sé nauðsynlegt að búa erlendis ef maður ætlar að ná langt sem tónlistarmaður segir hún það sennilega nytsamlegt í byrjun. „En þetta fer alveg eftir því hvernig manneskja þú ert og hvernig þú vilt höndla þennan tónlistarheim. Ég er persónulega lítið inni í þessum heimi, fer aldrei í partíin og er frekar einangruð í mínum hóp. Ég er stundum skömmuð af vinum mínum fyrir að vera ekki nógu dugleg í þessari „PR"-mennsku þar sem allt gengur út á að mæta í réttu teitin og kynnast rétta fólkinu. En ég á svo rosalega gott fólk í kringum mig og hef kynnst mikilli góðvild." Emilíana segist hins vegar eyða allt of stuttum tíma hérlendis. „Þetta eru svona tvær vikur þrisvar á ári í mesta lagi. Næst á dagskrá hjá mér er að reyna að eyða hálfu árinu heima á Íslandi."

> Fyrst er ég alltaf spurð af hverju ég tali eins og Björk. Þá spurði ég af hverju allir i Þýskalandi tali eins og Derrick..

Bullaði inn á plötu með Thievery Corporation

Emilíana náði miklum vinsældum á Íslandi með fyrstu plötum sínum eins og Merman og Crouçie D'où Là og ég velti fyrir mér hvernig hún endaði sem svona „indí" tónlistardrottning erlendis, með samning við plötufyrirtækið Rough Trade. „ Ég gerði í rauninni ekki neitt. Þetta var bara röð tilviljana, og stundum gerast hlutirnir svoleiðis. En sennilega vakti rödd mín athygli fólks. Svona eins og Derrick Birket hjá One Little Indian sem varð hrifinn af röddinni minni þegar hann heyrði hana og vildi endilega að ég færi að skrifa lög. Það var hins vegar eitthvað sem mér þótti snúið í byrjun. Ég hef alltaf verið að skrifa ljóð og var stútfull af tónlist, en ég hafði alltaf fókuserað svo mikið á röddina. Ég uppgötvaði hana fyrir alvöru þegar ég gerði Crouçie D'où Lu og var í sífellu að gera tilraunir með hana, var með það á heilanum. Ég á sennilega billjón klukkutíma að baki í raddþjálfun frá því að ég var sjö ára," segir hún og hlær. „Ég kynntist lagaskrifum í byrjun á allt annan hátt en ég skrifa í dag. Þetta er allt svona í litlum kössum eins og maður sé að vinna í verksmiðju. Það var alls ekki fyrir mig og ég skrifaði ekki eitt lag á því tímabili. Ég náði engri tengingu við þau vinnubrögð. En með fullri virðingu fyrir fólki sem getur skrifað lög á fimm mínútum þá bara er ég alls ekki í þannig tjáningu." Emilíana segist hafa tekið sín fyrstu raunverulegu skref í laga- og textasmíð þegar hún „bullaði óvænt" inn á plötu með „lounge"-risunum Thievery Corporation. „Við vorum öll í partíi í klúbbnum þeirra í Georgetown og þá var ég að bulla einhverja tónlist með þeim. Þeir fengu mig svo til að fljúga aftur út og taka þetta upp, og þá gerði ég það sama, spann eitthvað upp úr mér. Það form hentar mér langbest við lagasmíðar." Emilíana semur lögin sín ásamt Dan Carey en hann og kona hans eru bestu vinir hennar og hún er guðmóðir barna hans. „Síðast þegar við tókum upp þá

EMILIANA TORRINI Segist stundum skömmuð af vinum sínum fyrir að vera ekki nógu dugleg í „PR"-mennskunni, þar sem allt gengur út á að mæta í réttu teitin. MYND/JON BERGMAN

Saman
náum við ...
SPRON er framsækinn banki sem leggur metnað sinn í að auka veg viðskiptavina sinna.
www.spron.is
ARGUS / 08-0329

keyptum við trukk af mat og víni og höfðum það rosalega kósí. Gulrótin fyrir mig er alltaf að hafa einhvern æðislegan mat og vín að loknum vinnudegi. Ég elska að elda mat og spjalla. En ég vinn þetta í törnum, núna voru þetta fjórir upptökumánuðir, og vinna bæði daga og nætur."

Alltaf spurð af hverju ég tali eins og Björk

Þegar Emilíana er ekki að spila tónlist eða taka hana upp segist hún eyða allt of miklum og leiðinlegum tíma í að fara í viðtöl og myndatökur. „ Ég er ekki mikið fyrir sjónrænu vinnuna. Reyndar finnst mér skemmtilegt að gera myndbönd en að fara i myndatökur finnst mér agalegt. Ég kem mér út úr því oftast og er með sömu myndirnar í mörg ár. Ég lendi oftast í því daginn áður en haldið er í tónleikaferðalög að ég á ekkert til að vera í á sviði og þarf þá að hendast út og kaupa mér kjól. Svo er ég í sama kjólnum næsta hálfa árið," útskýrir hún og skellir upp úr.

„En vinkona mín kom með góðan punkt. Að það sé gott á mig. Að þurfa að gera eitthvað sem mér finnst pínlegt líka, því ég fæ að lifa í tónlist." Viðtöl við Emilíönu erlendis snúast oft um þær spurningar sem allir íslenskir listamenn eru vafalaust orðnir hundleiðir á. „Fyrst spyrja þeir mig alltaf af hverju ég tali eins og Björk. Þá spurði ég af hverju allir í Þýskalandi tali eins og Derrick. Og svo þessar spurningar um álfa og hvort maður sæki innblástur úr íslenskri náttúru. Hvernig svarar maður því eiginlega nema að jú, ætli maður sæki ekki oft í nostalgíuna, þaðan sem maður kemur." En hvað finnst henni um virkjanamál í heimalandinu?

„Ég fæ reyk út úr eyrunum þegar ég hugsa um hvernig þessi mál standa á Íslandi. Ég er svo barnaleg í pólitík. Fyrir mér er allt mjög einfalt. Ég bara skil ekki að land sem á allt, þetta dekraðasta land í heimi fái svona snilldarlegar hugmyndir eins og að byggja álver. Ég trúi þessu varla. Verð kjaftstopp. Ég ber enga virðingu fyrir þessum ósköpum.

Reynt að myrða mann með mat á Ítalíu

Þegar Emilíana fer sjálf út í náttúru Íslands segist hún reyna að forðast of mikið fólk og ferðamenn. „Við frænka mín höfum uppgötvað næturbíltúra. Brunuðum til dæmis í Hvalfjörðinn með Led Zeppelin og Doors í botni og sváfum í laut við fossinn Glym. Ég lifi fyrir svona stundir."

Eins og eftirnafnið gefur til kynna á hún föðurættir að rekja til Ítalíu og sækir landið reglulega heim. „Það er nú samt ekki eins og ég hafi alist upp í draumkenndu Toskanahéraði. Ég er frá Napólí þar sem fólkið er skemmtilega bilað. Allt er fullt af hundum og rusli. Þar ríkir gersamleg óreiða og ég elska það. Þegar það eru partí eru börnin alltaf með og þau sofna á stólunum þegar þau geta ekki meira og fullorðna fólkið heldur áfram að dansa fram á nótt. En ég fæ alltaf smá kvíðakast fyrir Ítalíuferðirnar. Þar er alltaf verið að reyna að myrða mann með mat." Fyrir síðustu Ítalíuferð segist Emilíana hafa grátbeðið föður sinn að skila því til frænknanna að elda „bara pastarétt" af því að eftir síðustu ferð hafi þau legið í hálfgerðu losti í fjóra daga. „Við vorum eins og snákar með úttroðna maga og lágum bara a bakinu í tvo daga á eftir. En viti menn, í næsta boði fór ég inn i eldhús til þess að athuga hvort frænka mín hafi staðið við loforðið. Jú, þarna stóð hún og hrærði í pastanu. Við hámuðum i okkur fulla diska af því. Eftir það kemur hún svo allt í einu með risafat af nautakjöti, og annað af grænmeti, Ég spyr pabba í paník hvaðan þessi matur sé að koma. Við fórum þá á stúfana og sáum að það var leynieldhús á bak við venjulega eldhúsið. Eftir pastaréttinn mikla fylgdi svo kanínuréttur, svo fiskréttur, svo bakkelsi og svo konfekt, og að lokum tvær risastórar tertur. Og auðvitað varð maður að borða þetta allt þar sem þær stóðu yfir mér með sorgarsvip, sögðust hafa eytt öllum deginum í eldamennsku og að ég væri bara skinn og bein. Samt var maður tvöfalt stærri en þær. Þetta er oftast eins og að vera staddur í miðri bíómynd.

Erfiður lærdómur

Á milli platnanna Love in the Time of Science og Fisherman's Woman liðu sex ár en árið 2000 missti Emiliana kærastann sinn í slysi. „Þetta var hræðilegur tími, ég man varla eftir fyrstu tveimur árunum. Á sama tíma fór ég frá One Little Indian. Ég komst í gegnum þetta allt á einhverri maníu. Svo er þetta þannig í bíómyndunum að maður á bara að vera orðinn hress eftir ár, kominn með nýjan kærasta og allt í stakasta lagi. Svona er þetta ekki alveg. Ég hélt að ég gæti komist í gegnum þetta sjálf en að lokum hafði ég algjörlega misst tökin á öllu saman. Ég hreinlega vissi ekki að hve miklu leyti ég hafði brotnað saman, ég var farin að heyra hverju einustu hugsun inni í höfðinu á mér. En að lokum fékk

ég hjálp. Þetta ferli tók alveg átta ár. En er allt í lagi núna? „Já, það er allt í lagi núna. Auðvitað fæ ég enn kökk í hálsinn og tár í augun en maður lærir bara að lifa með þessu. Það er erfiður lærdómur, að uppgötva að maður er dauðlegur og að ástvinir manns geti horfið á svipstundu. Út frá þessu fór ég að hugsa um hver tilgangur lífsins væri. Það sem skiptir mig mestu máli er að maður geri það allra besta sem maður getur á hverju augnabliki. Ef fólk bara byrjaði að hugsa um litlu hlutina, til dæmis bara að hjálpa gamalli konu í húsinu hjá manni að kaupa í matinn eða fara með hana í göngutúr. Til dæmis er maður sem á búð rétt hjá mér: Reglulega kemur maður til hans og bað hann um að fá að skrifa matinn hjá sér eina ferðina enn. Kaupmaðurinn svaraði alltaf: „En þú borgar aldrei reikninginn þinn. Þú lofar alltaf að borga næst." Svo stynur hann og segir: „Þetta er allt í lagi, taktu bara matinn. Og ef fólk sagði við kaupmanninn, hvað er eiginlega að þér, þú veist að þú færð þetta aldrei borgað, þá yppti hann öxlum og sagði, nú og hvað á ég að gera? Sjáðu manninn. Eitthvað verður hann að borða. Þetta myndi nú varla gerast í Hagkaup." Næst á dagskrá hjá Emilíönu eru tvö verkefni, partíplata og teiknimynd. „Mig hefur alltaf langað til að gera brjálaða diskóplötu og svo ætla ég að fara út í myndasögugerð á netinu ásamt vini mínum. Á næsta ári verður svo heilmikið túrað, Frakkland, Þýskaland, Ameríka og Ástralía meðal annars. Og vonandi til Brasilíu, það er fyrirheitna landið." En hvar sér hún sig eftir þrjátíu ár? Mig langar að eiga fjörug ár í ellinni. Mig langar að vera hvíthærð með hrukkur og bumbu og halda áfram að syngja."

FJÖLBREYTTUR FERILL EMILÍÖNU

Plötur :
- 1994 - Spoon
- 1995 - Crouçie D'où Là
- 1996 - Merman
- 1999 - Love in the Time of Science
- 2005 - Fisherman's Woman
- 2008 - Me and Armini

Meðal samstarfsverkna eru:
- 1997 - Is Jesus Your Pal? *(GusGus, Polydistortion)*
- 2002 - Hold Your Hand *(Paul Oakenfold, Bunkka)*
- 2002 - Heaven's Gonna Burn Your Eyes *(Thievery Corporation, The Richest Man in Babylon)*
- 2002 - Until the Morning *(Thievery Corporation, The Richest Man in Babylon)*
- 2002 - Gollum's Song *(The Lord of the Rings: The Two Towers)*
- 2003 - Slow (lagaskrif) *(Kylie Minogue, Body Language)*
- 2003 - Someday (lagasmíð) *(Kylie Minogue, Body Language)*
- 2003 - Soul On Fire (lagasmíð) *(Kylie Minogue, Slow)*



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Við höfum stutt íslenska landsliðið í tæpa hálfa öld.

STRÁKAR, TIL HAMINGJU MEÐ SÖGULEGAN ÁRANGUR.

ÍSLENSKA/SIA IS/ICE 43418 8/08

Icelandair hefur stutt íslenska landsliðið í handbolta í blíðu og stríðu í tæpa hálfa öld. Velgengni liðsins á Ólympíuleikunum í Peking er sögulegt afrek sem seint mun gleymast.

Við sendum liðsmönnum baráttukveðjur og við styðjum þá heils hugar til enn meiri afreka í úrslitaleik Ólympíuleikanna.
Áfram Ísland - alltaf!

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Stúlkurnar hjá slátraranum

Vagn Lundbye er skáld og rithöfundur. Hann hefur búið meðal indíána í Ameríku, inúíta á Grænlandi og ferðast víða um heiminn þar að auki. Nú er hann nýbúinn að gefa út mikið þriggja binda verk sem hann nefnir Det Nordiske Testamente en þar yrkir hann upp alla norrænu goðafræðina eins og hún leggur sig. *Ingunn Ásdísardóttir* ræddi við hann um skáldskapinn.

„Upphaflega átti þetta bara að verða ein bók,“ segir Lundbye „en svo urðu þær þrjár og ég er búinn að vera sex ár að skrifa þær. Forleggjari minn hjá Aschehoug Forlag sem nú heitir reyndar Lindhardt og Ringhof varð heldur skrýtinn á svip þegar ég kom og sagði honum að þetta yrðu þrjú bindi í staðinn fyrir eitt, en hann trúði á verkefnið og hér eru allar bækurnar þrjár komnar. Hann vill jafnvel láta þýða þetta yfir á norsku og íslensku en ég veit ekki hvort það er hægt.

Mér finnst merkilegt að hafa ráðist í þetta stórvirki og spyr hvernig það hafi komið til.

Þetta er nokkuð sem hefur verið að gerjast með mér mjög lengi,“ segir Lundbye. „Ég tel að norrænar þjóðir séu sérstakar og hafi mjög sérstaka sjálfsmynd sem má rekja allt aftur til norrænna goðsagna. Gamla testamentið hefur litla sem enga skírskotun til okkar enda er það orðið til meðal þjóða sem bjuggu við allt annað umhverfi á allan hátt, annað landslag, annað veðurfar, annað mataræði, annan menningarheim, aðra hugmyndafræði. Sköpunarsaga þess höfðar ekki til okkar af því að ræturnar eru aðrar en þær sem við skiljum. Norræna sköpunarsagan er alveg sérstök og öðru vísi en sköpunarsögur alls staðar annars staðar. Hugmyndafræðin er líka önnur, Gamla testamentið boðar að Gyðingar eigi að ráða yfir öðrum mönnum, öllum dýrum og náttúrunni sjálfri. Í norrænni goðafræði renna þessar einingar saman í eina heild. Gamla testamentið boðar undirgefni konunnar og allur boðskapur þess heldur að manni afneitun líkamans. Í norrænni goðafræði er miklu meira jafnræði með konum og körlum og sexúalítet skiptir máli og tekur heilmikið pláss. Konur skipta þar miklu máli og öll guðsímyndin er jafnframt miklu nær mönnunum og vísar til þeirra sjálfra, þeirra guða sem mennirnir búa sér til á hverjum stað og tíma. Þess vegna kalla ég heildarverkið norrænt testamenti.

Norrænir menn eru öðruvísi en aðrir, þeir eiga þessa menningararfleifð sem gefur þeim sérstöðu og annan þankagang. Á hinn bóginn finnst mér Danir nú á dögum láta glóbalíseringuna og bandarísk stjórnmál hafa of mikil áhrif á sig. Danir hefðu aldrei sent herlið til Afganistan eða Íraks nema af því að þeir hlaupa of mikið á eftir þessum svokölluðu stórþjóðum. Þegar þeir sampykktu sjálfstæði Eystrasaltslandanna sýndu þeir sjálfstæði og gerðu það upp á sitt einsdæmi og þá gátu þeir gert slíkt á friðsamlegan hátt og þurftu ekki að fara með ofbeldi og hernaði. Ein ástæðan fyrir því að ég réðst í þetta verk var að mig langar til að styrkja sjálfsmynd þjóðar minnar, gefa henni auðveldan aðgang að arfleifð sinni, svo að hún hafi hana til að byggja á og veita sér styrk.“

Þú beinlínis yrkir upp alla norrænu goðafræðina auk nokkurra fornaldarsagna og fornenskra kvæða, þar með talið alla Bjólfskviðu og gerir úr þessu eina heild. Hvernig byggirðu þetta upp saman? Varla gengur þetta upp í tímaröð?

„Nei, enda reyni ég það ekki nema að litlu leyti. Ég reyni það með norrænu goðafræðina í fyrsta bindinu, eins og margir aðrir hafa gert, byrja á sköpuninni og enda á ragnarökum. Fyrsta bindið heitir Gudernes gang på jorden, og þar geng ég út frá þeirri hugmynd að heimurinn farist ef við snúum ekki við blaðinu, ef við reynum ekki að breyta heiminum og fara að deila auðæfum hans jafnt með okkur. Í seinni bindunum tveimur færist kristnin alltaf nær og nær. Annað bindið nefnist Harniskklædte kæmper og þar tek ég fyrir Völsungasögu, Hrólfs sögu Kraka og fleira og síðasta bindið heitir Mellem Høje Odin og Hvide Krist og í því tek ég fornensku kvæðin allt frá Bjólfskviðu til orrustunnar við Maldon sem var háð undir lok 10. aldar ásamt Norna-Gests þætti sem er ákaflega skýr dæmisaga um hvernig áhrif kristninnar aukast stöðugt. Í lokin er kristnin búin að festa sig í sessi og tími víkinganna líður undir lok, þó að heimurinn farist ekki beinlínis eins og í ragnarökum.

VAGN LUNDBY FRETTABLAÐIÐ/DANÍEL

Öll framvinda verksins og innbyrðis samhengi er í sjálfu sér óháð frumsögnunum því ég tek þær og meðhöndla þær á minn eigin máta. Ég er skáld sem er að yrkja um þetta efni og geri það alfarið á mínum forsendum.“

Ég spyr hvort það sé ekki dálítið annað mál að yrkja um svona fyrirfram gefið efni heldur en eitthvað frá eigin brjósti eins og ljóðskáld gera oftast?

„Það var það svolítið í fyrstu, á meðan ég var að komast af stað, en þetta er líka bara spurning um hvað maður stillir sig inn á. Í þessu verkefni var ég að vinna með þennan efnivið og fljótlega varð það ekkert mál. Á hinn bóginn var ég líka að yrkja þetta sjálfur, enduryrkja þessi kvæði og yrkja þessar sögur í kvæði – ég var ekki að þýða kvæðin eða neitt í þá veru. Ég fer með þetta efni eins og andinn blæs mér í brjóst og bæti inn í sögurnar eða felli úr eða breyti einhverjum atriðum í þeim eftir því sem mér hentar, þó að sögurnar sjálfar séu vitaskuld látnar halda sér í öllum meginatriðum. Grundtvig sagði að þessar sagnir geymdu fjöldamargt sem aðeins væri ýjað óljóst að eða lægi dulið að baki orðanna og margt slíkt reyni ég að draga fram í dagsljósið með því að nota mitt eigið hugarflug og yrkja það inn í þær. Hann sagði líka að „sammenhængen var vigtigere end gloserne,“ það er að segja að samhengið, heildarmyndin, sé oft mikilvægari en að halda sig við nákvæmar staðreyndir, og þegar norræna goðafræðin er annars vegar þá er hvort sem er svo margt sem enginn veit nákvæmlega að ég taldi mér bæði ljúft og skylt að taka mér öll þau skáldaleyfi sem til þurfti til að gera þetta úr garði eins og ég vildi.

> Ég fer með þetta efni eins og andinn blæs mér í brjóst

Grundtvig bjó líka til hugtakið „faderlands kærlighed“ og hann taldi að hinn norræni menningararfur gæti orðið þjóðinni hjálp og styrkur til að finna rætur sínar og byggja upp styrk sinn á ný eftir kreppuna miklu á fyrri hluta 19. aldar. Þarna vil ég leggja mitt lóð á vogarskálarnar af því að mér finnst danska þjóðin vera að týna sjálfri sér og þetta er minn skerfur til þess að vekja fólk til vitundar um fornar rætur sínar og menningararfleifð.“

Nú yrkir þú um þennan efnivið út frá þínu eigin brjósti eins og þú segir og gerir hann þannig að vissu leyti að þínum. Hvers konar bragfræði notarðu og hvers konar málfar? Eða kannski væri nær að spyrja bara: hve nútímaleg eru þessi kvæði?

Lundbye brosir: „Ég yrki þetta undir sama bragarhætti og Bjólfskviða er ort á, það er í hverri línu eru fjögur áhersluatkvæði og tveir stuðlar. Þetta er ágætt dæmi: Det nordiske menneske elsker mjöd. Aftur á móti er ekki ákveðinn atkvæðafjöldi og ekkert rím. En stöku sinnum sleppi ég þessu líka. Þar tók ég mið af aðferð írska skáldsins Seamus Heaney sem endurorti Bjólfskviðu og sagði að stundum yrði efni og innihald mikilvægara forminu. Það var svolítið erfitt framan af að halda sig við þennan bragarhátt en eftir svona tvö til þrjú ár var ég eiginlega farinn að tala í honum dags daglega. Sonur minn gerði stöðugt grín að mér fyrir það.

En það var líka grundvallaratriði fyrir mér að yrkja kvæðin á máli sem allir skildu. Þau eru því öll ort á einföldu, daglegu, dönsku máli sem allir eiga að geta skilið og sem á að vera auðvelt aflestrar. Kvæði er sterkara form en prósi og því vildi ég ekki skrifa sögurnar í lausu máli, ég vildi búa til heim úr kvæðum. Ég vildi hafa ákveðna hrynjandi því hún skapar stemningu og það er líka eðli kvæða að orðin verða sterkari en í lausu máli, það þarf að segja þau skýrar. Þess vegna er kvæðið sterkari miðill en laust mál. Ég nota líka ýmis óhefðbundin, jafnvel ósiðleg orð, þar sem það á við, til dæmis í lýsingum á ástafari, og ljót orð og ofbeldiskennd í lýsingum á orrustum. Efniviðurinn krefst þess. Svo fékk ég stúlkurnar sem vinna í slátrarabúðinni á torginu í Rudkøbing til að hlusta á kvæðin til að athuga hvort þær skildu þetta ekki allt saman. Þetta eru klárar og sniðugar stelpur og komu með margar góðar spurningar, og þær skildu allt sem ég las fyrir þær. Þannig fékk ég vissu fyrir því að málfarið er ekki fyrir ofan skilning almennings og að allir eiga að geta lesið þessi kvæði og haft nokkra skemmtun af sögunum sem þau segja.

Aftur á móti er þetta forn efniviður og fornar sögur og því verður efnið aldrei nútímalegt nema með því móti að það takist að búa það í þann búning að það höfði til nútímamanna og hafi eitthvað að segja þeim. Og það vonast ég til að þessi kvæði geri og veki þannig með fólki aukna vitund um fortíð sína og menningararfleifð og styrki á þann hátt sjálfsmynd þess sem norrænnar þjóðar.“

Að lokum spyr ég Lundbye hvort hann ætli að halda eitthvað áfram á þessum vettvangi eða snúa sér að öðru?

Hann gýtur undirfurðulega á mig augunum og segir: „Ég hef verið beðinn um að gera eitthvað í þessa veruna við Íslendingasögurnar; það verður að koma í ljós hvort eitthvað verður úr því. En ef það verður, þá mun ég ekki gera það á neinn svipaðan hátt og hefur verið gert fram að þessu, ég verð að gera það á minn hátt, sem skáld. Mig langar til dæmis til að skoða konurnar í Íslendingasögunum á nýjan hátt. Það eru þær sem eru vendipunktur flestallra frásagnanna og mig langar til að kanna hvernig það kom til. Hvers vegna sagði Guðrún Ósvífursdóttir Gesti Oddleifssyni drauma sína sem síðan verða burðarás sögunnar? Og Bergþóra sem sagðist ung hafa verið gefin Njáli – hafði hún sjálf ekkert um það að segja? Hvað gerðist þegar hún var ung? Var hún veiklynd ung stúlka sem ekki þorði að mótmæla neinu? Það eru svona atriði sem mig langar til að skoða ef til kemur. Mig langar til að gera þetta fólk að venjulegum manneskjum en ekki bara hetjulegum persónum. Og það er aldrei að vita hvað verður. Þegar ég var tólf ára sagði amma mín við mig: Svo þig langar til að verða skáld. Þú ert af offiséraættum og þú átt að verða offisér. Ég var svo offisér í danska hernum helminginn af mínum fullorðinsárum, en seinni helminginn hef ég verið skáld. Það er því aldrei að vita hvað ég yrki um á mínum skáldatíma.

HÁVAMÁL Á DÖNSKU

Þekkt brot úr kvæðinu sem Vagn hefur umort á dönsku okkar tíma.

Fæ dør, og frænde dør,
selv dør jeg til sidst.
Et ved jeg dog, som aldrig dør:
Ryet efter et redeligt liv.
Ordet samler verden sammen,
som hyrden samler hele hjorden.

Fæ dør, og frænde dør,
selv dør jeg til sidst.
Et ved jeg dog, som aldrig dør:
Dommen over de dødes liv.
Odin tav og sat længe tavs,
stilheden sænked' sig i salen.

ÞÖKKUM ÖLLUM ÞEIM SEM TÓKU ÞÁTT Í 25. REYKJAVÍKURMARAÞONI GLITNIS. ALDREI HAFA FLEIRI TEKIÐ ÞÁTT Í MARAÞONI, HÁLFMARAÞONI OG 10 KM. SAMANLAGÐUR FJÖLDI HLAUPARA SEM LUKU HLAUPI Í 5 VEGALENGDUM VAR...

10.722





5 FYRSTU HLAUPARARNIR Í 10 KM, HÁLFMARAÞONI OG MARAÞONI

10 KM. KVENNA
1. 38:35 Fríða Rún Þórðardóttir
2. 38:55 Arndís Ýr Hafþórsdóttir
3. 40:33 Aníta Hinriksdóttir
4. 40:47 Agnes Kristjánsdóttir
5. 42:42 Hrönn Guðmundsdóttir

HÁLFMARÞON KVENNA
1. 1:23:19 Martha Ernstsdóttir
2. 1:24:55 Jóhanna Skúladóttir Ólafs
3. 1:25:50 Karina Berner DAN
4. 1:29:27 Veronika Sigríður Bjarnardóttir
5. 1:33:06 Margrét Elíasdóttir

MARAÞON KVENNA
1. 3:01:01 Rozalyn Alexander BRE
2. 3:16:50 Audrey Kathleen Wagenaar KAN
3. 3:19:44 Heather Wilson KAN
4. 3:20:11 Björg Árnadóttir
5. 3:24:12 Riikka Kemppainen FIN

10 KM. KARLA
1. 31:44 Kári Steinn Karlsson
2. 33:13 Pantel Pierrot FRA
3. 33:15 Jani Tulppo FIN
4. 34:11 Stefán Guðmundsson
5. 34:21 José Javier Conde Pujana ESP

HÁLFMARAÞON KARLA
1. 1:07:28 John Muriithi Mwaniki KEN
2. 1:13:21 Þorbergur Ingi Jónsson
3. 1:13:28 Paulo Jensen DEN
4. 1:16:02 Alex Celinski POL
5. 1:16:26 Steinn Jóhannsson

MARAÞON KARLA
1. 2:32:52 David Kirkland GBR
2. 2:32:58 Gjermund Sørstad NOR
3. 2:35:38 Krzysztof Bartkiewicz POL
4. 2:39:22 Detlef Ellebrecht DEU
5. 2:39:47 Stoecken, Ronald DEU

5 FYRSTU ÍSLENSKU HLAUPARARNIR

10 KM. KVENNA
1. 38:35 Fríða Rún Þórðardóttir
2. 38:55 Arndís Ýr Hafþórsdóttir
3. 40:33 Aníta Hinriksdóttir
4. 40:47 Agnes Kristjánsdóttir
5. 42:42 Hrönn Guðmundsdóttir

HÁLFMARÞON KVENNA
1. 01:23:19 Martha Ernstsdóttir
2. 01:24:55 Jóhanna Skúladóttir Ólafs
3. 01:29:27 Veronika Sigríður Bjarnardóttir
4. 01:33:06 Margrét Elíasdóttir
5. 01:33:22 Sigurbjörg Eðvarðsdóttir

MARAÞON KVENNA
1. 3:20:11 Björg Árnadóttir
2. 3:28:14 Sigríður Björg Einarsdóttir
3. 3:32:09 Sigrún Kristín Barkardóttir
4. 3:36:47 Björk Sigurðardóttir
5. 3:38:51 Björk Steindórsdóttir

10 KM. KARLA
1. 01:16:26 Steinn Jóhannsson
2. 01:17:15 Valur Þórsson
3. 01:19:18 Sigurður Böðvar Hansen
4. 01:19:57 Birkir Marteinsson
5. 01:22:27 Sigurður Tómas Þórisson

HÁLFMARAÞON KARLA
1. 01:13:21 Þorbergur Ingi Jónsson
2. 01:16:26 Steinn Jóhannsson
3. 01:17:15 Valur Þórsson
4. 01:19:18 Sigurður Böðvar Hansen
5. 01:19:57 Birkir Marteinsson

MARAÞON KARLA
1. 02:46:41 Stefán Viðar Sigtryggsson
2. 02:53:02 Bergþór Ólafsson
3. 02:57:07 Reynir Bjarni Egilsson
4. 02:58:46 Sveinn Ernstsson
5. 03:10:50 Örn Gunnarsson

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
25 ÁRA
23. ÁGÚST 2008

HEILDARÚRSLITIN ERU Á
www.marathon.is

Barilla · asics · SUZUKI · REYKJAVÍKURMARAÞON · GLITNIR · margt smátt · WWW.ICELANDAIR.IS

Menningin blómstrar í miðbæ

Mikið var um að vera í miðbæ Reykjavíkur í gær þrátt fyrir að veðrið hafi ekki leikið við landann. Fjölmenni var í bænum þó að rigning væri og af myndunum að dæma virtist sem fólk hafi notið sín vel. Íbúar í Þingholtum buðu að venju gestum og gangandi inn til sín í vöfflur og kaffi og á meðal þeirra var Dagur B. Eggertsson, fyrrverandi borgarstjóri.

GÖTUSÝNING Tískusýningar voru haldnar víða um bæ. Hér sýna fyrirsætur hönnun Særósar Mistar.

HEIMABAKSTUR Dagur B. Eggertsson bauð gestum og gangandi inn í vöfflur. Hann sagðist hafa fætt þúsund manns.

YLJAR SÉR Gott var að geta yljað sér aðeins í kuldanum. Heldur kaldara var á menningarnótt þetta árið en oft áður og listviðburðir innanhúss voru sérlega vinsælir.

10 KÍLÓMETRUNUM NÁÐ Aníta Hinriksdóttir varð í þriðja sæti í 10 kílómetra hlaupi kvenna. Ef mið er tekið af ungum aldri er greinilegt að hér er upprennandi hlaupakona á ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Fjöldi fólks lagði leið sína í miðbæinn í gær þrátt fyrir veðrið.

VATNSLISTAVERK Fjöldamargar þvottavélar á Skólavörðuholtinu mynduðu skemmtilegt listaverk.

10.722 TÓKU ÞÁTT Í MARAÞONINU Hlaupið var í fimm vegalengdum í Reykjavíkurmaraþoninu í gær. Eflaust þótti mörgum gott að taka því bara rólega eftir að komið var í mark.

VEKUR ATHYGLI Þessi maður stóð í Bankastrætinu og vakti athygli á flóamarkaði sem haldinn var í gær.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

ágúst 2008

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

Kál í hvers kyns rétti

Sigrún Hjálmtýsdóttir

Ævintýri að fara út í skóg og tína sveppi

Tínt í matinn

Bláberjabaka, sultutau og Síbería í eftirrétt

Uppskera

Náttúruafurðirnar nýttar í sumarlok

Á MARKAÐNUM Í MOSSKÓGUM RADÍSUR SKYNDILEGA SÝNILEGAR
GIRNILEGT BRAUÐ ÚR BYGGI NÝUPPTEKNAR GULRÆTUR Í NESTISBOXIÐ

SIGUR SÁÐMANNSINS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Haustið er komið. Uppskerutíð. Upp um holt og hæðir, ofan í frjórri grund og grænum beðum, má sjá glampa eftirvæntingar og uppskeruþrá í grænum höndum sem fálma og róta í ákafri leit að gjöfum náttúru í skiptum fyrir fræ og sprota sáðmannsins í vor. Tími ferskleikans er allsráðandi; hvort sem það er fyrir augum eða í pottum, pönnum, ofnum og skálum hins frjósama eldhúss Íslands. Með uppskerunni fylgja sterkir litir, skerpa í formi og unaðsleg angan af lífi, mold og hreinum, ómenguðum bragðgæðum sem vekja og örva sköpunargleði og hugmyndaflug.

Lífið er nefnilega gott meira en gulrót, þegar kemur að girnilegri uppskeru, og þótt heilnæmt fæði og hollur lífsstíll sé á flestra vörum nú til dags, er enginn að tala um takmörkun við hrátt sellerí og undið hvítkál á matmálstímum. Eftir vellystingar sumars og ófáar stundir við grillaða sykurpúða og kókosbollur í áli er beinlínis dásemd að fara í dálitla naflaskoðun á eigin lífsstíl, kynnast lífrænni matartegundum, og auka hluta grænmetis og ávaxta á matardisknum, því úrval uppskerubænda eykst ár frá ári og tært sælkeralíf að útbúa heilsurétti úr íslenskri jörð.

Þegar haustar enn meir, harðnar á dalnum og mesti glans og ferskleiki uppskerunnar er á undanhaldi er skynsamlegt að sýna fyrirhyggju og sulta, súrsa, frysta og niðursjóða grænmeti í öllum sínum fjölbreytileika bragðs, litadýrðar og upplifunar. Þar er hægt um vik, því margar af okkar mætustu vinaþjóðum, sem syni og dætur eiga á Íslandi, hafa aldalanga reynslu í slíkum kosti og láta örugglega af hendi gómsætar uppskriftir og aðferðafræði sem íslenska þjóðin getur hleypt inn í eigið eldhús til að auðga og njóta í matargerð þegar mesti ferskleikinn er úr uppskerunni.

Þangað til skulum við brillera með skræpótta litapallettu uppskerunnar og leyfa sköpunarkraftinum að fá útrás á striga hins óétna; baka dísætar bláberjabökur, fitandi ávaxtagrauta, úttútnaða kartöflurétti með rjómaostum og furðukáli, gulrótasúpur og hnúðkálssnúða, eða hvaðeina sem magamálið þráir.

Njótum þess að vera heilnæm og hamingjusöm!

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

E Eftirréttur · M Meðlæti · Kökur · Hollt · Hvunndags · Til hátíðabrigða · Hvunndags og til hátíðabrigða

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir, Roald Eyvindsson og Hrefna Sigurjónsdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** NordicPhotos/Getty Images **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Klara Kristín Arndal,María Þóra Þorgeirsdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones *spj@frettabladid.is*

Sigrún tínir aðallega sveppi í Heiðmörk en segir mikilvægt að kynna sér margar tegundir vel áður en haldið er af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÆVINTÝRI LÍKAST

Sigrún Hjálmtýsdóttir nýtur þess að fara út í skóg og tína sveppi. Henni finnst auk þess gaman að matreiða úr hráefninu enda eru sveppir þeim eiginleika gæddir að sjúga það bragð sem óskað er eftir vandlega í sig.

Hollt og gott!

Söngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir hefur ávallt verið mikið fyrir sveppi og tínt þá bæði hér heima og erlendis. „Mér finnst gaman að borða sveppi. Þeir sjúga vel í sig og geyma bragðið sem maður vill fá. Eins er ákveðinn ævintýraljómi yfir því að fara út í skóg og tína sveppi.“

Með aukinni trjárækt hefur villtum sveppum fjölgað hér á landi og tínir Sigrún þá einna helst í Heiðmörk. „Þeir vaxa gjarnan í kringum furu- og harðviðartré en nauðsynlegt er að kynna sér tegundirnar vel áður en farið er af stað því ekki er alltaf sjáanlegur munur á þeim sveppum sem má borða og þeim sem eru eitraðir. Það er því ákveðin kúnst að tína sveppi og sveppur er ekki alltaf það sama og sveppur,“ segir Sigrún og hlær.

Fyrir þá sem ekki treysta sér til að tína sveppi segir Sigrún fremur gott úrval af þeim í mörgum af stórmörkuðum landsins. „Ég kaupi gjarnan sveppi sem ég veit að sjúga vel í sig en svo er líka gaman að kaupa aðra sem eru skrítnir í útliti, bara svona upp á lúkkið,“ segir Sigrún og lætur lesendum í té ljúffenga rísottó-uppskrift með blönduðum sveppum.

- ve

RÍSOTTÓ MEÐ BLÖNDUÐUM SVEPPUM

Forréttur fyrir 8-10 manns

2 rauðlaukar
10 hvítlauksrif
5 litlar gulrætur
1 lítill púrrulaukur
biti af selleríróT
olía
5 dl Arborío grjón
1 l sveppasoð (sveppakraftur + vatn)
2 glös hvítvín (matarvín)
250 gr blandaðir sveppir
smjör
salt eftir smekk
parmesan ostur bæði fínt rifinn og rifinn i flögur

Laukarnir og rótargrænmetið er skorið smátt og steikt við vægan hita. Hvítlauksrifin sprengd (ekki pressuð) og látin malla með. Þá er grjónunum blandað saman við og þau böðuð upp úr grænmetinu og olíunni.

Á annarri pönnu er smjörið brætt og olíu blandað saman við svo smjörið brenni ekki. Skornir sveppirnir settir út í og látnir malla þar til vökvinn úr þeim er uppurinn. Þá er þeim blandað saman við grjónin og grænmetið.

Sveppasoðinu og hvítvíninu er bætt út í í smá skömmtum og vökvinn alltaf látinn gufa upp á milli. Rétturinn er tilbúinn þegar allur vökvi er uppgufaður. Hræra vel, en varlega.

Ef grjónin eru of þurr má bæta olíu eða vökva (hvítvíni) við. Skreytt með steiktum sveppasneiðum og parmesanflögum. Fínrifinn osturinn er svo notaður með að ósk hvers og eins.

MATREIÐSLUBÓKIN

Uppskriftir í uppskeru

Á uppskerutímanum er nauðsynlegt að hafa við höndina matreiðslubók sem hefur að geyma upplýsingar um og uppskriftir úr kartöflum.



Í bókinni Blálandsdrottningin sem gefin er út af Sölku er rakin saga kartöflunnar á Íslandi með áherslu á upphaf kartöfluræktar. Höfundurinn, Hildur Hákonardóttir, ferðaðist frá Eyrarbakka til Perú til að kynna sér hvernig fólk þróaði ræktunaraðferðir og hvaða tegundir kartöflu henta best í mismunandi umhverfi.

Ásamt þessum fróðleik má í bókinni finna ýmsar uppskriftir af margskonar kartöfluréttum alls staðar að úr heiminum. Þá má bæði finna nýrri og mun eldri uppskriftir af innlendum sem erlendum réttum.

VERSLUN SÆLKERANS

Markaðurinn Mosskógum

Á markaðnum í Mosskógum í Mosfellsdal, sem er opinn alla laugardaga frá júlí og fram í miðjan september, má finna mikið úrval af fersku grænmeti og sælkeravöru.

Jón Jóhannsson ræktar grænmetið á staðnum en auk þess er þar að finna uppskeru frá bændum í nágrenninu. Á boðstólum eru paprikur, gulrætur, kartöflur, svartkál, grænkál, brokkolí og ýmiss konar salat. Eins er boðið upp á frosinn rabarbara, lífrænt ræktað krydd og ferskan og reyktan silung. Þá eru á boðstólum nokkrar tegundir af heimagerðu pestói, chutney og sultu frá hinum ýmsu aðilum.

Markaðurinn er opinn frá tólf til fjögur og er gjarnan margt um manninn. Hægt er að fá sér sæti með kaffibolla og hleypa börnunum út á tún. Að sögn Birtu Jóhannesdóttur kryddræktanda una margir sér markaðnum daglangt.

NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA

BORDAPANTANIR Í
SÍMA +354 595 8545

Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama
restaurant

Brauðristar-gæðaeftirlit

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍLÍS • SÍA

» Framleiðendur bresku Rowlett brauðristanna hafa aldrei verið sammála því að brauðristar eigi að vera ódýrar, ónákvæmar og ónýtar alltof snemma. Þær hafa verið handsmíðaðar í 60 ár og hvert einasta tæki er prófað áður en það fer úr húsi. Það hlýtur að vera öfundsvert starf að sjá um gæðaeftirlitið með öllu þessu ristaða brauði.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

1

2

1. Radísur eru fljótar að vaxa og er nafn þeirra tilkomið vegna þess. 2. Radísur eru meðal annars ríkar af C-vítamíni, fólínsýru og kalíum. 3. Rótin er yfirleitt notuð í salöt en einnig er hægt að nota efsta part plöntunnar sem blaðgrænmeti.

3

HRÁEFNIÐ: **Radísa**

Skyndilega sýnileg

Radísa er ætileg rót plöntu sem ræktuð hefur verið í Evrópu frá því fyrir tíð Rómaveldis. Nafnið kemur frá gríska orðinu „raphanus“ og þýðir „skyndilega sýnileg“. Nafnið kemur til af því að plantan er einstaklega fljót að vaxa og dafna.

Algengasta tegund radísa á Íslandi er vorradísan, eða Evrópuradísan eins og hún er stundum kölluð. Hún lifir best í svölu veðri, er smágerð og verður fullvaxta á þremur til fjórum vikum.

Radísur innihalda mikið magn C-vítamíns, fólínsýru og kalíums. Þær eru jafnframt góð uppspretta B6-vítamíns, magnesíums og kopars. Rótin er því holl og kaloríusnauð fylling en einn bolli af radísum inniheldur aðeins um 20 kílókaloríur.

Vinsælast er að setja rótina í salöt en öll plantan er þó ætileg og efsti parturinn getur verið notaður sem blaðgrænmeti. Rótin er yfirleitt borðuð hrá en harðari tegundir er hægt að sjóða. Til að gera radísurnar stökkari er gott að láta þær liggja í ísköldu vatni í einn til tvo tíma.

Radísur hafa lengi verið notaðar í lækningaskyni og eiga þær að geta hjálpað til við hósta, maga-, lifrar- og gallblöðruvandamál, hægðatregðu og liðagigt. - mþþ

NESTISVERTÍÐ FORELDRA HAFIN

Nú er skólastarf að hefjast í grunnskólum landsins og nestisvertíð foreldranna gengin í garð.

Hvað barnið á hafa með sér í nesti getur vafist fyrir foreldrum, en það þarf ekki að vera flókið. Umfram allt þarf nestið að vera hollt og fjölbreytt. Grænmeti á borð við nýuppteknar gulrætur og rófur, papriku eða gúrkur skorið niður í strimla og pakkað inn í filmuplast er tilvalið meðlæti með lítilli samloku. Harðsoðið egg er oft vinsælt í nestisboxið, svo og upprúllaðar ost- og skinkusneiðar, rúsínur eða aðrir þurrkaðir ávextir. Epli skorin í sneiðar, appelsína sneidd í báta eða ananas skorinn í bita. Möguleikarnir eru endalausir.

Oft er skemmtilegra að hafa mikið af litlum skömmtum í nestisboxinu, heldur en eitthvað eitt stórt. Börnin fá síður leiða á nestinu ef úrvalið er mikið. Kjörið er að sleppa hugmyndafluginu lausu og byrja að sneiða, skera, rúlla, flysja og smyrja. Handavinna nestisvertíðarinnar á ekki að vera kvöð heldur tími hollra hugmynda. Góða skemmtun! - kka

Tilvalið er að nota ferska ávexti og grænmeti í nestisboxið.

Filippo Berio Extra Virgin ólífuolía

Einfaldlega feti framar

FILIPPO BERIO®

Ein sinnar tegundar í heiminum

HEILBRIGT HJARTA

Fyrir nánari upplýsingar um hollustu olífuolíu, ráðfærið ykkur við lækni eða næringarfræðing

Í berjamó

ÁRVISS ÁBÆTIR

Síbería er frauðkennd blanda af skyri, mjólk og sykri með berjum inn á milli og ofan á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síbería gleður alltaf gestina

Neminn Ásdís Ólafsdóttir kann uppskrift að fljótlegum berjaeftirrétti sem hún reynir að nota við hvert tækifæri.

Ég kynntist þessum eftirrétti í gegnum pabba minn sem ólst í rauninni upp á vestfirskum aðalbláberjum í eftirrétt þegar hann var barn," segir Ásdís brosandi og bætir við að nafn réttarins sé einnig hugarsmíð hans. „Nafn réttarins er Síbería eins og svæðið í Rússlandi vegna þess að það eru alltaf til ber í réttinn. Það eru ber sí og æ og allt árið um kring, bæði frosin og fersk."

Ásdís segir að vinum hennar finnist gaman að elda hvort fyrir annað og hún sé iðulega beðin um að koma með Síberíu í eftirrétt. „Rétturinn er mjög vinsæll hvert sem ég fer enda er hann bæði fljótlegur og nokkuð hollur."

„Í sumar hef ég aðeins verið að þróa Síberíu með Mattheu vinkonu minni, sem hefur mjög gaman af því að dunda sér í eldhúsinu," segir Ásdís og útskýrir að sú þróun hafi aðallega falist í því að prófa hinar ýmsu berjategundir. - mmf

Ásdís Ólafsdóttir segir Síberíu vinsæla hvert sem hún kemur með hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SÍBERÍA

Fyrir sex manns

500 g venjulegt ósykrað skyr eða vanilluskyr
1/2 l mjólk
200 g ber af hvaða tagi sem er
Sykur

Skyrinu og mjólkinni er blandað saman og sykrað eftir smekk. Þá er þessu þeytt saman í fimm mínútur á háum styrk þar til blandan verður létt og frauðkennd. Eftir það er skálinni stungið í frysti til að blandan verði ísköld en þó ekki frosin.

Þá eru berin tekin og hituð í potti þannig að sum berjanna springi en önnur ekki. Berin eru svo líka sykruð eftir smekk.

Kaldri skyrblöndunni er þá hellt í glas og fyllt til hálfs. Örlitlu af heitu berjunum er hellt yfir áður en sett er meira af skyrblöndunni til að fylla næstum upp í glasið sem svo er fyllt af heitum berjum á toppnum.

Ef vill má setja ofan á þetta smávegis af þeyttum rjóma og skreyta með berjum efst.

Heimagerðarsultur í árdegiskaffinu

Sú hefð hefur skapast á vinnustað Hildar Júlíusdóttur að hafa heimagerðar sultur á borðum í tíu-kaffinu. Hún er því fjölfróð um sultugerð.

Samstarfskonur mínar hafa mikinn áhuga á sultugerð og sá áhugi er bráðsmitandi," segir Hildur Júlíusdóttir. Hún hefur unnið í fimmtán ár á litningarannsóknadeild Landspítalans þar sem ávallt er sest niður um tíuleytið til að gæða sér á hrökkbrauði, ostum og heimagerðum sultum. „Við leggjum til sulturnar en erum saman með sjóð sem við notum til að kaupa kexið og ostana. Þetta kryddar tilveruna," segir hún brosandi.

Hildur hefur meðal annars gert marmelaði úr gulrótum og sítrónum. „Það var tilraun sem heppnaðist vel," segir hún. „Ég var að fara í ferðalag og sá að gulræturnar myndu ekki ná að bíða eftir mér svo ég skellti þeim í pott ásamt fleiru og úr varð voða gott marmelaði."

Þessa uppskrift lætur Hildur okkur í té ásamt eftirlætisuppskrift að bláberjasultu. Hvort tveggja „mjög einfalt að gerð," að hennar sögn. - gun

Hildur gerir ótrauð ýmsar tilraunir í sultugerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GÓMSÆTAR SULTUR HILDAR

GULRÓTA- OG SÍTRÓNUMARMELAÐI

700 g gulrætur, rifnar
4 sítrónur (safi og rifinn börkur)
400 g sykur
3 dl vatn
2 tsk blátt melatín - blandað í 1 msk sykur

Gulrætur, sítrónubörkur, safi úr sítrónum, sykur og vatn sett í pott og hitað við vægan hita í 1 klst. Þá er melatín/sykurblandan sett í pottinn og hrært í á meðan soðið er áfram í eina mínútu. Þá er allt tilbúið til að setja í krukkur.

(Mér dettur reyndar í hug að gott væri að nota gulrótar/appelsínu/sítrónusafa frá Chiquita í staðinn fyrir vatnið, hef ekki prófað það.)

BLÁBERJASULTA

2 kg bláber
800 g sykur
1 msk. blátt melatín - blandað í 1 msk sykur

Bláber skoluð og látið renna vel af þeim. Þau eru sett í pott ásamt sykri og soðið við vægan hita í 20 – 30 mínútur. Gott er að merja bláberin létt með kartöflustappara meðan á suðu stendur. Í lokin er melatín/sykurblandan sett í pottinn og soðið áfram í eina mínútu, hræra í á meðan. Þá er allt tilbúið til að setja í krukkur.

KRUKKUR

Mikilvægt er að þvo krukkur og lok. Eftir þvott hita ég þær í ofni við 100°C í um það bil hálfa klst áður en marmelaðið og sultan er sett í þær.

LÖGFRÆÐINGUR

GEYSIR GREEN ENERGY

Geysir Green Energy er alþjóðlegt fjárfestingarfélag um sjálfbæra orkuvinnslu, með megináherslu á jarðhita. Tilgangur félagsins er að fjárfesta í verkefnum tengdum endurnýjanlegri orkuframleiðslu víðs vegar um heim og leita nýrra tækifæra í nýtingu jarðvarma. Meðal verkefna félagsins eru fjárfestingar í þróun og byggingu jarðvarmaorkuvera á alþjóðlegum vettvangi.

Geysir Green Energy óskar að ráða lögfræðing til starfa. Hér er um nýtt og áhugavert starf að ræða hjá fyrirtæki sem er í sókn á alþjóðamarkaði og býður upp á spennandi tækifæri.

Helstu verkefni:
- Fjárfestingaverkefni
- Samningagerð
- Fjármögnun
- Samskipti við lögfræðiráðgjafa
- Fjölbreytt verkefni tengd málefnum félagsins og dótturfélögum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í lögfræði áskilin (Cand.jur eða MA)
- Reynsla af alþjóðasamskiptum æskileg
- Reynsla úr banka- eða fjármálaheiminum er kostur
- Mjög góð enskukunnátta er algjört skilyrði
- Reynsla og þekking á sviði orkumála er kostur
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Finnst þér gaman að keyra?

565501
Strætó bs. óskar eftir að ráða vagnstjóra með meirapróf. Fyrirtækið kostar meirapróf fyrir þá starfsmenn sem ekki hafa tiltekin ökuréttindi.

- Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi sem og aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið. Um vaktavinnu er að ræða. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma, hvort sem um fullt starf, hlutastarf, helgar- eða kvöldvinnu er að ræða.
- Leitað er að þjónustuliprum og samviskusömum einstaklingum með hlýlegt viðmót.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg@vinna.is) í síma 511 1144.
Skráning á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

Skrifstofustarf

565512
Siglingastofnun óskar eftir að ráða til sín starfsmann á skrifstofusvið.

- Starfið felur í sér símavörslu, móttöku, skráningu og skjalavistun, afgreiðslu skírteina og annað sem til fellur. Leitað er að starfsmanni með stúdentspróf eða sambærilega menntun, með reynslu af skrifstofustörfum, góða íslensku- og enskukunnáttu auk þess sem viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund og viðhafa sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Agla Sigr. Björnsdóttir og Þorbjörg Guðjónsdóttir hjá Vinna.is
Umsóknarfrestur er til og með 7. september n.k.

SIGLINGASTOFNUN

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum. www.sigling.is

Skráning á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

vinna.is

Starfsfólk óskast

Maturinn er matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri mötuneyta ásamt því að vera með bakkamat.

Okkur vantar vanar konur til afleysinga í mötuneytin okkar. Einnig vantar okkur fólk í uppvask og þrif.

Áhugasamir hafið samband í **síma 567-0385 eða sendið póst á eldhus@matuirnn.is**

MAKE UP STORE™

LEITUM EFTIR FÖRÐUNAR- EÐA SNYRTIFRÆÐINGUM Í HLUTASTARF

Starfið felst í almennum verslunarstörfum & ráðgjöf til viðskiptavina.

Við bjóðum upp á skemmtilegt & fjölbreytilegt starfsumhverfi hjá metnaðarfullu fyrirtæki sem er í fremstu röð á sínu sviði. Áhugi, fagmennska & þekking á þessu sviðu skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst n.k.
Ferilskrá og mynd sendist á netfangið margret@margret.is

VANTAR ÞIG

SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

VEITINGASTAÐUR

VAKTSTJÓRI Í SAL

SEM BÝR YFIR ÞJÓNUSTULUND OG SÝNIR FRUMKVÆÐI

Góð laun, fríðindi og skemmtilegur vinnustaður í boði fyrir réttan aðila.

Nánari upplýsingar veitir
Ágúst Reynisson í síma 663 9595
og agust@fiskmarkadurinn.is

AÐALSTRÆTI 12
sími 578 8877
info@fiskmarkadurinn.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Aðstoðarleikskólastjóri í Fellaborg
afleysingarstaða í eitt ár

Laus er til umsóknar staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Fellaborg, Völvufelli.
Um afleysingarstöðu er að ræða.

Fellaborg er þriggja deilda leikskóli í efra Breiðholti. Á Fellaborg er unnið í anda John Dewey með áherslu á leik barnanna sem náms- og þroskaleið. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á fjölmenningarlega kennsluhætti þar sem leiðarljósið er gagnkvæm virðing.

Helstu verkefni aðstoðarleikskólastjóra eru að vinna að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins í samvinnu við leikskólastjóra.

Menntunar- og færnikröfur:
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Upplýsingar veitir Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í síma 557 2660/693 9854 og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi á Leikskólasviði í síma 411-7000.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 8. september 2008.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Þróunarsetur í málmiðnaði og málmtækni

Akraneskaupstaður, Elkem Ísland ehf., Norðurál ehf., Fjölbrautaskóli Vesturlands og Verkalýðsfélag Akraness auglýsa eftir starfsmanni með:

- Menntun á sviði rekstrarfræði, menntunarfræði eða tæknigreina.
- Frumkvæði, metnað og getu til að vinna sjálfstætt.
- Góða skipulags- og samskiptahæfni.

Verkefnið er í því fólgið að stjórna undirbúningi að stofnun þróunarseturs í málmiðnaði og málmtækni á sunnanverðu Vesturlandi.

Fyrirhugað er að þróunarsetrið verði í senn miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu, og menntatengda starfsemi og samstarfsvettvangur fyrirtækja og menntastofnana á sviði málmiðnaðar og málmtækni.

Meðal þess sem gera þarf er að: Kanna þörf fyrir menntun í málmtækni- og málmiðngreinum og hvernig hægt er að mæta henni; Koma á samráði milli skóla, fyrirtækja og hagsmunaðila.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. október. Miðað er við að verkinu ljúki um áramót. Mögulegt er þó að dreifa vinnunni á lengri tíma.

Möguleikar á áframhaldandi starfi velta á árangri verkefnisins.

Skerðu hvítkálið í mjóa strimla og kínakálið í aðeins breiðari strimla. Skerðu gúrkuna í 5 cm búta og hvern bút síðan í mjóa stauta. Fræhreinsaðu paprikuna og skerðu hana í ræmur. Hitaðu olíuna vel á wok eða stórri pönnu og snöggsteiktu engifer, hvítlauk og hvíta hlutann af vorlauknum við háan hita í um 1 mínútu. Lækkaðu hitann ögn og bættu káli, gúrku og papriku á pönnuna, ekki þó öllu í einu, og hrærðu stöðugt á meðan. Steiktu grænmetið þar til kálið er farið að mýkjast ögn. Bættu þá sojasósu, ostrusósu og chilisósu saman við ásamt örlitlu vatni og grænu vorlauksbitunum, hrærðu vel og láttu malla þar til grænmetið er rétt orðið meyrt. Bragðbættu eftir smekk, til dæmis með meiri chilisósu. Stráðu kóríanderlaufi yfir og berðu fram.

Upplifðu töfra austurlanda í matargerð!

Hollt, gott og ódýrt í hádeginu

Komdu við á Suðurlandsbraut 32 og taktu
með þér freistandi, framandi, holla og ljúffenga máltíð - þú velur þér rétt úr girnilegu borði engin bið ....mmm bara snilld!

Einn besti asíski take away staðurinn á Íslandi

Sýnishorn af réttum vikunnar

„Original" eggjanúðlur með gulrótum, spergilkáli, chosium, hvítlauk, blaðlauk, ostrusósu, létt soya og steiktum eggjum.	kr. 600
Nautakjöt í Massaman karrý og fersku grænmeti.	kr. 980
Stir-Fry svínakjöt í sterkri súrsætri sósu og grænmeti.	kr. 980
Kjúklingur Tikka Masala „indverskt" og grænmeti.	kr. 980
Stir-Fry svínakjöt í svartpiparsósu og grænmeti.	kr. 980
Lambakjöt í ostrusósu og grænmeti.	kr. 980
Kjúklingur í mildri ostrusósu með cashew hnetum og grænmeti.	kr. 980
Kjúklingur í Red Curry (sterkur) og grænmeti.	kr. 980
Enn meiri hollusta:	
Stir-Fry grænmeti í léttri soya- og ostrusósu með hrísgrjónum og 0,5 L Ávaxtatoppur	kr. 980

Með öllum réttum fylgja úrvals Jasmin hrísgrjón

Girnilegir, nýir og spennandi réttir í hverri viku.

ALLTAF SPENNANDI TILBOÐ Í GANGI

Við kappkostum að nota eingöngu fyrsta flokks hráefni frá viðurkenndum birgjum og lífrænt ræktað grænmeti. Í okkar eldhúsi er eingöngu notaður lífrænn hrásykur ef sætu þarf í réttina og ekkert MSG.

KJARNAFÆÐI

HOLTA

Crispy Aromatic önd

Crispy Aromatic önd, borin fram með pönnukökum, agúrku og vorlauk ásamt sérlagaðri Peking-andar sósu og steiktum hrísgrjónum.

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

TRANS FITA · LO SALT · MSG

VIÐ MÆLUM MEÐ...

... BERJATÍNU. Hún ætti að vera til á hverju heimili enda góð búbót á haustin að tína ber. Notkunarmöguleikar berjanna eru óteljandi en auk þess að safta og sulta má bæta þeim út í nánast hvaða brauð- eða kökuuppskrift sem er.

... GÓÐUM HNÍFUM. Beittir og góðir hnífar gera eldhúsvinnuna að leik einum.

... SULTUKRUKKUM MEÐ ÞÉTTUM LOKUM. Í sumarlok er rétt að vara sultuglaða sælkera við ósvífnum geitungum sem svífast einskis þegar kemur að lendingu í dísætu aldinmauki. Lokið sultukrukkum um leið og smurningu lýkur því geitungar lifa lengi í sultutaui og ólystugt að draga þá upp með skeið í næstu máltíð.

... HEIMARÆKTUÐUM HVÍTLAUK. Allir sem hafa yfir moldarbeði að ráða ættu að geta ræktað hinn heilsusamlega og ómissandi hvítlauk. Ein aðferðin við það er sú að stinga niður hvítlauksrifjum að hausti um þrjá sentímetra niður í moldina. Þá er von til að gægist þar upp grænar spírur að vori og að undir þeim vaxi hin heilsusamlega og ómissandi kryddjurt hvítlaukur.

Bragðmikið sjávarfang



Ljúffengur og litríkur

Nú er tími fyrir humarveislu. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða ykkar í hentugum umbúðum og uppskrift fylgir með á bakhliðinni.

Fjórir gæðaflokkar eru í boði:

- Fyrsta flokks humarhalar
- Góðir humarhalar
- Valdir skelbrotshalar
- Smáhumar í súpur og smárétti

Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!

humarfyllta nautalund eða humar-tagliatelle

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

SÓMI

TORTILLUR
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR
REYKTUR LAX & EGGJASALAT

SAMLOKUR
RÆKJUSALAT
HEILSUBITI
ROAST BEEF
SKINKA & SALAT
TÚNFISKSSALAT
KJÚKLINGUR & EGG
HANGIKJÖT & SALAT
KALKÚNN OG TÓMATBRAUÐ

LANGLOKUR
SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGUR & LÉTTSÓSA
SKINKA, EGG & PÍTUSÓSA
LANGLOKA MÁNAÐARINS
ROAST BEEF

PÍTUBRAUÐ
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR

SAMLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & BEIKON
SKINKA & OSTUR

LANGLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & PEPPERONI
KJÚKLINGUR, OSTUR & BEIKON
AMERÍSK GRÍSALANGLOKA

BÁTAR
SKINKA, ASPAS & BEIKON
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI OG OSTI
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI

HAMBORGARAR
HAMBORGARI MEÐ OSTI
LÚXUSBORGARI

PASTABAKKAR
KJÚKLINGUR
SKINKA

HYRNUR
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
KJÚKLINGUR & PESTO
LÚXUS SKINKA & EGG
HYRNA MÁNAÐARINS
BACON & EGG

Sómi ehf., Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími 565 6000, fax 565 6084, somi@somi.is, www.somi.is

BRESKI LEIKARINN STEPHEN FRY ER 59 ÁRA

„Það er ekki ávísun á hamingju að vera gáfaður.“

Stephen Fry er þekktur gamanleikari og fór með hlutverk ráðagóða brytans Jeeves sem margir þekkja. Hann hefur barist við geðhvarfasýki árum saman.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. ÁGÚST 79

Sprengigos í eldfjallinu Vesúvíusi

Þennan dag árið 79 gaus fjallið Vesúvíus og kaffærði borgirnar Pompei og Herculaneum. Fórust 15.000 manns og má kalla það kaldhæðni örlaganna að fjallið gaus daginn eftir hátíðina Vulcanalia sem var haldin guði eldsins til heiðurs. Forsaga gossins hófst með jarðskjálftum sautján árum fyrr sem lögðu stór svæði í rúst, meðal annars Pompei. Sumar skemmdirnar var ekki búið að lagfæra þegar gosið hófst 79. Fólk var ekki óvant jarðskjálftum á svæðinu og kippti sér ekki upp við undanskjálfta sem hófst 20. ágúst 79. Fyrr í mánuðinum höfðu lindir og brunnar þornað upp.

Gosið stóð í 19 tíma og losaði fjallið 4 rúmkílómetra af ösku og grjóti yfir nágrennið. Pompei grófst undir 3 metra af gjósku og dóu íbúar þess margir samstundis, standandi eða sitjandi við daglega iðju sína. Fjallið er enn í dag talið hættulegasta eldfjall veraldar þar sem 3 milljónir

manna búa í nálægð við fjallið og það hefur oft gosið öflugum sprengigosum. Stórt gos varð árið 1906 en síðast gaus Vesúvíus árið 1944. Eftir það hefur fjallið haft hægt um sig. Gegnum aldirnar hefur fjallið venjulega haft hægt um sig frá 18 mánuðum og upp í 7 og hálft ár í einu en lengsta hléið varði í 500 ár.

MERKISATBURÐIR

1787 Wolfgang A. Mozart lýkur við fiðlusónötu í A-moll, k. 526.

1841 Bjarni Thorarensen amtmaður lést, 54 ára.

1906 Símskeytasamband við útlönd opnað.

1944 Sveinn Björnsson forseti ræðir við Franklin D. Roosevelt forset Bandaríkjanna í opinberri heimsókn þar í landi.

1968 Norræna húsið í Reykjavík er vígt. Finnski arkitektinn Alvar Aalto teiknaði húsið.

1981 Mark David Chapman dæmdur fyrir morðið á John Lennon. Hann fær 20 ár.

1995 Stýrikerfið Windows 95 gefið út.

AFMÆLI

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI er 44 ára.

HALLDÓR BLÖNDAL er sjötugur í dag.

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON RITHÖFUNDUR er 61 árs.

ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA er 44 ára.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Einars Jónssonar

stýrimanns,
Laugarnesvegi 89

er andaðist sunnudaginn 20. júlí. Sérstakar þakkir færum við líknar- og vinafélaginu Bergmáli, krabbameinsfélaginu Styrk og sr. Maríu Ágústsdóttur fyrir umhyggju og styrk.

Vera Einarsdóttir
Þorgerður J. Einarsdóttir — **Snorri H. Harðarson**
Ólafur Einarsson — **Sólveig Björnsdóttir**
Hrönn Einarsdóttir — **Óskar Bjartmarz**
Jón Einarsson — **Guðný Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Beck

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 25. ágúst klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Guðný Sigurðardóttir
Brynja Beck — **Sölvi Stefán Arnarson**
Axel Þór Beck
Sigurður Pálsson — **Hrefna Egilsdóttir**
Kristín Þóra Pálsdóttir Beck — **Rögnvaldur Stefán Cook**
Ríkarður Pálsson — **Elísabet Rafnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

NAUSTTÍMARIT.IS: KEMUR ÚT Í FYRSTA SINN

Lifandi samfélag er samfélag margra radda

Fyrsta hefti nýs veftímarits er komið út en það leit dagsins ljós á mánudaginn var. Tímaritið ber heitið Naust-tímarit.is ritstjóri þess og stofnandi er Haraldur Ingi Haraldsson. Til að byrja með er áætlað að gefa út fimm hefti og er fyrsta heftið frítt á vefnum. Auk útgáfunnar er Haraldur forstöðumaður iðnaðarsafnsins á Akureyri og var fyrsti forstöðumaður myndlistasafnsins þar í bæ en hann er menntaður í myndlist og sagnfræði. Haraldur hefur einnig verið viðloðandi útgáfu síðan á menntaskólaárunum við útgáfu skólablaðsins Muninn.

„Fyrstu skrefin voru stigin þar og svo tók ég þátt í Rauða húsinu, þar vorum við með umfangsmikla bókaútgáfu í gömlum spritt-fjölritara svo ég hef kynnst því að koma hlutum út þó að efnin hafi verið lítil. Svo hef ég gefið út efni sjálfur svo þetta er hálfgerð þráhyggja í mér,“ útskýrir Haraldur Ingi. Naust-tímarit.is mun fjalla um samfélagsmál á gagnrýninn hátt. Haraldur Ingi sér fyrir sér að birta aðsendar greinar en einnig munu lausapennar skrifa reglulega í blaðið. Meðal þeirra eru Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður kennarafélags Íslands, og Andrés Magnússon sem Haraldur segir einn beittasta samfélagsrýni hér á landi.

„Andrés skrifar til dæmis harða gagnrýni á íslensku bankana og efnahagslífið í fyrsta heftinu. Einnig flettir Guðmundur Ólafsson lektor ofan af græðgi ríkisins í sambandi við lífeyrissjóðina og sjálfur bendi ég á í greininni „Í kýrhausnum“ að ríkisvaldið hefur með sérréttindum til fjármálamanna opnað leið í kerfinu til að sleppa við að borga tekjuskatt,“ segir Haraldur Ingi.

NÝTT SJÓNARHORN Á ÞJÓÐFÉLAGSMÁL Feðgarnir Haraldur Ingi Haraldsson og Haraldur Örn Haraldsson ritstýra nýju veftímariti þar sem fjallað verður um samfélagsmál á gagnrýninn og hressilegan hátt. MYND/HARALDUR INGI HARALDSSON

Haraldur segir tilgang veftímaritsins vera að koma með nýjan og ferskan vinkil á þau þjóðfélagsmál sem eru í umræðunni hverju sinni. Höfuðstöðvar tímaritsins eru norður á Hauganesi og staðsetningin bjóði upp á nýtt sjónarhorn á umræðuna.

„Ég ritskoða ekki skoðanir fólks sem skrifar í blaðið en ég er með skýra stefnu í sambandi við nálgun viðfangsefna en ég tel að styrkur blaðsins hljóti að liggja í því að finna ný sjónarhorn á hlutina. Flestir landsfjölmiðlar eru í Reykjavík og mörg og góð rök fyrir því, en það vantar fjölbreytni. Lifandi samfélag er samfélag margra radda og samræðna.“

Sérstakar síður verða tileinkaðar yngri kynslóðinni og sér tólf ára sonur Haraldar Inga, Haraldur Örn, um að ritstýra þeim. Annars vinnur Haraldur Ingi stóran hluta sjálfur við uppsetningu blaðsins og skrif svo kostnaður við blaðið er í lágmarki

„Ég get með stolti sagt að að baki Naust-tímarit.is standa engir auðmenn, bankar eða stjórnmálaflokkar, bara einn láglaunamaður úti á landsbyggðinni,“ segir hann hlæjandi og bætir því við að þó að tímaritið gagnrýni óhikað verði líka að hafa húmorinn með.

Fyrsta heftið er frítt á vefnum en annars verður áskrift að fimm heftum 1.250 krónur. Slóðin á tímaritið er www.nausttimarit.is. **heida@frettabladid.is**

Björk í Langholtskirkju

Blásið verður til tónleika með Björk, Wonderbrass og Jónas Sen í Langholtskirkju þriðjudaginn 26. ágúst. Tónleikarnir hefjast klukkan 18.

Tónleikarnir verða óraf-magnaðir en flutt verða lög af tónleikadagskrá Bjarkar úr nýlokinni tónleikaferð hennar um heiminn sem staðið hefur yfir í sautján mánuði. Þarna kemur fram íslenski hluti hljómsveitarinnar sem spilað hefur með Björk á tónleikaferðinni. Tónleikarnir verða teknir upp til útgáfu. Áhugasamir verða að hafa hraðar hendur en einungis 300 miðar eru í boði.

Miðasalan hefst á morgun klukkan 10 á www.midi.is. Húsið opnar klukkan 17.30.

- rat

ENGLAKÓRINN SYNGUR UNDIR STJÓRN NATALÍU CHOW.

Englakórinn er fimm ára

Englakórinn sem stofnaður var af Natalíu Chow verður fimm ára í haust. Kórinn var starfræktur fyrir börn á aldrinum 3ja til 8 ára en í haust mun aldursbilið spanna frá 3ja ára börnum og upp í 10 ára.

Í kórnum læra börnin að syngja barnalög á mörgum tungumálum og hefur Natalía meðal annars kennt þeim barnalög á kínversku. Tvisvar á ári heldur kórinn tónleika, jólatónleika og vortónleika. Í vetur mun kórinn æfa söngleikinn Hósíanna eftir Julian Hewlett en skráning er hafin fyrir veturinn og geta foreldrar skráð börn sín laugardaginn 30. ágúst næstkomandi.

Upplýsingar um kórstarfið má finna á englakor.googlepages.com en fyrirspurnir má senda á nataliachow89@gmail.com.

ego dekor

TV-skenkur
Stærð: 180cmX60cmXH:60cm
Verð áður: 78.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 62.400,-



Glerskápur
Stærð: 103cmX45cmXH:188cm
Verð áður: 69.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 48.300,-

Borð
Verð áður: 69.000,-
VERÐ NÚ:
55.200,-

Spegill
Verð áður: 28.000,-
VERÐ NÚ:
19.600,-

Juan skenkur
Verð áður: 95.000,-
VERÐ NÚ:
76.000,-

Cube leðurstóll
Verð áður: 19.800,-
VERÐ NÚ:
9.900,-

Skápasamstæða
Verð áður: 209.000,-
VERÐ NÚ:
146.300,-

ÚTSALAN ER HAFIN
20-70% AFSLÁTTUR

Clay leðursófasett
Dökkbrúnt leður
3+1+1
Verð áður: 225.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 168.750,-
3+2,5
Verð áður: 207.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 155.250,-

Palma leðursófasett
Dökkbrúnt leður
3+2
Verð áður: 237.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 177.750,-

Paris leðurstóll
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu
Verð áður: 17.500,-
-20%
VERÐ NÚ: 14.000,-

Lia stóll
Verð áður: 14.500,-
-20%
VERÐ NÚ:
11.600,-

Veggsamstæða f/sjónvarp
Hnota
Stærð: 243cmX56cmXH:156cm
Verð áður: 145.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 116.000,-

Tito stóll
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu
Verð áður: 13.500,-
-20%
VERÐ NÚ: 10.800,-

Lotus stóll
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu
Verð áður: 13.400,-
-30%
VERÐ NÚ: 9.380,-

TV-skenkur m/ljósi
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans.
Stærð: 180cmX50cmXH:46cm
Verð áður: 68.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 47.600,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

Drengjakór Reykjavíkur auglýsir eftir
áhugasömum drengjum á aldrinum 8 til 10 ára.

Kórinn starfar í Hallgrímskirkju og inntökupróf í kórinn fara fram í kirkjunni mánudaginn 1. september frá kl. 17:00 - 19:00. Nánari upplýsingar á heimasíðu kórsins, drengjakor.is, eða í síma 896 4914.



Kvennakór Reykjavíkur

Nú er hauststarfið að hefjast. Fyrsta kóræfing er 27. ágúst kl. 20 í sal Orkugarðs að Grensásvegi 9. **Konur sem hafa áhuga á að starfa með okkur eru beðnar um að skrá sig í síma 896 6468 eftir kl. 17.** Margt skemmtilegt er framundan. Við hlökkum til að sjá ykkur!

Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur hefja æfingar í september. Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðuna, www.kvennakorinn.is, þegar nær dregur. Kórinn er ætlaður konum 60+.
Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR

Innritun
í Tónskóla Eddu Borg

Úr nógu er að velja:

Píanó	Fiðla	Hljómborð
Harmonika	Selló	Gítar
Þverflauta	Kontrabassi	Bassi
Klarinett	Slagverk/Trommur	Söngur

Skólinn verður settur í Seljakirkju 2. september kl.18:00
Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 3. september.
Forskóli og tónfræði hefjast mánudaginn 8. september.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 13:00-17:00
Einnig er hægt að sækja um á Rafrænni Reykjavík **www.rvk.is**

Frístundakort eru tekin upp í greiðslu skólagjalda.

Tónskóli Eddu Borg
Hólmaseli 4-6 • 109 Reykjavík • s. 557 3452
www.tonskoli.net

Tónskóli Eddu Borg

NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Þegar tilfinningarnar taka völdin

Síðustu dagar hafa verið með eindæmum tilfinningaríkir. Fyrst voru það spenna og tilhlökkun, svo tók svolítill kvíði við. Rétt áður en Leikurinn (með stórum staf og greini – það þarf ekkert að taka fram hvaða leikur þetta var) byrjaði, dauðsá ég eftir því að hafa borðað hádegismat. Stressið var svo mikið að ég óttaðist um tíma að ég seldi upp hádegismatnum, og það þá yfir vinnufélagana. Þeir deildu þó stressinu með mér og hefðu eflaust verið skilningsríkari en ella, hefði þessi staða komið upp. Spennan og kvíðinn skiptust á að taka völdin í dágóðan tíma, en til allrar haminingju hélst maturinn niðri.

Það hefur eiginlega ríkt almenn geðshræring síðan, það skiptist á grátur og hlátur, og ég held að ég hafi aldrei fengið jafnoft gæsahúð á jafnstuttum tíma. Í hvert einasta skipti sem ég hef lesið, horft á eða hlustað á eitthvað sem tengist Leiknum, klökkna ég og fæ gæsahúð.

Mér finnst gott að geta sýnt þessar tilfinningar, og hef alltaf hálfpartinn vorkennt fólki sem ekki getur grátið fyrir framan aðra. Það er kannski aðallega karlpeningurinn sem óttast að missa karlmennskustig. En nú hlýtur það að fara að breytast fyrst að mestu og karlmannlegustu hetjurnar okkar sýna óhræddir tilfinningar sínar. Fyrst að Ólafur Stefánsson grætur þegar tilfinningarnar bera hann ofurliði, þá er öðrum karlmönnum óhætt að gráta hvenær sem er.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 24. ágúst 2008

Myndlist

Bjarni Bernharður sýnir 20 akrýlmyndir í 12 Tónum, Skólavörðustíg 15. Opnunartími: Mán-föst. 10-18, lau. 10-16, sun. 13-17.

Lesið í minni Ásdís Birgisdóttir sýnir þrykkt verk úr silki í Listmunahorni Árbæjarsafns. Sýningin er opin daglega og stendur til 31. ágúst.

Tónlist

13.00 Þjóðlagahátíð á Árbæjarsafni Tékkneski barna- og unglinga-þjóðlagahópurinn Osminka frá Prag flytur tékkneska þjóðlagatónlist og sýnir dansa. Að auki mun koma fram danshópurinn Sporið sem sýnir íslenska þjóðdansa og dúóið Funi sem flytur íslensk þjóðlög. Samtímis verður á Árbæjarsafni sýning á íslenska faldbúningnum og handverkssýning.

MIST ÞORKELSDÓTTIR

17.00 Í Hallgrímskirkju verða fluttar tvær kantötur eftir J. S. Bach en einnig verður frumflutt kór- og hljómsveitarverk eftir Mist Þorkelsdóttur.

12.00 og 14.00 Einleiksfantasíur G. P. Telemann **Elfa Rún Kristinsdóttir** fiðluleikari og **Melkorka Ólafsdóttir** flautuleikari halda tónleika í völdum kirkjum víðs vegar um landið. Í dag verða þær í Stykkishólmskirkju.

16.00 Söngur, gítarspil og gleði **Steinunn S. Skjenstad** sópransöngkona og **Solmund Nystabakk** gítarleikari halda tónleika í Gljúfrasteini.

Leiklist

Sviðslistahátíðin artFart sem haldin er af áhugafólki um sviðslistir, sýnir tvö leikverk í kvöld.

20.00 Uppljómunin, höf. Snæbjörn Brynjarsson. Flutt á Kaffi Rót

20.00 Vinir, höf. Símon Birgisson. Flutt í Kassanum.

Stuttmyndir

Reykjavík Shots&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Thom Andersen

17.00 Red Hollywood

20.30 Óður til Íslands

23.00 Sundance stuttar og úrval Miðasala opnar kl. 14.30. Nánari upplýsingar á http://www.short-docs.info

Ljóð

JÓN KARL HELGASON

Ljóðahátíð Nýhils 2008

14.00 Líf ljóðabókanna Málþing um óháða útgáfustarfsemi og ljóðabókaútgáfu á Íslandi og erlendis. Jón Karl Helgason stjórnar umræðum í Þjóðminjasafni Íslands.

Viðburður

20.00 Raddir fyrir Tíbet Menningarviðburður til styrktar flóttamannamiðstöð í Dharamsala. Ýmsir listamenn koma fram. Nánari upplýsingar www.tibet.blog.is. Salurinn, Hamraborg 6, Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Saxófónablástur í Laugarnesinu

Á þriðjudagskvöld heldur Íslenski saxófónkvartettinn tónleika í sumartónleikaröð Sigurjónssafns á Laugarnesi. Hann leikur fjölbreytta efnisskrá sem inniheldur suðræna tangótóna, endurreisnartónlist og verk eftir kvikmyndatónskáld, auk hefðbundnari saxófóntóna.

Íslenski saxófónkvartettinn er fyrsti og eini starfandi klassíski saxófónkvartettinn á landinu. Hann hefur starfað frá árinu 2006 og flutt fjölda verka sem upprunalega voru samin fyrir saxófónkvartett. Íslenska saxófónkvartettinn skipa Vigdís Klara Aradóttir á sópransaxófón, Sigurður Flosason á altsaxófón, Peter Tompkins á tenórsaxófón og Guido Bäumer á barítónsaxófón.

Hljóðfæraleikararnir hafa allir fjölbreytilegt nám og reynslu að baki. Vigdís Klara stundaði nám í klassískum saxófónleik í Sviss ásamt klarinettnámi og námi á fimm klappa klarinett og chalumeau, Sigurður er vel þekktur djassleikari sem stundaði einnig nám í klassískum saxófónleik hér heima og í Bandaríkjunum, Peter stundaði nám í London og er óbóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og formaður Bach-sveitarinnar í Skálholti, Guido stundaði nám í Þýskalandi, Sviss og Bandaríkjunum og er einnig menntaður þverflautukennari.

HLJÓMLEIKAR Saxófónkvartettinn íslenski er með alþjóðlegum bragðlaukum og kryddi.

Efnisskrár eins og þær sem kvartettinn leikur hafa ekki heyrst áður á Íslandi enda hefur undanfarningalítið verið um að ræða frumflutning verkanna á Íslandi. Að þessu sinni er efnisskrá tónleikanna mjög fjölbreytt. Leikin verða verk eftir endurreisnartónskáldin Orlando Gibbons og Girolamo Frescobaldi en einnig suðræn tangótónlist eftir Astor Piazzolla, hefðbundin frönsk saxófónkvartetts-tónlist og verk eftir hið þekkta kvikmyndatónskáld Michael Nyman. Miðasala á tónleikana fer fram við inngang-inn, en einnig er hægt að kaupa miða í síma 553 2906.

40 ár í Norræna húsinu

Afmælisdagskrá 22.-31. ágúst Nánari upplýsingar á www.nordice.is

1978 NORRÆN SAMVINNA

Mánudagur 25. ágúst
12.00 Vísnasöngkonan **Hanne Juul og trió.**
20.00 Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda og **Þorbjörn Broddason**, prófessor leiða umræður um Norræna húsið og norræna samvinnu. Stuðmennirnir **Egill Ólafsson** og **Valgeir Guðjónsson** flytja tónlist.

1988 FEGURÐ MÁLSINS

Þriðjudagur 26. ágúst kl. 20.00
Thor Vilhjálmsson vann bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1988. Hann rifjar upp þennan og fleiri bókmenntaviðburði ásamt **Halldóri Guðmundssyni** rithöfundi. **Tómas R. Einarsson** og félagar spila og **Ragnheiður Gröndal** syngur.

1998 UMHVERFI OG NÝSKÖPUN

Miðvikudagur 27. ágúst kl. 20.00
Umhverfismálin voru ofarlega á baugi 1998. Hefur einhver árangur náðst? Prófessor **Þorsteinn Ingi Sigfússon** og **Andri Snær Magnason** rithöfundur gefa álit. **Hjaltalín** spilar tónlist og fjöllistakonan **Charlotte Engelkes** sýnir brot úr **einleiknum Sweet**.

2008 HANNAÐUR VERULEIKI

Fimmtudagur 28. ágúst kl. 18.30
Charlotte Engelkes flytur einleikinn Sweet sem er sambland af leikhúsi, kabarett og uppistandi. Tónlist frá **Retro Stefson, Reykjavík!** og **FM Belfast. Listahópurinn 128 hendur** sýnir í anddyri hússins.

2018 KOMANDI TÍMAR

Föstudagur 29. ágúst kl. 18.30
Næsta kynslóð tekur völdin í Norræna húsinu. Gjörningahópurinn **Kúmíkat,** hljómsveitirnar **Sykur, Ásgeir Eysteinn & Sæji** og danska sveitin **Skandals** leika framtíðarmúsík. Leikverk nemenda úr **Vinnuskóla Reykjavíkur.**

JAZZHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Laugardagur 30. ágúst kl. 19.00
Færeyska stórsveitin **Thórshavnar Stór Band** ásamt klarinettleikaranum **Hauki Gröndal** flytja tónlist.

BUILDING-DESIGNING-THINKING

Laugar- og sunnudag, 30.-31. ágúst kl. 10.30
Þriðja alþjóðlega **Alvar Aalto-ráðstefnan** um nútíma byggingarlist í samvinnu við **Jyväskylä-háskólann** og **Alvar Aalto-akademíuna.** Ráðstefnan fer fram á ensku.

Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir góðan stuðning við afmælishátíðina:

VOX Restaurant / Bistro, Olís, Globus ehf, Norræna Félagið og Statens Kulturråd í Svíþjóð

NORRAENA HÚSIÐ

Aðgangur er ókeypis á afmælisdagskrá og sýningar. Bókasafn og sýningar eru opin alla daga vikunnar kl. 12-17. Bistro Alvar A er opið virka daga kl. 10-17, helgar kl. 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

Lloret de Mar

26. september

frá kr. 59.990

Ótrúlegt tilboð!
Vikuferð m/fullu fæði

Ath. aðeins örfá herbergi í boði!

Heimsferðir bjóða einstakt tilboð á einn vinsælasta áfangastað Costa Brava strandarinnar við Barcelona, Lloret de Mar. Gist er á Hotel Eugenia, sem er hótel með góðri aðstöðu, garði, sundlaug og veitingastað. Stutt í golf og á ströndina. Öll herbergi með baði, loftkælingu, gervihnattasjónvarpi, síma og svölum eða verönd.

Verð kr. **59.990** – **með fullu fæði**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli með fullu fæði á Hotel Eugenia *** í 7 nætur, 26. september.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Fólk

folk@frettabladid.is

„Og núna mun hún elda og þrífa fyrir mig,“

ELLEN DEGENERES
Grínast um hvað taki nú við fyrir nýju eiginkonu hennar, Portia de Rossi.

„Eftir að hafa verið borin saman við Jay Leno svona lengi, hugsar maður ekki um sjálfa sig á þennan hátt.“

RUMER WILLIS
Um undrun sína yfir því að hafa verið valin ein af fallegasta fólki tímaritsins People.

„Ég var fallegur svartur maður, en ekki þeir.“

ROBERT DOWNEY JUNIOR
Útskýrir af hverju meðleikarar hans í kvikmyndinni Tropic Thunder hafi verið öfundsjúkir og kallað hann dívu í þættinum Good Morning America.

Frá Jemen til Shanghaí

Sigþrúður Ármann, annar stofnandi Exedra, hefur í miklu að snúast þessa dagana. Hún er í óðaönn að skipuleggja SÚK-glæsimarkaðinn og mun svo halda til Kína daginn eftir í skiptinám fram að áramótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á LEIÐINNI TIL KÍNA Sigþrúður hefur í nógu að snúast þessa dagana, en hún undirbýr SÚK glæsimarkaðinn í Perlunni sem fram fer næsta laugardag og mun svo halda til Shangahai daginn eftir í MBA skiptinám.

„Við hjá Exedra erum mjög hrifnar af því starfi sem Jóhanna Kristjónsdóttir hefur unnið í þágu barna og kvenna í Jemen og vildum leggja starfseminni lið,“ segir Sigþrúður Ármann, annar stofnandi Exedra og framkvæmdastýra glæsimarkaðarins sem fram fer í Perlunni næstkomandi laugardag, en allur ágóði hans mun renna til uppbyggingar nýju skólahúsnæði í Jemen.

Exedra var stofnað haustið 2006 í þeim tilgangi að stuðla að málefnalegri umræðu og auknum tengslum milli atvinnulífs, stjórnmála og fjölmiðla. Fyrirtækið samanstendur af þverpólitískum hópi áhrifamikilla kvenna úr atvinnulífinu, svo sem viðskiptum, stjórnmálum, fjölmiðlum, menntamálum, heilbrigðismálum, hópi sérfræðinga og listamanna. Hópurinn hittist mánaðarlega á fundum, þar sem tekin eru til umfjöllunar mikilvæg málefni sem eru í umræðunni í samfélaginu hverju sinni.

„Innan Exedra er einnig góðgerðahópur sem skoðar hvernig við getum látið gott af okkur leiða og hvaða góðgerðamálefni við viljum styðja hverju sinni. Eftir að glæsimarkaðnum lýkur munum við skoða hverju við munum leggja lið næst,“ segir Sigþrúður.

Hún hefur annars í nógu að snúast þessa dagana, því hún stundar einnig MBA-nám við Háskólann í Reykjavík, þar sem hún hefur lokið einu ári af tveimur, og daginn eftir glæsimarkaðinn mun hún halda út til Kína, þar sem hún verður í skiptinámi í einum fremsta skóla Asíu.

„Ég flýg út til Shanghaí næsta sunnudag svo það er nóg að gera við að undirbúa bæði markaðinn og ferðina. Mér finnst einstakt tækifæri að fá að taka eina önn í skiptinámi í Shanghaí og er spennt fyrir því að fá að kynnast Asíumarkaðnum og öflugu fólki þar í landi,“ segir Sigþrúður að lokum.

alma@frettabladid.is

Grunnnámskeið
Flugumferðarstjóra

Námskeiðið hefst 6. október og lýkur um miðjan febrúar.
Umsóknarfrestur er til 14. september. Allar nánari upplýsingar á **www.flugskoli.is**

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is

Góðir gestir á ráðstefnu

Alþjóðlega ráðstefnan You Are In Control, eða Þú hefur völdin, verður haldin á Hótel Sögu dagana 15. til 16. október á vegum Útón, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.

Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Útflutningsráð og fjallar um ný viðskiptamódel á sviði afþreyingar- og listmiðlunar. Á meðal gesta verða Steve Schnur, yfirmaður tónlistar- og markaðssdeildar Electronic Arts, Jane Dyball hjá Warner Chappell, Amy Phillips, fréttastjóri vefsíðunnar Pitchforkmedia.com og Einar Örn Benediktsson.

Hægt er skrá sig á ráðstefnuna á heimasíðunni www.icelandmusic.is.

EINAR ÖRN BENEDIKTSSON Einar Örn flytur erindi á ráðstefnunni You Are In Control sem verður haldin í október.

Segja ferðasögu frá Palestínu

Umræðufundur um ástandið í Palestínu verður í haldinn húsnæði Ungra jafnaðarmanna, Hallveigarstíg, í dag. Þar munu Anna Pála Sverrisdóttir og Eva Bjarnadóttir segja ferðasögu sína, en þær ferðuðust til Ísraels og Palestínu um liðna verslunarmannahelgi til að skoða stjórnmálaumhverfið þar.

„Við ætlum bara að reyna að leyfa fólki að upplifa þetta eins og við gerðum á eins og lifandi hátt og mögulegt er," segir Anna Pála. „Fyrir mér var Palestínudeilan oft svo fjarlæg einhvern veginn og maður heyrði bara af henni í fréttunum. En við ætlum að segja sögur af fólki sem við hittum og sýna myndir af því, af „checkpoints" og handtökum og fleiru, en líka af djamminu og stuðinu og öllu þessu skemmtilega. Reyna að gera þetta aðeins mannlegra og útskýra hvernig fólkið sem býr þarna upplifir deiluna og raunveruleikann," útskýrir Anna Pála.

Fundurinn hefst klukkan 16.

- kbs

UPPLÝSA UM ÁSTANDIÐ Anna Pála og Eva segja frá sinni upplifun af ástandinu í Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Breski grínistinn **Ricky Gervais** hefur fest kaup á íbúð í New York ásamt kærustu sinni, Jane Fallon. Fregnir herma að íbúðin hafi kostað litlar 135 milljónir króna, enda á besta stað í borginni. Á meðal þeirra sem hafa búið í sömu byggingu eru stjörnurnar Grace Kelly, Candice Bergen, Joan Crawford og Liza Minelli.

Leikarinn **Nicolas Cage** mun fara með aðalhlutverkið í hasarmyndinni Kick-Ass, sem er byggð á ofbeldisfullum teiknimyndasögum Marks Millar. Myndin fjallar um menntaskólanema sem ákveður að verða ofurhetja þrátt fyrir að hafa ekki yfir að ráða neinum merkilegum eiginleikum. Hlutirnir breytast heldur betur þegar hann rekst á hóp glæpamanna með byssur á lofti.

Söngkonan **Dido** gefur í nóvember út sína fyrstu plötu í fimm ár. Platan nefnist Safe Trip Home og fylgir eftir plötunni Life For Rent sem seldist gríðarlega vel á sínum tíma, sérstaklega í Bretlandi. Útgáfu plötunnar hefur verið frestað nokkrum sinnum síðan Dido missti föður sinn í desember árið 2006. Fyrsta smáskífulag plötunnar nefnist Don´t Believe in Love, en Dido ætlar að gefa aðdáendum sínum annað lag, Look No Further, á heimasíðu sinni.

Hollywood-stjörnurnar Jamie Foxx, Fran Drescher og **Lucy Liu** voru á meðal þeirra sem mættu í galakvöldverð í Beverly Hills til stuðnings forsetaframbjóðanda demókrata, Barack Obama. Hver gestur í veislunni borgaði fúlgur fjár í aðgangseyri og rennur peningurinn beint í kosningasjóð Obamas. Veitir ekki af því enda kostar það skildinginn að komast alla leið í Hvíta húsið í Washington.

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

TROPIC THUNDER - FORSÝNING	kl. 8	16
THE ROCKER	kl. 1.50, 4, 6, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 1.50, 4, 6, 8 og 10.15	L
WALL–E – ÍSLENSKT TAL	kl. 1.50, 4 og 6	L
THE DARK KNIGHT	kl. 10.15	12

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
STAR WARS	kl. 1:30D - 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20	L
TROPIC THUNDER	kl. 10:20 FORSÝND	12
GET SMART	kl. 3:40 - 5:50 - 8D - 10:20	L
THE MUMMY TOMB	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	VIP
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
GET SMART	kl. 5:40D - 8D - 10:20D	L
STAR WARS	kl. 2D - 4:10D - 6:20D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30D - 3:40D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
SparBíó 550kr		

SAMBÍÓIN SELFOSS		
STAR WARS	kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
DECEPTION	kl. 10:20	14
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
STAR WARS	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10	7
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2	L
KUNG FU PANDA m/ísl.	kl. 4	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50	12
DARK KNIGHT Síð. sýn.	kl. 10:20	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
TROPIC THUNDER	kl 10:10	16
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10.20	7
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40- 5:50	L

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ		
THE ROCKER	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7
X - FILES	kl. 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 1 - 4 - 6	12
WALL-E ÍSL. TAL	kl. 1D - 3.30D	L
MAMMA MIA	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
THE MUMMY 3	kl. 1D - 5.45D	12
TROPIC THUNDER FORSÝNING	kl. 8 — 5%	16

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ		
THE ROCKER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 3 - 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

X - FILES	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	16
LOVE GURU	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ		
X - FILES	kl. 3.50 - 6 - 10.10	16
MAMMA MIA	kl. 3.50 - 6 - 8 - 10.10	L
TROPIC THUNDER FORSÝNING	kl. 8 — 5%	16

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Tónleikar Esju á Nasa

Hljómsveitin Esja spilaði fyrir fullu húsi á útgáfutónleikum sínum á Nasa. Hljómsveitarmeðlimir náðu fram góðri stemningu og virtust tónleikagestir kunna að meta þessa frumraun hljómsveitarinnar.

GÓÐ STEMNING Daníel Ágúst og Krummi náðu góðri stemningu á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

BAKSVIÐS Hljómsveitarmeðlimir undirbúa sig fyrir tónleikana.

BIÐU SPENNT Guðmundur, Magga og Inda biðu spennt eftir að tónleikarnir hæfust

TINNA DÖGG OG HELGI Virtust hæstánægð með tónlistina

SIGURÐUR OG BENEDIKT LÉTU SIG EKKI VANTA

English Pub í þýskri mynd

English Pub var undirlagður af kvikmyndatökufólki fyrr í vikunni, þegar þar fóru fram lokatökur á þýsk/íslenskri sjónvarpsmynd. „Þeir voru á barnum í næstum átján klukkustundir að taka upp efni. Það var ansi mikið af fólki þarna við vinnu og við eigendurnir komumst ekkert inn á staðinn á meðan tökur fóru fram," segir Arnar Þór Gíslason, eigandi English Pub, en þetta er í þriðja sinn sem hann lánar barinn undir tökur, en sakamálaþættirnir Svartir englar voru meðal annars teknir upp á barnum.

„Við komumst aftur til vinnu eftir klukkan sjö í gær, það er búið að vera nóg að gera hjá okkur undanfarna daga vegna Ólympíuleikanna. Svo er vertíðin okkar að byrja aftur með enska boltanum þannig að það er allt komið á fullt sving, eins og maður segir á góðri íslensku." Arnar segir að lukkuhjólið vinsæla sé enn á sínum stað og segir að von sé á skemmtilegri nýjung í lukkuleikjunum. „Við erum að þróa með okkur eina hugmynd sem hefur fengið nafnið Skákklukka dauðans. Þetta verður skemmtilegur en stórhættulegur leikur," segir Arnar að lokum. - sm

KOMST EKKI FYRIR Arnar segist ekki hafa komist fyrir inni á barnum meðan á tökum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SparBíó 550kr laugardag og sunnudag

SAMbio.is SAMBÍÓIN

WALL-E með íslensku tali kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.30 í Kringlunni kl. 2 Akureyri og kl. 1:30 í Keflavík og á Selfossi	*STAR WARS* kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 á self. og í kefl kl. 2 á ak	*DARK KNIGHT* kl. 2 í Álfabakka	*KUNG FU PANDA* ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni kl. 4 á Akureyri	*MAMMA MIA* kl. 1:30 í Álfabakka

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

Í hans eðli að vilja bera sig

Ragnar Zolberg segir stripp gítarleikarans Arnars á GayPride í Doncaster standa upp úr á tónleikaferðalagi þeirra um Bretland. Arnar fór úr öllu nema sokkunum. „Ég sá það nú ekki sjálfur og vissi ekki af því," segir Ragnar. „Hann var búinn að segjast ætla að koma okkur á óvart. Það var mjög fyndið og skemmtilegt. Það voru voða misjafnar undirtektir, sumir voru mjög hneykslaðir en aðrir voru bara í svaka stuði. Þetta er líka svona bær þar sem gerist ekkert rosalega mikið þannig að eitthvað svona er alveg nægt slúðurefni næstu mánuðina. Ég held að það sé bara hans eðli og hann hafi löngun til að bera sig og það hafi fylgt honum frá blautu barnsbeini."

GULLPLATA OG STRIPP Hljómsveitin Sign lauk nýlega tónleikaferð sinni um Bretland.

Ferðalaginu lauk á Kerrang-verðlaunahátíðinni, þar sem Sign fengu gullplötu fyrir ábreiðu sína af Run to the Hills eftir Iron Maiden, en lagið kom út á safnplötu frá Kerrang. „Þetta var bara mjög gaman, ótrúlega fínt. Öll stærstu nöfnin í rokkgeiranum voru þarna."

Sign spilar í dag fyrir ofan tattoo-stofuna Reykjavík Ink. Verður meira stripp í boði? „Ef það er eitthvað „móment", þá er aldrei að vita. Ef það er eitt sem ég get sagt um hann Arnar þá er það að hann er einn sá óútreiknanlegasti karakter sem ég hef nokkurn tíma kynnst."

Hann segir planið fyrir veturinn í vinnslu. „Við verðum eitthvað að spila og svo þurfum við líka að vinna eitthvað þess á milli. Lifa eðlilegu lífi líka. En veturinn er bara spennandi." - kbs

Stefnir á sigur í fitness

Arnar Grant er sigursælasti Fitnesskeppandi okkar Íslendinga. Nú stefnir hann á sigur á Norðurlandamóti sem verður haldið hér á landi í október.

„Fjölskyldan mín er orðin hálfþreytt á þessu, því þetta er alltaf síðasta mótið," segir Arnar Grant sem undirbýr sig nú af krafti fyrir Norðurlandamót í fitness sem haldið verður hér á landi þann 19. október. Nú eru um átta vikur í mótið og er Arnar byrjaður að æfa eins og óður maður, en hann hefur aldrei byrjað undirbúning jafn snemma fyrir nokkurt mót. Ástæða þess er góð. „Núna stefni ég á fyrsta sætið," segir Arnar. „Það er ekkert annað í boði. Ég hef aldrei lent í öðru sæti, ég er í raun eins og Kristinn Björnsson. Það er annaðhvort fyrsta sætið eða úr leik," segir hann og hlær. Arnar hefur tvisvar áður tekið þátt í þessu sama móti og þá lent í áttunda og sjötta sæti. Árið 2004 var hann þó fyrstur í samanburðinum.

Arnar var hættur að keppa en síðastliðið haust ákvað hann að taka þátt í móti að gamni og vann það. Þar með vann hann sér inn þátttökurétt á Norðurlandamótinu. „Mér fannst það ekkert svo merkilegt í fyrstu. Svo kom í ljós að mótið verður haldið hér og því finnst mér það skylda mín að sýna sportinu þá virðingu að taka þátt," segir hann.

En hvaða árátta er þetta að geta ekki hætt í sportinu? „Þegar maður er í formi þá einhvern veginn verður maður að fá að reyna sjálfan sig, þetta er eins og að eiga sportbíl, þú vilt fá að prófa hvað hann getur annað slagið," segir Arnar. „Þetta er eins að eiga líkama í dúndurformi, þú vilt fá að reyna hvað þú getur gert með hann."

Arnar segist ætla að hætta eftir Norðurlandamótið, en það þýðir ekki að leggist í dvala, heldur hefur hann í nógu að snúast. Hann og Dísa í World Class eru að fara að gefa út líkamsræktar-DVD-disk. Þá hyggst hann einnig einbeita sér að heilsuvörum sem hann og Ívar Guðmundsson hafa komið á markað. „Það verða nýjungar í því með haustinu," segir Grant.

GRANT Svona lítur Arnar Grant út átta vikum fyrir stóra Norðurlandamótið. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig útlitið verður á keppnisdaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

soli@frettabladid.is

Prag
28. september
frá kr. 49.990

Frábært lúxustilboð
5 stjörnu gisting
Hotel Corinthia Towers
* * * * *

Frábær lúxusferð á einstökum tíma í Prag!

Nú er upplagt að skreppa til Prag og dekra við sig í aðbúnaði í þessari einstaklega fögru borg. Bjóðum frábært sértilboð á Hotel Corinthia Towers sem er glæsilegt fimm stjörnu hótel. Haustið í Prag er einstakt og frábært að heimsækja borgina. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni. Ath. aðeins fá herbergi í boði á þessum kjörum.

Verð kr. 49.990 ***** - 4 nætur
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Corinthia Towers ***** með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 19.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

>Atvik umferðarinnar

Kristján Valdimarsson, varnarmaður Fylkis, fór meiddur af velli gegn ÍA eftir að Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis, keyrði hann niður. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi nema hvað að þetta er í annað skiptið í sumar sem Fjalar skilur Kristján eftir óvígan á vellinum því varnarmaðurinn þurfti einnig að yfirgefa völlinn í Evrópuleik gegn FK Riga.

>Ummæli umferðarinnar

„Mig langar að fara og fá mér kaffi og fara svo upp á Skaga og spila leikinn. Þannig er hugarfarið hjá okkur," sagði Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður HK, eftir sigurleik gegn Val þegar hann var spurður út í næsta leik HK gegn ÍA.

sport
sport@frettabladid.is

16. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: HK-INGAR EYGJA ENN VON

FH og Valur misstigu sig illilega

Keflvíkingar sýndu allar sínar bestu hliðar þegar þeir fengu Þróttara í heimsókn á Sparisjóðsvöllinn í Keflavík. Gestirnir áttu ekkert svar við hröðum sóknarleik heimamanna og niðurstaðan var 5-0 sigur Keflavíkur sem hirti toppsætið á kostnað FH.

FH-ingar sóttu án afláts gegn Grindavík en fundu ekki leið framhjá markverðinum Zankarlo Simunic sem fór á kostum í 0-1 sigri Grindavíkur. Þetta var sjötti útisigur Grindavíkur í sumar.

Íslandsmeistarar Vals voru búnir að vera á mikilli siglingu í deildinni þegar botnbaráttulið HK kom í heimsókn á Vodafone-völlinn en gestirnir hirtu öll stigin. HK-ingar unnu einnig fyrri leik liðanna á Kópavogsvelli.

Skagamönnum veitti heldur ekki af stigum en voru ekki jafn lánsamir á Fylkisvelli og urðu að sætta sig við jafntefli gegn Fylki eftir að hafa leitt leikinn mestallan síðari hálfleik.

Tvö mörk í blálokin frá Guðjóni Baldvinssyni nægðu til þess að tryggja KR-ingum 0-2 sigur gegn Fram á Laugardalsvelli en fyrri leikur liðanna á KR-velli fór einnig 2-0 og þá skoraði Guðjón annað mark KR.



TÖLURNAR TALA

Flest skot: 23, FH
Flest skot á mark: 13, Fylkir
Fæst skot: 4, Grindavík
Hæsta með.ein.: 7,0 Keflavík
Lægsta meðaleink.: 4,3 Þróttur
Grófasta liðið: 17 brot, Fylkir
Prúðasta liðið: 6 brot, Keflavík
Flestir áhorf.: Fram-KR, 1.162
Fæstir áhorf.: Valur-HK, 713
Áhorfendur alls: 5.322

> Besti dómarinn: Eyjólfur Kristinsson fékk hæstu einkunn hjá Fréttablaðinu fyrir 16. umferð Landsbankadeildarinnar en hann fékk 9 fyrir að dæma leik Íslandsmeistara Vals og HK á Vodafone-vellinum.

EKKI NÓG Björgólfur Takefusa hefur skorað í síðustu fjórum deildarleikjum (5 mörk) KR og Keflavík en enginn þeirra hefur unnist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tak Keflvíkinga á KR-ingum:

Ellefu leikir í röð án taps

FÓTBOLTI Topplið Keflavíkur í Landsbankadeild karla sækir KR-inga heim í 17. umferð í kvöld og leikmenn Keflavíkur ættu að geta verið bjartsýnir á hagstæð úrslit.

Keflvíkingar hafa nefnilega verið með gott tak á Vesturbæingum síðustu árin og töpuðu síðast fyrir KR 10. júní 2002 eða fyrir rúmum sex árum.

Síðan þá hafa liðin spilað ellefu deildar- og bikarleiki, Keflavík hefur unnið sjö þeirra og fjórir hafa endað með jafntefli. Sigur KR á Keflavík fyrir sex árum var í Keflavík og það er enn lengra síðan Keflavík tapaði í Vesturbænum en það gerðist síðast 18. júní 2001. **- óój**

Garðar Gunnlaugsson:

Búinn að semja við CSKA Sofia

FÓTBOLTI Garðar Gunnlaugsson hefur gert þriggja ára samning við búlgarska stórliðið CSKA Sofia. Garðar innsiglaði samninginn eftir að hafa skorað mark og lagt upp annað í æfingaleik í fyrrakvöld. Garðar hefur leikið með IFK Norrköping í Svíþjóð síðasta eina og hálfa árið þar sem hann skoraði 30 mörk í aðeins 45 leikjum. CSKA vann meistaratitilinn í 31. sinn síðasta vor. **- óój**

Norska úrvalsdeildin:

Veigar skoraði

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson skoraði mark Stabæk í 1-1 jafntefli í Íslendingaslagnum á móti Lyn í norsku úrvalsdeildinni í gær.

Markið skoraði Veigar Páll á 57. mínútu og kom Stabæk yfir en Diego Guastavino jafnaði átta mínútum síðar. Veigar Páll spilaði allan leikinn eins og Indriði Sigurðsson hjá Lyn en Pálmi Rafn Pálmason kom inn á sem varamaður hjá Stabæk 11 mínútum fyrir leikslok.

Þetta var fimmta mark Veigars á tímabilinu en Stabæk er með 5 stiga forskot á toppnum. **- óój**

Horfi ekki einu sinni á stigatöfluna

Hinn færeyski Símun Samuelsen hjá Keflavík fór á kostum þegar hann skoraði eitt mark og lagði upp tvö í 5-0 sigri gegn Þrótti. Miðjumaðurinn sterki er fyrir vikið leikmaður 16. umferðar hjá Fréttablaðinu. Símun er ánægður með spilamennsku toppliðs Keflvíkinga í sumar en minnir á að enn eru sex leikir eftir.

ELDFJÓTUR Hinn eldfljóti Símun hefur oft og tíðum valdið usla í vörnum andstæðinganna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FÓTBOLTI Keflvíkingar hafa verið í toppbaráttunni í allt sumar og eftir 5-0 sigurinn gegn Þrótti náðu þeir að endurheimta toppsætið af FH-ingum. Keflvíkingar eru nú taplausir í síðustu átta leikjum sínum í röð í deildinni og hafa unnið fimm af þeim leikjum. Símun Samuelsen segir þó að Keflvíkingar verði að halda áfram á sömu braut og sýna það og sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þeir geti spilað vel út heilt tímabil.

Verðum að vera tilbúnir á móti KR

„Það eru náttúrulega enn sex leikir eftir og það er mikilvægt að við náum að halda okkar striki áfram og taka bara einn leik í einu. Síðasti leikur gegn Þrótti var mjög góður hjá öllu liðinu og við þurfum bara að halda áfram," segir Símon.

„Næsta verkefni er útileikur gegn KR og ég hef mikla trú á því að við verðum mjög vel stemmdir fyrir þann leik. Við unnum þá á okkar heimavelli og ég veit að KR-ingar vilja eflaust hefna fyrir það þannig að við verðum að vera tilbúnir. Við vitum alveg hvar við erum í deildinni en það þýðir ekkert að einblína á það núna og ég horfi ekki einu sinni á stigatöfluna," segir Símun.

Stöðugleiki er lykillinn

Símun er ánægður með eigin spilamennsku í sumar sem og Keflavíkurliðsins i heild og telur að lykillinn að árangri sé að ná að fækka lélegu leikjunum.

„Þetta er búið að vera mjög fínt. Maður er hins vegar aldrei almennilega sáttur og það er alltaf eitthvað sem má betur fara. Ég fór rólega af stað í upphafi móts en tel að ég sé búinn að vera stöðugur í mínum leik eins og allt liðið í rauninni. Við höfum náð nokkrum toppleikjum en það sem er mikilvægast er að við höfum náð að fækka lélegu leikjunum," segir Símun.

„Liðsheildin er líka virkilega sterk hjá Keflavík og Það eru allir sem standa saman og vinna leikina sem lið. Leikmannahópurinn er stór og sterkur og það er mikil barátta um stöður í liðinu og það er mjög jákvætt og hjálpar liðinu mikið. Byrjunarliðsmennirnir hverju sinni þurfa að vera á tánum og varamennirnir sem koma inn á þurfa að virkilega að grípa tækifærið þegar það gefst til þess að sýna það að þeir eiga heima í byrjunarliðinu," segir Símun.

Deildin er skemmtilegri

Sóknarleikurinn hefur verið aðalsmerki Keflavíkur í sumar sem og undanfarin ár og Símun er ánægður með að liðin í deildinni sem þora að sækja af krafti séu að skipa sér í efstu sætin.

„Mér finnst Landsbankadeildin skemmtilegri núna en oft áður. Sóknarleikurinn er í fyrirrúmi hjá mörgum liðum og það er skorað mikið af mörkum. Ég fagna því bara að sóknarliðin virðast vera að skipa sér í efstu sæti deildarinnar í sumar. Við leggjum leikina okkar alla vega þannig upp að skora bara meira en móthherjinn og það hefur gengið ágætlega hingað til," segir Símun.

omar@frettabladid.is

BARÁTTA Keflvíkingurinn Símun er hér í baráttu við Valsarann Rasmus Hansen í jafnteflisleik liðanna á Vodafone-vellinum fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurganga Blikastúlkna endaði á móti KR í undanúrslitum Visa-bikars kvenna í gær:

Draumaúrslitaleikur milli KR og Vals

FÓTBOLTI Bikarmeistarar KR eru komnar í bikarúrslitaleikinn annað árið í röð og í þriðja sinn á fjórum árum eftir sannfærandi 4-2 sigur á Blikum í gær. KR sló Blika einnig út úr undanúrslitunum þegar liðið vann bikarinn í fyrra. KR mætir þar með Íslandsmeisturum Vals í draumaúrslitaleik á Laugardalsvellinum 20.september en þetta eru tvö efstu liðin í Landsbankadeild kvenna.

KR-konur ætluðu greinilega ekki að láta Blikastúlkur taka af sér annan titilinn í sumar en 3-1 sigur Breiðabliks á KR á dögunum gerði að mestu út um meistaravonir KR.

Blikastúlkur voru búnar að vinna níu leiki í röð en skelfilegur fyrri hálfleikur gerði út um allar vonir liðsins í þessum leik. KR hefur nú unnið góða sigra á liðunum í 1. og 3. sæti í síðustu leikjum og er til alls líklegt á lokasprettinum.

KR-liðið tók öll völd frá fyrstu mínútu leiksins og þær Hrefna Huld Jóhannesdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir komu liðinu í 2-0 á fyrstu níu mínútum leiksins.

ALVÖRU TÆKLING Hólmfríður Magnúsdóttir átti frábæran fyrri hálfleik og hér hefur hún tæklað Blikann Örnnu Birnu Þorvarðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þriðja markið kom síðan á 21. mínútu, en það var slysalegt sjálfsmark, og síðan átti Hólmfríður bæði skalla og skot í slána áður en hálfleiknum lauk.

Blikar gáfust ekki upp og sýndu allt annan og betri leik eftir hlé en það dugði ekki til. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir kom KR í 4-0 með skalla af stuttu færi eftir hornspyrnu Eddu Garðarsdóttur áður en Blikar minnkuðu muninn með tveimur mörkum.

Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði fyrst glæsilegasta mark leiksins, þegar hún skoraði með þrumuskoti af löngu færi og Erna Björk Sigurðardóttir skoraði síðan laglegt skallamark á 76. mínútu. Nær komust Blikar ekki og KR er komið í bikarúrslit kvenna í níunda sinn. **- óój**

ÚRSLITIN

Enska úrvalsdeildin:

Blackburn-Hull	1-1
1-0 Jason Roberts (37.), 1-1 Richard Garcia (39.).	
Liverpool-Middlesbrough	2-1
0-1 Mido (69.), 1-1 sjálfsmark (86.) 2-1 Steven Gerrard (90.+3).	
Newcastle-Bolton	1-0
1-0 Michael Owen (70.).	
Stoke-Aston Villa	3-2
1-0 Liam Lawrence (29.), 1-1 John Carew (62.), 2-1 Ricardo Fuller (80.), 2-2 Martin Laursen (82.), 3-2 Mamady Sidibe (90.+3).	
Tottenham-Sunderland	1-2
0-1 Kieran Richardson (54.), 1-1 Jermaine Jenas (72.), 1-2 Djibril Cissé (81.).	
West Brom-Everton	1-2
0-1 Leon Osman (64.), 0-2 Yakubu Aiyegbeni (75.), 1-2 Roman Bednár (88.).	
Fulham-Arsenal	1-0
1-0 Brede P. Hangeland (21.)	

STAÐA EFSTU LIÐA

Liverpool	**2**	**2**	**0**	**0**	**3-1**	**6**
Blackburn	2	1	1	0	4-3	4
Hull City	**2**	**1**	**1**	**0**	**3-2**	**4**
Newcastle	2	1	1	0	2-1	4
Chelsea	**1**	**1**	**0**	**0**	**4-0**	**3**
Aston Villa	2	1	0	1	6-5	3
Bolton	**2**	**1**	**0**	**1**	**3-2**	**3**
West Ham	1	1	0	0	2-1	3
Everton	**2**	**1**	**0**	**1**	**4-4**	**3**
Middlesbrough	2	1	0	1	3-3	3
Fulham	**2**	**1**	**0**	**1**	**2-2**	**3**
Sunderland	2	1	0	1	2-2	3
Arsenal	**2**	**1**	**0**	**1**	**1-1**	**3**
Stoke City	2	1	0	1	4-5	3

Nóg af dramatískum sigurmörkum

Liverpool er með fullt hús í ensku deildinni eftir að Steven Gerrard tryggði liði sínu sigur í uppbótartíma. Michael Owen tryggði Newcastle sigur á Bolton og Arsenal tapaði óvænt fyrir nágrönnum sínum í Fulham.

FÓTBOLTI Liverpool stal þremur stigum á heimavelli á móti Middlesbrough í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar en Arsenal þurfti aftur á móti að sætta sig við tapa fyrir nágrönnum sínum í Fulham.

Það voru dramatísk sigurmörk sem settu svip sinn á leikina í gær, Stoke vann 3-2 sigur á Aston Villa með marki í uppbótartíma, Steven Gerrard skoraði einnig sigurmark Liverpool í uppbótartíma og þá skoruðu þeir Michael Owen og Djibril Cisse báðir sigurmörk eftir að hafa komið inn af bekknum.

Steven Gerrard varð enn á ný gulls ígildi fyrir Liverpool þegar hann tryggði liðinu 2-1 heimasigur á Middlesbrough með marki á fjórðu mínútu í uppbótartíma. Það stefndi allt í sigur Middlesbrough eftir að Mido kom þeim yfir en Jamie Carragher skaut í Emanuel Pogatetz og jafnaði leikinn fimm mínútum fyrir leikslok.

„Ég var mjög ánægður með fyrstu 15 mínúturnar en eftir það spiluðum við ekki vel. Við gerðum alltof mörg jafntefli á Anfield á síðasta tímabili en nú höfum við sýnt að við höfum sigurvegara í okkar liði sem geta gert út um leiki," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

„Það er erfitt að kyngja þessu tapi og mínir menn voru niðurbrotnir í búningsklefanum. Við áttum skilið stig og miklu meira en það," sagði Gareth Southgate, stjóri Middlesbrough.

Norðmaðurinn Brede P. Hangeland tryggði Fulham 1-0 sigur á Arsenal með marki strax á 21. mínútu eftir sofandahátt varnarmanna Arsenal eftir hornspyrnu. Þetta var aðeins annar heimasigur Fulham á Arsenal í 8 leikjum liðanna í úrvalsdeildinni.

SIGURMARK Á SÍÐUSTU STUNDU Leikmenn Liverpool fagna sigurmarki Stevens Gerrard. NORDICPHOTOS/AFP

„Fulham byrjaði miklu betur en við áttum seinni hálfleikinn. Fulham á samt hrós skilið, þeir ógnuðu alltaf og vörðust vel. Það verður að byrja alla leiki af krafti og okkur var refsað fyrir að gera það ekki," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

Michael Owen kom inn á sem varamaður og tryggði Newcastle 1-0 sigur á Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton. „Það vilja allir að Owen verði áfram hjá okkur og ég veit að hann vill spila hér áfram," sagði Kevin keegan, stjóri Newcastlke eftir leik. Keegan ætlaði bara að nota Owen í 15 mínútur en varð að setja hann fyrr inn á þegar Obafemi Martins meiddist. Shay Given, markvörður Newcastle, varði á undan vítaspyrnu frá Kevin Nolan.

OWEN SKORAR Grétar Rafn Steinsson stendur stjarfur eftir að Michael Owen hefur skorað. NORDICPHOTOS/GETTY

Djibril Cisse skoraði sigurmark Sunderland í sínum fyrsta leik fyrir félagið þegar hann tryggði liðinu 2-1 sigur á White Hart Lane. Tottenham hefur þar með tapað tveimur fyrstu leikjunum sínum á tímabilinu. Juande Ramos valdi Dimitar Berbatov ekki í leikmannahópinn en hann sagði Búlgarann ekki vera með einbeitinguna í lagi. Cisse kom inn á sem varamaður og skoraði sigurmarkið á 83. mínútu.

„Við missum okkur ekkert yfir útisigri á Tottenham," sagði Roy Keane, stjóri Sunderland, eftir leik. „Það sagði mér einhver að Djibril hefði líka skorað í sínum fyrsta leik fyrir Liverpool en það skiptir engu hver útkoman varð þá. Þetta er frábær byrjun því hann æfði aðeins einu sinni með okkur fyrir þennan leik," sagði Keane.

ooj@frettabladid.is

27 STIG Logi Gunnarsson var langstigahæstur. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

25 stiga tap fyrir Notre Dame:

Skotsýning Loga dugði skammt

KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson skoraði 27 stig fyrir íslenska karlalandsliðið í lokaleik liðsins á æfingamótinu á Írlandi en það dugði þó skammt því liðið tapaði með 25 stigum fyrir bandaríska háskólaliðinu Notre Dame, 90-65.

Notre Dame var 52-28 yfir í hálfleik og var með leikinn í sínum höndum allan tímann. Logi skoraði langmest í íslenska liðinu en Jakob Örn Sigurðarson kom honum næstur með 9 stig.

Þetta var síðasti leikur íslenska liðsins fyrir Evrópukeppnina þar sem fyrsti leikurinn er gegn Dönum þann 10. september. - óój

HETJAN Jóhann Berg Guðmundsson tryggði Blikum 1-0 sigur á Val í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valsmenn heimsækja Blika:

Unnu þá síðast í Kópavogi 1992

FÓTBOLTI Breiðablik og Valur mætast í 17. umferð Landsbankadeildar karla í kvöld en Blikar slógu Valsmenn einmitt út úr bikarnum á sama stað fyrr í sumar.

Valsmenn hafa reyndar aðeins haft tvö stig upp úr krafsinu í síðustu sjö heimsóknum sínum til Blika í Kópavoginn og það eru liðin rétt tæp 16 ár síðan þeir unnu þar síðast. Valsliðið vann þá 5-0 stórsigur á Blikum 26. ágúst aðeins þremur dögum eftir að Hlíðarendapiltar urðu bikarmeistarar.

Valsmenn hafa unnið fjóra útileiki í röð og eru því líklegir til að bæta gengi sitt en því má þó ekki gleyma að Blikar hafa ekki tapað síðan 23. júní eða í síðustu tíu deildar- og bikarleikjum sínum. - óój

FRÁBÆR Í VIKU TVÖ Ólafur Stefánsson hefur komið að 12,3 mörkum að meðaltali í síðustu 3 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Stefánsson á ÓL:

Skipti í fimmta gír í viku tvö

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins, fann sig ekki í fyrri viku handboltakeppni Ólympíuleikanna en var hins vegar búinn að setja í fimmta gír í viku tvö.

Ólafur var „aðeins“ með 2,3 stoðsendingar í leik og 43 prósenta skotnýtingu í fyrstu fjórum leikjunum á móti Rússum, Þjóðverjum, Kóreumönnum og Dönum.

Landsliðsfyrirliðinn hefur hins vegar nýtt 55 prósent skota sinna og gefið 8,7 stoðendingar að meðaltali í síðustu þremur leikjum, á móti Egyptum, Pólverjum og Spánverjum. - óój

BESTI VINSTRI HORNAMAÐURINN Guðjón Valur Sigurðsson er í liði mótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltakeppni leikanna:

Þrír Íslendingar í liði mótsins

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson eru allir í sjö manna úrvalsliði Ólympíuleikanna en tilkynnt var um val liðsins í gær.

Þrír Frakkar, mótherjar Íslands í gullleiknum í dag, eru einnig í liðinu en það eru markvörðurinn Thierry Omeyer, línumaðurinn Bertrand Gille og vinstri skyttan Daniel Narcisse. Sjöundi maðurinn er síðan spænski hornamaðurinn Albert Rocas. - óój

MARKAHÆSTUR Snorri Steinn Guðjónsson hefur skorað 44 mörk á leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tölfræði handboltans á ÓL:

Snorri, Ólafur og Alex efstir

HANDBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson er með tveggja marka forustu á Spánverjann Juanín García í baráttunni um markakóngstitilinn og Ólafur Stefánsson hefur fimm stoðsendinga forskot á Frakkann Nikola Karabatic á listanum yfir flestar stoðsendingar. Alexander Petersson er í efsta sæti yfir stolna bolta en hann hefur stolið alls níu boltum. - óój

Íslenski björninn Sigfús Sigurðsson er fullur sjálfstrausts fyrir úrslitaleikinn á móti Frökkum í dag:

Tel að við séum með besta lið í heimi

PEKING 2008 „Ég lenti í lyfjaprófi eftir leikinn þannig að ég var bara að losa mig við vökvann sem ég drakk þar alla nóttina,“ sagði skógarbjörninn Sigfús Sigurðsson aðspurður hvernig nóttin eftir Spánarleikinn hefði verið.

„Annars var ég að reyna að sofna en maður lá bara í rúminu og skiptist á því að brosa og gráta. Ég held ég hafi ekki sofnað fyrr en sex eða sjö um morguninn. Það var mikið tilfinningaflæði og þetta reyndi mikið á mann. Að vita að maður sé að fara í úrslitaleik og vita að maður sé nú þegar búinn að rita nafn sitt á spjöld íþróttasögunnar er magnað. Maður var að meðtaka það undir lok leiksins og þá rann allt af stað,“ sagði Sigfús. Hann segir menn ekki vera hætta og stefnan sé að taka gull í dag.

„Nú verða menn að halda dampi og klára þetta með stæl. Frakkarnir eru fantagóðir en við erum ekkert síðri. Auðvitað misstu þeir mikið þegar Jerome Fernandez meiddist en eru samt frábærir. Aðall þeirra er vörn og hraðaupphlaup rétt eins og hjá okkur. Þetta mun snúast um hvort liðið verði grimmara. Ég tel að það lið sem verði grimmara og hafi stærra hjarta muni bera sigur úr býtum,“ sagði Sigfús sem er ekki í vafa um hvort liðið það sé en hann hafði fyrr í mótinu lofað medalíu.

„Ég vil meina að við séum með besta lið í heimi. Gullið er okkar,“ sagði Sigfús borubrattur og fullur sjálfstrausts.

– hbg

FASTUR FYRIR Sigfús Sigurðsson er fullur sjálfstrausts og ætlar að láta Frakkana finna fyrir sér í úrslitaleiknum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við ætlum að selja okkur dýrt

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að strákarnir muni mæta tilbúnir í úrslitaleikinn gegn Frökkum í dag. Hann segir menn ekki vera sadda og treystir því að menn mæti grimmir til leiks.

PEKING 2008 Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var einbeittur og virtist vera kominn niður á jörðina þegar landsliðið tók lokaæfingu sína fyrir úrslitaleikinn gegn Frökkum í dag.

„Maður svaf svo sem ekki mikið í nótt og er enn að átta sig á þessu. Við erum ekkert að dvelja við síðasta leik og undirbúningur hófst að sjálfsögðu strax fyrir Frakkaleikinn,“ sagði Guðmundur sem er ánægður með að mæta Frökkum sem flestir telja vera besta lið heims.

Erum ekki orðnir saddir

„Það er stórkostlegt tækifæri. Við ætlum að selja okkur dýrt og erum ekki saddir. Þegar menn eru komnir þetta langt gefa menn allt til þess að ná gullinu,“ sagði Guðmundur en strákarnir hafa ekki gleymt því að þeir kjöldrógu Frakkana á HM 2007. Frakkarnir hafa eflaust ekki gleymt því heldur.

„Það er allt mögulegt í sportinu og við höfum margsannað að við getum gert góða hluti gegn öllum liðum. Frakkar eru þar engin undantekning. Þeir eru frábærir en ekkert yfirburðalið,“ sagði Guðmundur en hvað telur hann vera lykilinn að sigri í dag?

Búnir undir þrenns konar vörn

„Við þurfum að spila vel á öllum sviðum handboltans. Vörnin verður auðvitað að vera frábær og sóknarleikurinn líka lifandi. Ef vörnin kemur þá fylgir vonandi markvarslan í kjölfarið líkt og hún hefur verið að gera. Við erum annars búnir undir allt sem Frakkar geta boðið upp á. Meðal annars þrjú varnarafbrigði. Við verðum tilbúnir,“ sagði Guðmundur.

Strákarnir tóku fund um klukkan eitt nóttina eftir Spánarleikinn þar sem undirbúningur fyrir Frakkaleikinn hófst formlega. Lokaæfingin fór svo fram eftir hádegi í gær og í kjölfarið var vídeófundur. Svo verður aftur vídeófundur í dag fyrir leik.

Sjáum ekki eftir fundunum

„Það er síðasti fundurinn af mörgum. Við sjáum samt ekki eftir þessum fundum og þessari vinnu sem við höfum lagt í undirbúninginn. Hún hefur skilað okkur miklum árangri,“ sagði Guðmundur sem fagnar því að leikurinn sé um miðjan dag að staðartíma í staðinn fyrir seint um kvöld líkt og gegn Spánverjum.

„Ég er mjög feginn að þurfa ekki að bíða of lengi. Það er oft verra. Á móti kemur að við missum morgunæfinguna sem ég hefði ekkert haft á móti. Þetta verður gríðarlega spennandi en aðalatriðið er að við komum með sömu grimmd til leiks og í öðrum leikjum í þessu móti. Ég treysti strákunum fyllilega til þess að mæta með hana að vopni,“ sagði Guðmundur Guðmundsson.

ELSKAÐUR Guðmundur Guðmundsson á góðri stundu eftir síðustu æfingu fyrir úrslitaleikinn á móti Frakkklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

GLEÐISTUND Sigfús Sigurðsson óskar Guðmundi Guðmundssyni til hamingju með sætið í gullleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Logi Geirsson segir menn vera í öðrum heimi í Peking:

Tvö bestu liðin mætast í úrslitum

PEKING 2008 Stórskyttan Logi Geirsson var hress sem fyrr eftir lokaæfingu landsliðsins í Peking í gær. Hann er fullur sjálfstrausts líkt og venjulega og mun ef að líkum lætur láta verulega til sín taka í dag.

Logi tók hvað eftir annað af skarið í undanúrslitaleiknum á móti Spánverjum og skoraði alls 7 mörk úr aðeins 11 skotum, þar af sex þeirra af 9 metrunum.

„Ég ætla að koma brjálaður inn í leikinn eins og allt liðið. Stefnan er að sjálfsögðu að taka gullið,“ sagði Logi ákveðinn en hann átti líkt og flestir félaga hans erfitt með svefn eftir Spánarleikinn.

„Ég man ekki hvenær ég sofnaði. Held ég hafi vakað til fjögur eða fimm enda var spennufallið mikið. Maður fór bara að labba á milli herbergja til þess að faðma menn og segja strákar, come on, einn leikur enn,“ segir Logi þegar hann rifjar upp nóttina eftir Spánarleikinn.

„Þetta er bara snilld. Jákvæð orka og allur þessi pakki. Maður er bara á því sviði núna að við erum ekki búnir að ná þessu og eigum eftir að klára þennan pakka. Svo tekur maður gleðina alveg út þegar þetta er búið,“ sagði Logi sem getur vart lýst því hvernig síðustu dagar hafa verið.

„Maður er bara í öðrum heimi. Menn eru á einhverju sviði sem erfitt er að lýsa. Það er unun að fá tækifæri til þess að vinna gull og spila gegn Frökkum í úrslitaleik. Líklega skemmtilegasta liðið í keppninni til þessa ásamt okkur. Það eru einfaldlega tvö bestu lið keppninnar að mætast í úrslitum. Það er bara að duga eða drepast,“ sagði Logi Geirsson. - hbg

ÓDYSSEIFUR Ólafur Stefánsson líkti Loga við eina stærstu sögupersónu heimsbókmenntanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Safnaðu kröftum
eftir leikinn í laugunum

Til hamingju Ísland!

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma lauganna á www.itr.is

Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

dagskrá

> Oprah Winfrey

„Mín lífsspeki er sú að ef maður gerir sitt besta þetta augnablik þá sé maður betur undirbúinn fyrir það næsta."
Oprah stjórnar spjallþætti sem sýndur er á Stöð 2 í dag.

VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON ER FARIN AÐ HORFA BARA Á YOUTUBE

Heimilisráð og mötuneyti Svarthöfða

Þegar sjónvarpsdagskráin brestur er mér það mikið fagnaðarefni að geta bara kveikt á tölvunni og smellt á YouTube. Hvern hefði órað fyrir þessu fyrirbæri fyrir nokkrum árum þar sem allt mögulegt er að finna, frá gömlum sjónvarpsþáttum og tónlistarmyndböndum upp í leynilegar upptökur af sértrúarsöfnuðum og svo það besta af öllu: „How to"-myndskeiðin. Ef maður er í vandræðum heima fyrir, hvort sem það er við að skrúfa saman bókaskáp eða laga flókið „soufflé" þá skrifar maður bara „How to …" og svo framvegis og viti menn, einhver er kominn á YouTube til að sýna manni nákvæmlega hvernig á að gera þetta. Svo er líka svo yndislegt að þegar maður er orðinn þunglyndur af

endalausum lögguþáttum og lélegu Kastljósi getur maður bara slökkt á sjónvarpinu og hlegið sig máttlausan að öllu því snilldarsjónvarpsefni sem er aldrei í boði á Íslandi. Nýlega hef ég skemmt mér yfir Mighty Boosh-þætti sem nefnist Crack Fox, ég hef fengið unaðslegan hroll yfir hrylli-ingsteiknimyndinni Salad Fingers og flissað yfir Death Star Canteen. Þar talar grínistinn Eddie Izzard fyrir legoútgáfu af Svarthöfða sem er að fá sér hádegisverð í mötuneytinu á sinni vondu svörtu plánetu. Ég þykist fullviss um að ef ég hefði ekki YouTube hefði mér aldrei nokkurn tímann dottið í hug að það væri mötuneyti á Death Star, en auðvitað verða allir að borða …

EKKI MISSA AF

▶ **17.45 KR - Keflavík** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.10 Jamie's Chef** STÖÐ 2

▶ **20.00 Dresden Files** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.10 Frelsisþrá (Tropiques amers** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.10 Robin Hood - NÝTT** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

07.35 ÓL í Peking Handbolti karla.
09.30 Disneystundin Nýi skólinn keisarans og Sígildar teiknimyndir.
10.00 ÓL í Peking Körfubolti karla.
12.00 Lokahátíð ÓL í Peking
14.15 ÓL í Peking - Samantekt
15.00 ÓL í Peking Handbolti karla (e)
16.40 ÓL í Peking Blak kvenna. (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Einn góðan veðurdag Bresk barnamynd (e)
17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn (8:12) (e)
18.00 Stundin okkar (e)
18.30 Á flakki um Norðurlönd (På luffen - Norden) (7:8)
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Út og suður Gísli Einarsson heilsar uppá forvitnilegt fólk.
▶**20.10 Frelsisþrá** (Tropiques amers) (3:6) Franskur myndaflokkur frá 2006. Sagan gerist á eyjunni Martinique í Karíbahafi seint á 18. öld og segir frá árekstrum milli hvítra plantekrueigenda og þræla þeirra.
21.05 Silfurhaukur (Fei ying) Kínversk bíómynd frá 2004 um ofurhetjuna Silfurhauk. Stúlkan sú er útfarin í bardagalistum og berst gegn illum öflum hvar sem þau er að finna.
22.45 Ólympíukvöld (16:16)
23.15 Lokahátíð ÓL í Peking (e)
01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 My Super Ex-Girlfriends
10.00 Barbershop 2
12.00 The Honeymooners
14.00 My Super Ex-Girlfriends
16.00 Jersey Girl
18.00 Barbershop 2
20.00 The Honeymooners Gamanmynd um Ralph Kramden sem dreymir um betra líf og er iðinn við að koma sér í vandræði.
22.00 Tristan + Isolde
00.05 Boys
02.00 Damien: Omen II
04.00 Tristan + Isolde
06.05 Batman Begins

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto, Gulla og grænjaxlarnir.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.
09.30 Kalli litli kanína og vinir
09.55 Stóra teiknimyndastundin
10.15 Bratz
10.40 Ævintýri Juniper Lee
11.05 Stuðboltastelpurnar
11.30 Latibær (2:18)
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Neighbours
12.50 Neighbours
13.10 Neighbours
13.30 Neighbours
13.50 Neighbours
14.15 Monk (10:16)
15.00 Flipping Out (5:7)
15.45 Creature Comforts (5:7)
16.10 Beauty and The Geek (5:13)
16.55 60 minutes
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
▶**19.10 Jamie's Chef** (1:4) Jamie Oliver er mættur aftur í nýrri þáttaröð. Þar aðstoðar hann lærisveina sína af veitingahúsinu Fifteen við að setja á laggirnar þeirra eigin veitingahús frá grunni.
20.00 Women's Murder Club (10:13) Þáttur um fjórar perluvinkonur sem vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.
20.45 Numbers
21.30 The Tudors (4:10) Önnur þáttaröð einnar metnaðarfyllstu sjónvarpsþáttaraðar síðari ára um Hinrik VIII sem er einn nafntogaðasti konungur sögunnar.
22.25 Wire (10:13)
23.25 Hotel Babylon (2:8)
00.20 Canterbury's Law (5:6)
01.05 Killer Wave
02.35 Killer Wave
04.05 Women's Murder Club (10:13)
04.50 Numbers
05.35 Fréttir (e)

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

07.20 PGA mótaröðin
10.20 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.
11.00 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum.
11.30 Formúla 1 2008 Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum á Spáni.
14.05 England - Tékkland Útsending frá vináttulandsleik Englands og Tékklands.
15.50 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen Þriðji þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn íslandssögunnar.
16.45 Landsbankamörkin 2008
▶**17.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla. KR - Keflavík
20.00 PGA mótaröðin Bein útsending frá Barclays mótinu.
22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
23.00 F1: Við endamarkið
23.40 Supercopa 2008 Útsending frá leik Valencia og Real Madrid í Super Copa. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.55.
01.20 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

09.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
11.00 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
12.20 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Wigan og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
14.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
17.15 Enska úrvalsdeildin Fulham - Arsenal.
18.55 Enska úrvalsdeildin Liverpool - Middlesbrough.
20.35 4 4 2
21.55 Enska úrvalsdeildin Tottenham - Sunderland.
23.35 Enska úrvalsdeildin Blackburn - Hull City.

SKJÁREINN

10.10 Vörutorg
11.10 MotoGP - Hápunktar Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.
12.10 Dr. Phil (e)
15.55 High School Reunion (e)
16.45 The Biggest Loser (e)
17.35 Britain's Next Top Model (e)
18.25 Design Star (e)
19.15 The IT Crowd (e)
19.45 America´s Funniest Home Videos Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.
▶**20.10 Robin Hood - NÝTT** Í fyrsta þættinum kemur systir fógetans til Skíriskógar og hún er alveg jafnillgjörn og bróðir hennar. Saman ætla systkinin að steypa konungnum úr stóli. Guy, sem var niðurlægður á brúðkaupsdaginn, hyggur á hefndir gegn Marian og föður hennar.
21.00 Law & Order: SVU (2:22) Stabler og Fin rannsaka hvarf 17 ára stúlku með erfðasjúkdóm sem hefur orðið til þess að henni er strítt af skólafélögunum. Stabler fær líka nýjan félaga sem á eftir að setja mark sitt á næstu þætti á meðan Olivia Benson er að reyna að uppræta hryðjuverkasamtök.
21.50 Swingtown (2:13) Bruce og Susan Miller eru ennþá að átta sig á því hvort þau vilji halda áfram á sömu braut eftir svallveisluna hjá nágrönnunum. Bruce gengur allt í haginn í vinnunni og er boðið að fagna í Playboy-klúbbnum í Chicago. Janet reynir að vingast við nýja nágranna sína en áttar sig á því hversu mikilvæg Susan er í lífi hennar.
22.40 Sexual Healing (e)
23.30 Da Vinci's Inquest (e)
00.20 Trailer Park Boys (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku. Endursýnt á klukkustunda fresti.
20.45 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45 og 22.45.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45 - NÝTT

Numbers

Þessi trausti og vel gerði spennuþáttur hefur vaxið jafnt og þétt með hverri þáttaröð, jafnt hérlendis sem vestanhafs enda koma þeir úr smiðju bræðranna Ridley og Tony Scott. Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, leikinn af Rob Morrow (Northen Exposure), er varðstjóri hjá FBI en yngri bróðirinn er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning við lausn glæparannsókna

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Landsbankamörkin 2008

Stöð 2 sport kl. 22.00

Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson eru spekingarnir í Landsbankamörkunum og það má alltaf treysta því að þeir segi sína skoðun. Þeir félagar hafa slegið í gegn í sumar með hispurslausum og hnitmiðuðum athugasemdum enda báðir óhræddir að gagnrýna það sem á að gera betur.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlistargrúsk
09.03 Framtíð lýðræðis
10.05 Veðurfregnir
10.15 Druslubækur og doðrantar
11.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju.
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Í fótspor Guðjóns
14.00 Loftbelgur
14.30 Lostafulli listræninginn
15.00 Flækingur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Saga til næsta bæjar
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Óskastundin
19.40 Af minnisstæðu fólki
20.00 Leynifélagið
20.25 Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
21.05 Gonzo
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Umhverfis jörðina
23.10 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (256:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (257:260)
16.50 Hollyoaks (258:260)
17.15 Hollyoaks (259:260)
17.40 Hollyoaks (260:260)
18.00 Seinfeld (10:13)
18.30 Seinfeld (11:13)
19.00 Seinfeld (9:24)
19.30 Seinfeld (10:24)
▶**20.00 The Dresden Files** (2:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
20.45 Twenty Four 3 (13:24) Jack er á leið aftur til Los Angeles með Nínu. Henni tekst hins vegar að koma tölvuvírus inn í kerfið hjá CTU og lama starfsemina. Sherry hefur í nógu að snúast til að bjarga því sem bjargað verður.
21.30 Entourage (20:20) Verðlaunaþættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni.
22.00 Happy Hour (3:13) Henry ákveður að leigja íbúð með Larry sem er sjálfselskur og raunveruleikafirrtur glaumgosi. Larry útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.25 Seinfeld (10:13)
22.50 Seinfeld (11:13)
23.15 Seinfeld (9:24)
23.40 Seinfeld (10:24)
00.05 Sjáðu
00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Animal Hospital **13.30** Animal Hospital 1**4.00** Animal Hospital **14.30** Animal Hospital **15.00** Big Cat Diary **15.30** Big Cat Diary **16.00** Big Cat Diary **16.30** Big Cat Diary **17.00** Animal Park: Wild in Africa **17.30** Animal Park: Wild in Africa **18.00** Animal Park: Wild in Africa **18.30** Animal Park: Wild in Africa **19.00** Days that Shook the World **20.00** Blizzard - Race to the Pole **21.00** Terry Jones' Barbarians **22.00** Wild Indonesia **23.00** Days that Shook the World **0.00** Blizzard - Race to the Pole

DR 1

10.45 Boxen **10.50** NI HAO OL direkte **14.30** NI HAO OL højdepunkter **15.30** Postmand Per **15.55** Home things **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.05** Den menneskelige zoo **18.00** Kronprinsessen **19.00** TV Avisen **19.15** NI HAO aftenOL **20.10** Små og store sager **21.45** En sag for Frost **23.30** Fodboldens beskidte hemmelighed

NRK 1

10.00 Sommer-OL i Beijing. Høydepunkter fra OL **12.00** Sommer-OL i Beijing. Avslutningsseremoni **14.30** Galopp. Norsk Derby **15.30** Åpen himmel. Håp for livet **16.02** Lillefot og vennene hans **16.30** Energikampen 2007 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing. OL-studio med oppsummering **19.15** Miss Marple **20.50** Då Tall Ships Races kom til vesle Måløy **21.05** Kveldsnytt **21.25** Autofil **21.55** Læsø forever **22.55** Uka med Jon Stewart **23.20** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **14.30** För några grams skull **15.00** Sportoperan **16.00** Madicken **16.30** Sagoberättaren **17.00** Solens mat **17.30** Rapport **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Tävlingen Unga forskare **20.30** En bro över Wadi **21.00** Rapport **21.10** Den hårda linjen **21.55** Helvetets förgård - historien om en familj

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Hann hefur alltaf haft brennandi áhuga á leiklist og um leið og hann hafði þroska til var hann kominn upp á borð að leika fyrir fólk. Hann er hann sjálfur á myndum og hefur alltaf myndast vel. Ég er stolt af mínum strák, enda góður strákur.“

Hrönn Brynjarsdóttir um son sinn, Antoine Hrannar Fons, sem sat nýlega fyrir í ID magazine og er nýútskrifaður leikari.

HIN HLIÐIN EINAR ÖRN EINARSSON LEIKARI

Afrek að hafa eignast góða vini

Hvað er að frétta? Allt frábært. Er núna að æfa leikritið Óvita sem frumsýnt verður næsta laugardag hjá Leikfélagi Akureyrar og er að vinna með svo æðislegum krökkum sem umvefja mann krúttlegheitum. Svo er ég að springa af stolti af íslenska landsliðinu í handbolta.
Augnlitur: Grænn.
Starf: Leikari.
Fjölskylduhagir: Einhleypur.
Hvaðan ertu? Reykjavík, en ólst upp til tíu ára aldurs í Tansaníu í Afríku.
Ertu hjátrúarfullur? Já, frekar. Þegar ég var unglingur var mér til dæmis sagt að það boðaði ógæfu að stíga á ræsishlemm á götu. Ef manni varð á að gera það mátti bjarga sér frá ósköpum með því á fá einhvern til að banka þrisvar á bakið á sér. Stend mig stundum að því að banka á mitt eigið bak.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Top Gear. Mér þykir mest gaman að horfa á fræðsluefni.
Uppáhaldsmatur: Krónhjörtur og rækjuhringurinn sem mamma gerir.
Fallegasti staðurinn: Borgarfjörður eystri er með þeim fallegustu. Svo er fjarska fallegt hér á Akureyri.
iPod eða geislaspilari: iPod.
Hvað er skemmtilegast? Að hlæja! Sérstaklega í góðra vina hópi.
Hvað er leiðinlegast? Að bíða.
Helsti veikleiki: Ég er skelfilega eyðslusamur.
Helsti kostur: Jákvæður, hress og hef gaman af lífinu.
Helsta afrek: Að hafa eignast góða vini.
Mestu vonbrigðin: Hlýt að hafa bælt niður minninguna, dettur ekkert í hug.
Hver er draumurinn? Halda áfram að vinna við það sem ég er að gera.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Viktor Már, vinur minn er án efa með þeim fyndnustu sem ég þekki. Er líka svo heppinn að fá að vinna með honum hér fyrir norðan hjá leikfélaginu.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Neikvæðni.
Hvað er mikilvægast? Heilsan.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þorvaldur Davíð Kristjánsson er floginn aftur til New York og leitar nú húsnæðis, en skólaganga hans í Juilliard heldur áfram von bráðar. Eins og margur veit getur það verið snúið að finna íbúð við hæfi í stóra eplinu, en fátt stoppar þennan unga leikara, sem flestir treysta á að verði næsta stórstjarna Íslands.

Valgerður Rúnarsdóttir dansari gerir það gott án íslenska dansflokksins. Valgerður er búsett í Brussel, en hún dansar í belgíska verkinu Origine, sem hefur verið á ferðalagi frá því í febrúar og heldur því áfram út júní 2009. Þá er hún að vinna með **Ernu Ómarsdóttur** að nýju verki. Hún sér því væntanlega ekki eftir því að hafa horfið á vit ævintýranna í Evrópu.

Andrea Magnúsdóttir, sem stofnaði fyrirtækið Júníform með **Birtu Björnsdóttur** fyrir nokkrum árum en hvarf síðar frá því, stundar nú nám í fatahönnun í Kaupmannahöfn. Hún hefur á síðustu árum meðal annars komið að hönnun línunnar Moss fyrir Gallerý 17 en er nú með enn stærri áform. Innan skamms mun hún opna vefverslunina andrea.is, þar sem hún hyggst selja hönnun sína undir merkinu AndreA.

- kbs, sun

MYSTERY

DECAY

ABANDONMENT

ÍSLENSK DRAMATÍK

Dularfullt Jökulsárlón, eyðibýli og yfirgefin þvottavél eru á meðal myndefna Söndru á ljósmyndasýningu hennar í Melbourne, sem hefur yfirskriftina Einangrun.

SANDRA JÓHANNSDÓTTIR: HELDUR LJÓSMYNDASÝNINGU Í MELBOURNE

Færir Áströlum íslenska einangrun

„Ég ákvað að flytja til Melbourne í Ástralíu eftir hvatningu frá stúlku sem ég kynntist þegar ég bjó í Danmörku,“ segir Sandra Jóhannsdóttir, 26 ára ljósmyndari. Sandra hefur búið í Melbourne síðustu fimm mánuðina, þar sem hún mun opna sína fyrstu ljósmyndasýningu í byrjun september.

Sandra nam fyrst ljósmyndun í Ljósmyndaskóla Sissu og vann við tímaritið Veru áður en hún hélt til Danmerkur, þar sem hún lagði stund á nám í stafrænni ljósmyndun í Köbenhavns tekniske skole.

„Ég hafði verið með það svona á bak við eyrað að opna sýningu og hugsaði með mér að viðfangsefnið yrði eflaust ástralskt,“ útskýrir Sandra. Svo fór þó ekki. „Fyrst eftir að ég kom til Ástralíu var hins vegar alltaf eitthvað að minna mig á Ísland. Múm hélt tónleika, hérna var haldin íslensk kvikmyndahátíð og svo spilaði Sigur Rós hérna í byrjun ágúst. Þegar ég fann hvað það virtist vera til staðar mikill áhugi fyrir landinu ákvað ég að hafa yfirskrift ljósmyndasýningarinnar Isolation, eða Einangrun, með myndum frá Íslandi sem sýna samband fólksins og náttúrunnar og hversu dramatískt landið getur verið, en það er einmitt það sem ég elska við Ísland,“ segir Sandra.

Ljósmyndir hennar verða til sýnis í Louey and Lane Gallery í Melbourne, og stendur sýningin yfir frá 3. til 23. september.

Aðspurð segist Sandra njóta lífsins í Melbourne til hins ýtrasta. „Borgin er kölluð listamannaborg Ástralíu, enda er menningarlífið mjög áhugavert og það er mikið um tónleika og alls kyns listasýningar,“ segir Sandra, sem kveðst þó stefna á að flytja aftur til landsins þegar eins árs landvistarleyfi hennar í Ástralíu lýkur. „Þá vona ég bara að ég fái tækifæri til að vinna við það sem ég elska að gera – að taka myndir,“ segir Sandra.

alma@frettabladid.is

NÝTUR LÍFSINS Sandra kann vel við sig í Melbourne, enda borgin oft sögð vera listamannaborg Ástralíu.
MYNDIR/SANDRA JÓHANNSDÓTTIR

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Spánverja
2. Þrír
3. Sölva Ford

Rekur gallerí fyrir 220 íbúa

Gallerí Dynjandi á Bíldudal opnaðist aftur í vor eftir að hafa legið niðri um skeið. Galleríið er rekið af Jóni Þórðarsyni, fyrrverandi kaupmanni, en hann rekur einnig ferðaþjónustu í bænum og stundar útgerð. Á Bíldudal búa um 220 manns og þykir mörgum eflaust skrítið að í bænum sé rekið gallerí en engin matvöruverslun. „Ég lagði niður matvöruverslunina árið 2002, þegar fólki fækkar svona mikið þá er erfitt að reka verslanir. Heimamenn komast þó í nauðsynjavörur á veitingahúsinu Vegamótum,“ segir Jón.

Hann kveðst sjálfur ekki vera listamaður, en er mikill áhugamaður um list. „Gallerí Dynjandi nýtist ekki bara sem sýningarrými heldur eru hér einnig haldnir tónleikar og leiksýningar,“ útskýrir Jón, en að auki býðst listamönnum vinnuaðstaða í galleríinu.

Sex sýningar hafa verið haldnar í galleríinu síðan í vor og nú stendur yfir sýning þýsku listakonunnar Hönnu Woll. „Hún vinnur verk sín í stein og gaf einmitt bænum eitt verk sem sýnir þrjú tröll á siglingu og táknar það höfuðvindáttirnar á Bíldudal,“ segir Jón, sem mun starfrækja galleríið áfram í vetur. „Það er ekki komin föst dagskrá, en það verða nokkrar sýningar í gangi,“ segir Jón.

- sm

VINNUR Í STEIN Hanna Woll, frá Þýskalandi, sýnir verk sín í Dynjanda fram í september.
MYND/JÓN ÞÓRÐARSON

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Innritun hefst miðvikudaginn 20. og stendur til 27. ágúst.
TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigi 1 – IS - 105 Reykjavík
Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar á skrifstofu skólans Engjateigi 1 sem er opin virka daga kl. 12 - 18.
Jafnframt eru nemendur beðnir að afhenda afrit af stundaskrám sínum.
Nokkur pláss laus í forskóla í Árbæ og Breiðholti. Síðustu forvöð að staðfesta umsóknir um nám Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar í síðasta lagi 27. ágúst.
Skrifstofa skólans Engjateigi 1 er opin virka daga kl. 12 - 18.
Skólastjóri

FORELDRAHÚS

Á NÝJUM STAÐ

Borgartún 6, 2. hæð 105 Reykjavík

Vetrarstarfið að hefjast

NÁMSKEIÐ - VIÐTÖL - RÁÐGJÖF

- Sjálfsstyrking-námskeið

Námskeiðið er tvískipt og er byggt upp á líkan hátt:
- **Börnin okkar** *10 -12 ára*
- **Sjálfsstyrking unglinga** *13 - 17 ára*

Verkefnavinna og umræðuefni eru sniðin og löguð að hverjum aldurshópi fyrir sig. Tekið er mið af þroska og hæfni þátttakenda. Markmið að námskeiði loknu er að þátttakendur sjái sig í jákvæðara ljósi og beini hugsunum sínum að sínum sterku hliðum og efli þær.
- Námskeið stendur yfir í tíu vikur.
- Foreldrar mæta í tvö skipti með börnum sínum.
- Kennslan fer fram í Foreldrahúsinu.

MARKMIÐ NÁMSKEIÐANNA:
Byggja upp sjálfstraust
Byggja upp þekkingu á tilfinningum
Byggja upp félagsleg tengsl
Byggja upp samskiptahæfni
Byggja upp sjálfsþekkingu

Allar nánari upplýsingar eru í símum 511-6161 eða 511-6160

- Foreldrahópar

Hér geta foreldrar sem eiga börn í vanda komið saman undir handleiðslu ráðgjafa og miðlað reynslu sinni, styrk og von. Mikilvægt er að foreldrar finni að þau eru ekki ein og hitti aðra sem skilja aðstæður og hafa upplifað það sama og það sjálft.
Þegar fólk kemur í hópinn er það að stíga ákveðin skref úr einangrun, tekst á við sorg og vonbrigði og finnur betri leið til að takast á við vandann.

Allar nánari upplýsingar eru í símum 511-6161 eða 511-6160

- Foreldranámskeið

NÝTT!

- Fyrirlestrar

NÝTT!

- Listsköpun - námskeið

NÝTT!

Námskeið fyrir börn á aldrinum 10-11 ára og unglinga 13-15 ára þar sem lögð er áhersla á frjálsa tjáningu í gegnum myndlist, leik og ritun. Einstaklingurinn fær tækifæri til þess að kynnast sjálfum sér og öðrum í skapandi, frjálsu og traustu umhverfi. Hóparnir eru kynjaskiptir og hámarksfjöldi eru 8 einstaklingar.

- Viðtöl

Viðtöl eru bæði persónuleg og í gegnum síma.
Boðið er upp á einstaklingsviðtöl og fjölskylduviðtöl.
Viðtölin eru fyrir börn, unglinga, foreldra og aðra aðstandendur.
Í viðtölunum er leitast við að greina vandann og finna viðeigandi úrræði fyrir alla fjölskylduna.

Allar nánari upplýsingar eru í símum 511-6161 eða 511-6160

- Eftirmeðferðin

Eftirmeðferðin er fyrir unglinga sem hafa átt í vanda og hafa farið í meðferð. Mikilvægt er að unglingurinn viti af áframhaldi strax eftir vímuefnameðferð en Eftirmeðferðin eykur líkurnar á að unglingurinn geti viðhaldið þeim bata sem hann náði í meðferðinni. Í Eftirmeðferðinni er vel haldið utan um unglinginn og honum hjálpað við sín fyrstu skref í átt til heilbrigðs lífernis.

Öll vinna við Eftirmeðferðina er í höndum fagfólks.

- Foreldrasíminn

581 1799

Foreldrasíminn *sem aldrei sefur*
- er opinn allan sólarhringinn alla daga ársins.
Foreldrar geta hringt á hvaða tíma sólarhringsins sem er til að fá leiðbeiningar og upplýsingar um hvert þeir geta leitað.

Skráning á námskeið stendur yfir

Fagfólk annast ráðgjöf og námskeið á vegum Foreldrahúss

VÍMULAUS ÆSKA

FORELDRAHÚS

www.vimulaus.is
Borgartún 6 105 Reykjavík Sími 511 6161

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur

Strákarnir okkar

Það var sérstök stund að sitja í taugatrekktum hópi Íslendinga á írskum pöbb á Strikinu á föstudag og fylgjast með leiknum. Það virtist gefa hópnum ákveðna hugarfró að hér í Köben fengjum við að fylgjast með landsliðinu ná þessum æðislega árangri. Það var ekki síður stemmning að sjá kvöldfréttirnar hjá Dönunum þar sem talað var um „olympisk sensation" og sýnt viðtal við rífandi montinn forseta Íslands sem lýsti því yfir að ekki yrði unnið meira á Íslandi þann daginn, nú væri fest hjá þjóðinni.

MÉR fannst ég skynja skilning Dana á gleði forsetans enda kom fram að árangur Íslendinga væri helt fantastisk. Hérna þykjumst við þó jafnframt skynja að örli á öfund, að það sé kalt a toppnum, því vitaskuld hefur verið kannað hvar verði hægt að horfa á úrslitaleikinn. Og það var kurr í hópi Íslendinga þegar einhverjir fóru að halda því fram að Daninn ætlaði ekki að sjónvarpa leiknum, mögulega fengi handboltinn að víkja fyrir úrslitaleik i vatnapóló. En auðvitað er það vitleysa og einhver knæpa borgarinnar verður hertekin fyrir leikinn.

VIÐ rifjuðum það upp nokkrar konur þar sem við sátum yfir leiknum góða að við eigum flestar sammerkt að hafa verið skotnar í landsliðsmanni. Það er meira en handboltinn sem heillar. Ég man eftir því að hafa horft á leiki með pabba 10 ára og brosað með sjálfri mér þegar ég áttaði mig á þessu, enda lítil ástæða til að deila þessum kenndum með pabba gamla. Ætli það sé ekki hluti af þroskaferli hverrar íslenskrar konu að verða skotin í landsliðsmanni í handbolta. Aðrar íþróttir hafa ekki framkallað þjóðarhetjur eins og handboltaíþróttin.

HANDBOLTAMENN hafa fengið sess sjómannsins, sem er hin rammíslenska karlmannshetja. Engir aðrir hafa komist nærri þeim þó reynt hafi verið að segja þjóðinni í góðærinu að hin íslenska glansmyndahetja væri bankamaðurinn, sem hefði innsýn, snerpu og hraða sem aðrir bankamenn heimsins ekki byggju yfir. En nú blasir sókn bankamanna ekki alveg við á meðan handboltaliðið heldur uppi heiðri þjóðarinnar. Spennan verður óbærileg en skemmtileg í dag og í öllu falli blasir við að tilefni til að fagna verður ærlegt fyrir íslenska helgargesti í Köben – áfram Ísland!

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 24. ágúst, 237. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.47	13.30	21.10
Akureyri	5.24	13.15	21.03

Heimild: Almanak Háskólans

London
8 x í viku
København
9 x í viku

Haustboðinn ljúfi!

Tryggðu þér flugsæti fyrir næsta vetur á betra verði til London, Kaupmannahafnar, Berlínar, Varsjár, Friedrichshafen eða Alicante.

Bókaðu núna á www.icelandexpress.is

Börn:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju

Fíton/SÍA





www.icelandexpress.is